



SKOÐUN Arni Páll Arnason segir Sjálfstæðisflokkinn flýja pólitíska ábyrgð. **27**



MENNING Samviskan friðuð með sýningu um langömmu leikstjórans. **36**



LÍFÍÐ Jólásýning Þjóðleikhússins byggir á Sjálfstæðu fólki Halldórs Laxness. **54**



SPORT Guðjón Pétur Lýðson jafnaði sextán ára met Arnórs Guðjohnsen. **50**



THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

50
1964-2014
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • e@ef.is • www.ef.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

28. ágúst 2014
201. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Þöddur nema land

Með hlýnandi loftslagi hefur skordýrum sem ná föttfestu hérlendis fjölgað til muna. Spánarsnigillinn veldur mestum áhyggjum. **10**

Aldraðir vannæðir Of langur tími líður iðulega frá því aldraðir á hjúkunarheimilum nærast á kvöldin þar til þeir fá aftur að borða að morgni næsta dags. **4**

Styðja Hönnu Birnu Trúnaðarmenn í innra starfi Sjálfstæðisflokksins styðja innanríkisráðherra. Fæstir vilja þó tjá sig um mál hennar. **6**

Vara neytendur við Neytendastofa skorar á fólk að vera á varðbergi eftir könnun á mun á hilluverði og kassaverði í matvöruverslunum á Akureyri. **20**



Bolungarvík	12°	NA	3
Akureyri	15°	A	2
Egilsstaðir	16°	SA	4
Kirkjubæjarkl.	12°	SA	6
Reykjavík	15°	A	7

Milt í veðri Í dag má búast við strekkingi allra syðst en hægari vindi annars staðar. Þjart með köflum eða léttskýjað víða en súld SA-til. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Hannyrðir | Rýksugur | Fólk



Nýnasistar misnota félag íslenskra ásatrúarmanna

Erlendir aðilar hafa notað íslenska ásatrúarfélagið ranglega til að gefa, stundum öfgafullum, málstað sínum meiri vigt. Allsherjagoði segir að Ísland sé álitíð „Róm norðursins“ í hugum margra sem aðhyllast ásatrú.

TRÚMÁL „Við höfnum því að Ásatrú sé notuð til að réttlæta kynþáttahyggju, hernaðarhyggju eða dýraförnir,“ segir í yfirlýsingu Ásatrúarfélagsins.

Tílefnið er ítrekaðar tilraunir erlendra einstaklinga og hópa til að spyrða öfgafullar skoðanir við Ásatrúarfélagið og gefa málstað sínum frekari vigt.

„Þetta er yfirlýsing sem hefði helst átt að koma út einu sinni á ári undanfarin 38 ár,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjagoði.

Árlega kemur fjöldi erlendra gesta til Ásatrúarfélagsins.

Hilmar segir suma telja sig, að lokinni heimsókn, geta talað fyrir hönd trúfélagsins.

„Fólk hefur látið líta út fyrir að einhverjar þýðingar sem það er að bulla með séu gerðar með okkar velþóknun. Við viljum ekki að verið sé að nota nafnið okkar til að gefa því sem það er að gera einhvers konar gildi.“

Hilmar segir fjölda öfgahópa tengja sig við ásatrú. „Þarna er lið sem er hægra megin við Hitler sem í sumum tilfellum notar ásatrú sem yfirvarp.“ Hann segir afkima bandaríska safnaðarins Christian Identity hafa

RÉTTLÆTA RASISMA MEÐ ERFÐAHYGGJU

Hilmar Örn segir að ástæða yfirlýsingarinnar nú sé klofningur sem sé að eiga sér stað í danska ásatrúarsöfnuðinum Forn siðr. Hluti safnaðarins hefur tekið upp kenningar bandaríska kennismíðsins Stephens McNallen um að trúin sé þeim að einhverju leyti í blóð borin. Í helsta kenniriti Stephens segir meðal annars: „Þess vegna er trúin [ásatrú] ekki fyrir allt mannkyn, heldur frekar trú sem kallar á sína.“

tengt sig ásatrú. „Svo kom í ljós að það var bara arísk kristni. Einhver nasistakristni. Við ítrekum að þetta eru ekki við,“ segir Hilmar. -ssb



„Þarna er lið sem er hægra megin við Hitler sem í sumum tilfellum notar ásatrú sem yfirvarp.“

Hilmar Örn Hilmarsson allsherjagoði



SÖGULEG STUND Strákarnir í íslenska körfuboltalandsliðinu skrifuðu nýjan kafla í sögu íslensks körfubolta í gærkvöldi þegar liðið tryggði sér sæti á EM þrátt fyrir tap gegn Bosníu. Sjá síðu 48

Götulist í nýjar hæðir: Verðmæt list á borgarveggjum

MYNDLIST Charles Uzzell-Edwards, götulistamaður og gallerieigandi, betur þekktur undir listamannsnafninu Pure Evil, hefur skilið eftir sig meira en 30 verk víðs vegar um Reykjavík.

„Þetta er bara snilld, þetta fær góða athygli,“ segir Georg Þór Ágústsson hjá Innrammaranum á Rauðarárstíg, spurður um hvað honum finnst um að hafa verk eftir frægan götulistamann framan við búðina.

Uzzell-Edwards er þekktur í heimi götulistar og eru verk hans metin á allt að sjö hundruð þúsund krónur.

Veggverk Uzzell-Edwards má meðal annars finna á Rauðarárstíg og Grettisgötu.



CHARLES UZZELL-EDWARDS

- þj / sjá síðu 42

Jarðvísindamenn útiloka ekki að eldgos hafi orðið suður af Bárðarbungu:

Stórir sigkatlar sjást í Vatnajökli

NÁTTÚRA Stórir sigkatlar og sprungur á allt að sex kílómetra kafla hafa myndast í Vatnajökli. Samhæfingarstöð Almanna var virkjuð samstundis þegar flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, lenti í Reykjavík í gærkvöldi.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun á tólfða tímanum í gærkvöldi höfðu vísindamenn ekki getað staðfest hvort eldgos sé ástæða ummerkjanna á jöklinum.

Víðir Reynisson, deildarstjóri hjá Almanna, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að aðstæður til rannsókna yfir jöklinum hefðu verið erfiðar í gær. Hins vegar lægi fyrir að sigkatlarnir og sprungurnar eru mjög sunnarlega í jöklinum. Svo sunnarlega að ekki var vitað hvort hugsanleg umbrot á kvikuganginum eru á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum eða Grímsvatna.

Víðir útilokar ekki, ef umbrot hafa orðið, að vatnið hafi runnið til Grímsvatna og því hafi engin breyting orðið á rennsli Jökulsár. Mælingar á umbrotasvæðinu í norðanverðum Vatnajökli sýna færslu á yfirborði sem nemur um 40 sentimetrum. Það er rúmlega tuttuguföld glíðun á Íslandi að meðaltali á ári. Glíðunin hefur tvöfaldast á aðeins fimm dögum.

- shá / sjá síðu 8

GREEN APPLE

AMINO ENERGY

TRUE STRENGTH | ON

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

MUNDU EFTIR TILBOÐSHEFTINU!

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA



NÆRÐU HUGANN

FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Í UPPHAFI HAUSTMISSERIS

MENNING

Berlín: Hin nýja miðja Evrópu
skráningarfrestur til 15. september

Nepal
skráningarfrestur til 15. september

Undraheimur Þingvalla
skráningarfrestur til 15. september

Orkneyingasaga
mánudagsmorgunn – skráningarfrestur til 15. september
þriðjudagskvöld – skráningarfrestur til 16. september
miðvikudagsmorgunn – skráningarfrestur til 17. september
fimmtudagskvöld – skráningarfrestur til 18. september

Fortíðin í íslenskum fagurbókmenntum
skráningarfrestur til 18. september

PERSÓNULEG HÆFNI

Öflugt sjálfstraust
skráningarfrestur til 8. september

Úr neista í nýja bók
skráningarfrestur til 11. september

Listin að mynda norðurljós
skráningarfrestur til 15. september

Markviss framsögn og tjáning
skráningarfrestur til 16. september

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Offita og ofþyngd barna og unglunga – Leiðir að lausnum
skráningarfrestur til 12. september

Samleið til hinstu stundar - Sálgæsla við þau sem horfa
fram til eigin dauða og aðstandendur þeirra
skráningarfrestur til 24. september

UPPLÝSINGATÆKNI

Prófun hugbúnaðar. Software Testing Foundations
with ISTQB Certification
skráningarfrestur til 26. ágúst

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Verktaki eða launþegi
skráningarfrestur til 10. september

Hagfræði fasteignamarkaða
skráningarfrestur til 15. september

Excel PowerPivot
skráningarfrestur til 17. september

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Evrópski stálstaðallinn EN 1993
skráningarfrestur til 10. september

Rekstrarhagfræði raforkukerfa og eftirlit
skráningarfrestur til 11. september

BIM aðferðafræðin: Ávinningur, hönnun og ferli
skráningarfrestur til 11. september

STJÓRNUN OG FORYSTA

Leiðtogahæfni og leiðtogastílar
skráningarfrestur til 9. september

Stjórnun nýsköpunar
skráningarfrestur til 15. september

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
skráningarfrestur til 16. september

Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda
skráningarfrestur til 19. september

STARFSTENGD HÆFNI

Excel I
skráningarfrestur til 8. september

Útstillingar og framsetning vöru
skráningarfrestur til 9. september

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
skráningarfrestur til 10. september

Skjátæpýðingar fyrir sjónvarp og kvikmyndahús
skráningarfrestur til 10. september

Móttaka nýliða á vinnustað
skráningarfrestur til 12. september

Markviss framsögn og tjáning
skráningarfrestur til 16. september

Að takast á við ógnandi hegðun skjólstaðinga eða viðskiptavini
skráningarfrestur til 18. september

Verkefnastjórnun – fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 18. september

TUNGUMÁL

Þýska fyrir byrjendur I
hefst 1. september

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
skráningarfrestur til 8. september

Practical English
skráningarfrestur til 8. september

Hagnýt norska fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga
skráningarfrestur til 8. september

Spænska I
skráningarfrestur til 9. september

Ítalska fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 9. september

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
skráningarfrestur til 10. september

UPPELDI OG KENNSLA

Textavinnsla, töflureiknir o.fl. – Notkun upplýsingatækni í skólastofunni
skráningarfrestur til 15. september

Raspberry Pi
skráningarfrestur til 18. september

Að leggja grunninn – Hagnýtar og gagnreyndar aðferðir
í beitingu snemmtækrar íhlutunar í málörvun
skráningarfrestur til 19. september

SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

SVONA ERUM VIÐ



14.859 stökkendur rötudu í veiðiskýrslur árið 2009, en veiði frá 1995 hefur verið um 10.000 fuglar.

Nýir aðilar eignast kröfur á gamla Landsbankann vegna Icesave fyrir millöngu Deutsche bank: Hollendingar seldu kröfur vegna Icesave

EFNAHAGSMÁL Hollenski seðlabankinn hefur selt allar kröfur sem bankinn á í þrotabú gamla Landsbankans vegna Icesave-reikninganna. Þetta kemur fram í tilkynningu sem birtist á vef hollenska seðlabankans í gærmorgun. Þar segir að ákvörðunin hafi verið tekin í samráði við hollenska fjármálaráðuneytið. Kröfurnar voru seldar fyrir milligöngu Deutsche bank.

Upphafleg krafa hollenska seðlabankans á gamla Landsbankann nam rúmlega 1,6 milljörðum evra, sem eru um 252 milljarðar íslenskra króna miðað við núverandi gengi krónunnar. Ákveðið var að hollenski bankinn myndi greiða hollenskum innstæðueigendum innstæður þeirra á Icesave-reikningunum eftir að reikningunum var lokað í byrjun október 2008.

Í tilkynningu hollenska seðlabankans segir að bankinn eigi nú enga kröfu á gamla Landsbankann.

Af upprunalegri 1,6 milljarða

Upphafleg Icesave-krafa Hollendinga nam sem svarar 252 milljörðum króna.

evra kröfu hafði gamli Landsbankinn þegar greitt 932 milljónir evra, eða 143 milljarða króna miðað við núverandi gengi. Hollendingar hafa, ásamt Bretum, höfðað mál gegn íslenska innstæðutryggingasjóðnum vegna vaxta. Sala á kröfunum breytir engu um það dómsmál.

- jhh

→ Upphafleg Icesave-krafa Hollendinga nam sem svarar 252 milljörðum króna.



ICESAVE Bankareikningarnir í Bretlandi og Hollandi eru eitt mesta hitamáli á Íslandi eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ENDURTALNING Bæðir frambjóðendur höfðu fallist á endurtalningu atkvæða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abdúllah hættir við: Vill ekki lengur endurtalningu

AFGANISTAN, AP Forsetaframbjóðandinn Abdúllah Abdúllah, fyrrverandi utanríkisráðherra Afganistans, ákvað í gær að hætta við að taka þátt í endurtalningu atkvæða úr seinni umferð forsetakosninga, sem haldnar voru í júní.

Bæði hann og mótframbjóðandinn, Ashraf Ghani Ahmadzaí, fyrrverandi fjármálaráðherra, höfðu fallist á endurtalningu og létu stuðningsmenn sína fylgjast með framkvæmd hennar.

Talsmaður Abdúllahs sagði í gær að ekkert væri að marka endurtalninguna. Í fyrstu talningu hafði Ashraf Ghani fengið fleiri atkvæði. -gb

Maður úrskurðaður í farbann: Tekinn með barnaníðsefni

LÖGREGLUMÁL Íslenskur karlmaður á sextugsaldri hefur verið úrskurðaður í farbann til 16. september vegna þúsunda barnaníðsmynda sem fundust í tölvu hans.

Maðurinn var handtekinn við komuna til Íslands þann 1. ágúst síðastliðinn. Þá hafði tollgæslan hann grunaðan um að hafa í förum sínum barnaníðsefni.

Á tölvu mannsins fundust um 36 þúsund ljósmyndir sem sýndu unga drengi á kynferðislegan hátt. Jafnframt er unnið að því að endurheimta myndbönd sem lögregla telur að hafi verið á tölvunni. Maðurinn er dæmdur kynferðisbrotaður. -ssb

Vannæðir eftir nætursveldi

Sænskur prófessor segir að vegna skorts á starfsfólki á kvöldin á heimilum fyrir aldraða séu sumir háttáðir snemma og missi þess vegna af kvöldhressingu. Löng næturfasta getur leitt til vannæringar. Ingibjörg Hjaltadóttir dósent telur lítinn hóp hér missa af hressingunni. Aldraðir séu þó í mikilli hættu á að nærast ekki nóg.

HEILSA Sænskur prófessor í öldrunarlækningum, Yngve Gustafsson, segir yfir helming íbúa á heimilum fyrir aldraða í Svíþjóð vera í lífs-hættu vegna vannæringar.

Sænska ríkissjónvarpið hefur það eftir prófessornum að næturfastan, það er tíminn frá síðustu máltíð dagsins til morgunverðar næsta dags, megi ekki vera lengri en 11 klukkustundir. Næturfastan geti hins vegar orðið miklu lengri. Vegna skorts á starfsfólki á kvöldin sé sumt af gamla fólkinu háttáð snemma. Það leiði til þess að það fái ekki svokallaða kvöldhressingu.

Guðný Jónsdóttir, næringarrekstrarfræðingur á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, segir kvöldmat þar vera borinn fram klukkan 18. Kvöldhressing sé klukkan 20 og morgunmatur klukkan 8 til 10.

„Hjúkrunarfræðingar fara oft með banana eða annað inn til fólks milli klukkan 20 og 22 á kvöldin eða á öðrum tímum. Ég held að það sé sjaldgæft að fólk sé sofnað fyrir klukkan 20.“

Ingibjörg Hjaltadóttir, dósent og hjúkrunarfræðingur, segir að þeir sem sofn fyrir kvöldhressingu séu sennilega þeir sem orðnir eru lélegastir til heilsunnar.

„Það er greinilega lítill hópur því rannsókn sem gerð var á hjúkrunarheimilum árin 1999 til 2009 sýnir að næringarástand íbúa hjúkrunarheimila er gott. Fjöldi þeirra sem léttist var þrjú til níu prósent. Þessi útkoma var betri en gæðaviðmið sem sett hafa verið á Íslandi og eru 15 prósent. En að sjálfsögðu er mikil hættu á að aldraðir fái ekki næga næringu.“

Rannsókn sem Ingibjörg gerði árið 2003 á sextíu sjúklingum eldri en 65 ára, sem komu inn á öldrunardeildir Landspítala, leiddi í ljós að 58 prósent þeirra voru vannærd.

Heiða Björg Hilmisdóttir, næringarrekstrarfræðingur og deild-



Í ELDHÚSINU Í SÓLTÚNI „Ég held að það sé sjaldgæft að fólk sé sofnað fyrir klukkan 20,“ segir Guðný Jónsdóttir næringarrekstrarfræðingur. Máltíðir í Sóltúni eru samkvæmt ráðleggingum landlækniseimbættisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

arstjóri eldhúss og matsala á Landspítala, segir vannæringu alls staðar vandamál hjá öldruðum.

„Það er mikilvægt að ekki líði langur tími milli máltíða. Margir þeirra sem leggjast inn á sjúkrahús koma vannærdir. Við erum að innleiða aðferð til að meta hverjir eru í hættu. Það vantar tengingu milli borgar og ríkis til að fylgja eftir næringarástandi fólks eftir að það útskrifast af spítalanum.“

Ólöf Guðný Geirsdóttir, lektor og matvæla- og næringarfræðingur á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum, telur vannæringu algenga meðal þeirra sem búa heima og eru ekki fullfrískir.

„Margir þeirra fá sendan mat

heim í hádeginu. Maturinn er reiknaður sem ein máltíð en gamla fólkið hefur hluta hans fyrir kvöldmáltíð. Þar með er það í raun að borða helmingi minna en miðað er við að það ætti að gera. Hjá borginni eru teymi sem fylgjast með skólamáltíðum en þar eru ekki teymi sem fylgjast með heimsendingu matar til aldraða. Ekki er fylgst með næringarástandi þeirra sem þiggja þjónustuna.“

Sænski prófessorinn bendir



HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR



INGIBJÖRG HJALTADÓTTIR




ÓLÖF GUÐNÝ GEIRSDÓTTIR

á að vannæring leiði til veikara ónæmiskerfis og þar með eigi einstaklingarnir á hættu á að fá lífshættulegar sýkingar. Nokkrir þeirra sem voru mest vannærdir voru ekki grannir, að því er segir á vef sænska ríkissjónvarpsins.

ibs@frettabladid.is

Veðurspá



MILT Í VEDRI Veðurspáin lítur ljómandi vel út fyrir næstu daga, yfirleitt hægur vindur og hlýtt í veðri. Lítilsháttar úrkoma, einkum sunnan- og suðaustantil en annars skýjað með köflum og jafnvel léttskýjað, einkum norðantil.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

nettó24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ GRANDA OG MJÓDD DAG SEM NÓTT

ÚRVALIÐ AF LAMBAKJÖTI ER Í NETTÓ



nettó
Kræsingar & kostakjör

GOÐI
-alltaf góður

Margir af helstu trúnaðarmönnum innan Sjálfstæðisflokksins segjast styðja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, varaformann flokksins:

Varaformaðurinn nýtur stuðnings trúnaðarmanna

Margir af helstu trúnaðarmönnum úr innra starfi Sjálfstæðisflokksins lýsa stuðningi við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra. Forystu flokksins skipa, auk formanns og varaformanns, fjórir formenn landsambanda. Halldór Blöndal, fyrrverandi samgönguráðherra og þingmaður til margra ára, er formaður Samtaka eldri sjálfstæðismanna. Hann segist styðja afstöðu Bjarna Benediktssonar, formanns flokksins, til málsins og telur að Bjarni hafi staðið sig

vel. Bjarni hefur lýst trausti í garð Hönnu Birnu „Og ég geng út frá því að Hanna Birna skýri satt og rétt frá,“ segir Halldór Blöndal. Magnús Júlíusson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, segir málið erfitt. „Það er ekki enn komin endanleg niðurstaða. Mér finnst eðlilegt að hún svari þessu bréfi frá umboðsmanni og eftir það er hægt að taka stöðuna.“ segir Magnús. Hún hafi ítrekað lýst yfir sakleysi sínu og það sé ekki annað hægt en að trú á því.

Af ellefu formönnum fulltrúaráða Sjálfstæðisflokksins sem Fréttablaðið náði sambandi við vildu sex þeirra ekki tjá sig. Guðjón Hjörleifsson, formaður fulltrúaráðsins í Vestmannaeyjum og fyrrverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, telur eðlilegt að bíða niðurstöðu í athugun umboðsmanns Alþingis. Hann bendir á að Elliði Vignisson, bæjarstjóri hafi tjáð sig um mál Hönnu Birnu að undanfögnu. Elliði hefur í tveimur pistlum sem hafa birst á vefsvæði hans lýst eindregn-



HANNA B. KRISTJÁNSDÓTTIR



HALLDÓR BLÖNDAL



GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON



MAGNÚS JÚLÍUSSON

um stuðningi við varaformanninn. Aðrir formenn fulltrúaráða sem svöruðu Fréttablaðinu lýstu yfir

stuðningi og töluðu sumir um að hún hefði mátt þola miklar árásir að undanfögnu. -jhh

Umboðsmaður ekki brotið reglur

Innanríkisráðherra gagnrýndi umboðsmann Alþingis harðlega vegna birtingu á bréfi áður en hægt var að koma að andmælum. Sérfræðingar segja umboðsmann ekki hafa brotið reglur en birtingin sé ekki vandaðir stjórnsýsluhættir. Fréttablaðið skoðar embættið ítarlega.

STJÓRNSÝSLA Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra gagnrýndi vinnubrögð Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, harðlega í yfirlýsingu sem hún sendi fjölmiðum í gær.

Tilfnið var bréf umboðsmanns til hennar vegna rannsóknar á lekamálinu svokallaða, en hann hefur ákveðið að taka samskipti ráðherra og Stefáns Eiríkssonar, fyrrverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, til formlegrar athugunar.

Birting bréfsins sama dag og það var sent ráðherra og máls- hradinn hjá umboðsmanni hafa verið umdeild en lögfræðingar sem Fréttablaðið ráðfærði sig við segja engar reglur hafa verið brotnar af umboðsmanni.

En hvað er embætti umboðsmanns og hvers vegna tekur umboðsmaður Alþingis það upp hjá sjálfum sér að rannsaka málið?

Hefur eftirlit með stjórnsýslu

Umboðsmaður Alþingis er kosinn beint af þinginu til fjögurra ára í senn. Samkvæmt núgildandi lögum um embættið skal það hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Það eru því einkum athafnir stjórnsýslu sem falla undir starfssvið umboðsmanns en hann fjallar ekki aðeins um ákvarðanir og úrlausnir þeirra heldur einnig málsmeðferð þeirra og framkomu starfsmanna.

Til umboðsmanns getur hver sá kvartað sem telur stjórnsýslu hafa beitt sig rangindum en auk þess að taka við kvörtunum getur umboðsmaður tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði. Þannig getur hann fjallað um hvers konar háttsemi stjórnsýslu sem honum þykir rannsóknarverð. Málið sem nú er til rannsóknar á samskipt-

um ráðherra og lögreglustjóra er slíkt mál.

Á síðasta ári stofnaði umboðsmaður aðeins til einnar frumkvæðisathugunar. Árið 2012 voru þær tvær en árið 2011 voru þær hins vegar níu talsins og fleiri árin áður. Skýringuna má rekja til fjölgunar á kvörtunum sem bárust embættinu frá og með árinu 2011 en samkvæmt ársskýrslu þess árs fjölgaði þeim um 40 prósent. Þó hefur starfsmannafjöldi embættisins haldist sá sami. Því hefur minni tími gefist til að taka upp mál að eigin frumkvæði og almennur afgreiðslutími mála hefur lengst.

Gagnrýna vinnubrögð

Bæði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tóku undir gagnrýni Hönnu Birnu í gær og átöldu að hún hefði ekki fengið tækifæri til að svara bréfi umboðsmanns til að koma að andmælum áður en bréfið var gert opinbert, sem og að það hafi verið gert á meðan málið er enn til meðferðar. Í kvöldfréttum Stöðvar tvö í fyrradag sagði Birgitta Jónsdóttir, kaft-einn Pírata, að nú myndu hefjast árásir til að grafa undan trúveru- ugleika embættis umboðsmanns Alþingis.

Þeir lögfræðingar sem Fréttablaðið hefur haft samband við vegna málsins segja að ljóst sé að umboðsmaður hafi ekki brotið nein lög eða reglur með því að birta bréfið samdægurs.

Í fyrra hóf embættið að birta bréf vegna frumkvæðisathugana samdægurs á vef umboðsmanns, annars vegar vegna athugunar á málefnum Landspítalans og hins vegar Litla-Hrauns. Hins vegar töldu sumir lögfræðinganna það



HÖRD GAGNRÝNI Innanríkisráðherra segir vinnubrögð umboðsmanns í lekamálinu hafa það að markmiði að sanna sekt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ekki vandaða stjórnsýsluhætti að birta slíkt samdægurs, eðlilegra væri að senda málsaðilum bréfin fyrst áður en þau væru birt opinberlega.

Hröð afgreiðsla málsins

Málið hefur fengið hraða afgreiðslu hjá umboðsmanni, sem oft hefur verið gagnrýndur fyrir hæga afgreiðslu. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst telur embættið að málið sé þannig vaxið að nauðsynlegt sé að hraða afgreiðslu þess eins og kostur er. Eðli mála hafi mikið um það að segja hversu mikið þeim er hraðað og hvorki þingið, ráðuneytið né ráðherrann geti unað því að afgreiðsla þess dragist á langinn.

fanney@frettabladid.is

Embætti umboðsmanns Alþingis



Svíað urðu fyrstir þjóða til að setja á stofn embætti umboðsmanns en ákvæði um það hafa verið í sænsku stjórnarskránni frá árinu 1809.

Á Íslandi komu fyrst fram hugmyndir að stofnun slíks embættis á Alþingi árið 1963 en það var ekki fyrr en 1. janúar 1988 að fyrstu lögin um umboðsmann Alþingis tóku gildi.

Aðeins tveir menn hafa verið kosnir í embættið frá stofnun þess, Gaukur Jörundsson, sem gegndi því frá árinu 1988 til 1998 þegar hann forfallaðist og Tryggvi Gunnarsson núverandi umboðsmaður var fenginn til að leysa hann af. Tryggvi var síðan kjörinn umboðsmaður Alþingis frá 1. janúar 2000 og hefur gegnt því síðan utan hlés þegar hann sat í rannsóknarnefnd Alþingis.

Álit og niðurstöður umboðsmanns Alþingis eru ekki bindandi fyrir stjórnsýslu en sæti athafnir stjórnsýsluvalds aðfinnslum eða gagnrýni umboðsmanns getur hann beint til þess tilmælum um úrbætur. Þá getur umboðsmaður meðal annars látið í ljós álit sitt á því hvort tiltekin athöfn sé í samræmi við lög eða vandaða stjórnsýsluhætti.



4x4

Suzuki Grand Vitara

Árgerð 2012, ekinn 31 þús. km., bensín, beinskiptur 4x4.

Verð: 4.090.000 kr.



4x4

Honda CRV

Árgerð 2012, ekinn 48 þús. km., bensín, sjálfskiptur 4x4.

Verð: 4.690.000 kr.

Bílaleigubílarinnir komnir í sölu

Nýlegir bílar á betra verði

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík
Sími 590 2160 · www.notadir.is



ASKJA

smashbox

KAUPAUKINN ÞINN FRÁ SMASHBOX 28. ÁGÚST – 3. SEPT. Í HAGKAUP

Kringlan | Smáralind | Holtagarðar

KAUPAUKINN ÞINN FRÁ SMASHBOX
ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 6.500,- OG YFIR.

INNIHELDUR:
SNYRTIBUDDU FRÁ SMASHBOX
OG LÚXUSPRUFUR AF
BE LEGENDARY LIPGLOSS
OG UNDER EYE PRIMER.



TAKTU ÞÁTT Í „SELFIE“ LEIKNUM OKKAR OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGAN VINNING
SEM INNIHELDUR VÖRUR ÚR HAUSTLÍNUNNI OKKAR.



ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA ER AÐ KOMA Í FÖRÐUN TIL OKKAR
Í HAGKAUP KRINGLUNNI EÐA SMÁRALIND FIM-LAU OG TAKA „SELFIE“ MYND MEÐ
#SMASHBOXICELAND OG SETJA Á INSTAGRAM OG ÞÚ ERT KOMIN Í POTT.

ÞÚ KAUPIR VÖRUR FYRIR 6.500,- EÐA MEIRA OG VIÐ FÖRÐUM ÞIG FRÍTT.

*hægt að bóka förðun í síma 563-5221 & 530-1025



20% AFSLÁTTUR AF 24H SHADOW PRIMER
ÞEGAR KEYPT ER SMASHBOX AUGNSKUGGA TRIO

CREATED.
TESTED.
PHOTOGRAPHED.
AT SMASHBOX STUDIOS L.A.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARID?



1. Hvar er Jóhanna Þorvaldsdóttir geitabóndi?
2. Hvaða sveitarfélag styrkir Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík?
3. Hver er forstjóri Norðurláfs?

SVÖR:
1. Á Háfarelli í Hvítársíðu, 2. Kópavogur, 3. Ragnar Guðmundsson.

Samband garðyrkjubænda og Sölufélag garðyrkjumanna mótmæla ákvörðun ríkisstjórnarinnar:
Ósátt við innheimtu gjalds vegna sýnatöku

GARÐYRKJA Samband garðyrkjubænda og Sölufélag garðyrkjumanna leggja sterklega gegn ákvörðun ríkisstjórnarinnar að innheimta gjald vegna sýnatöku við mælingar á varnarefnum í grænmeti. Segja þau að með því sé ríkið að setja nýjar álögur á innlenda framleiðslu á grænmeti.

Á vefsíðunni Gardyrkja.is kemur fram að kostnaðurinn hafi hingað til verið greiddur af fjárlögum en sýnataka hafi verið framkvæmd frá árinu 1991. Um neytendavernd sé að ræða og því réttlátt að sú vernd sé greidd úr ríkissjóði.

„Gjaldið mun auka kostnað ræktenda en óhjákvæmilegt er að það mun valda hækkun á verði grænmetis sem aftur leiðir til hækkunar á verðlags-

vísitölu. Þegar gjaldtakan nær hámarki, eftir 1-2 ár, er viðbótarkostnaður íslenskra framleiðenda 5-7 milljónir króna á ári,“ segir á vefsíðunni. Þar kemur einnig fram að garðyrkjubændur hafi fagnað mælingunum á varnarefnum í þágu neytenda og bættum tækjabúnaði sem hafi verið innleiddur við mælingarnar. - fb

GRÆNMETI Kostnaðurinn við sýnatökuna hefur hingað til verið greiddur af fjárlögum.



„Gjaldið mun auka kostnað ræktenda en óhjákvæmilegt er að það mun valda hækkun á verði grænmetis.“

Samband Garðyrkjubænda

HEILSURÚM Á FRÁBÆRU VERÐI

KOMDU TIL OKKAR!
Við aðstoðum þig við að finna draumarúmið þitt!

Nature's Bedding

NATURE'S COMFORT
heilsurúm

VERÐDEMI
160X200 CM
TILBOÐSVERÐ
127.415
Dýna, botn og lappir

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu

DÚÚÚÚNDUR TVENNUTILBOÐ
20% AFSLÁTTUR

Tvennutilboð
SÆNG + KODDI
18.900
KRÓNUR

DORMA dúnsæng
Stök sæng fullt verð kr. 18.900

DORMA dúnkoddi
Stakur koddi fullt verð kr. 4.900

DORMA
– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100



SPORÐUR Hér liðast Jökulsá á Fjöllum undan Dyngjujökli. Undir niðri rennur kvika úr iðrum jarðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tuttuguföld gliðnun lands við Vatnajökul

Færsla á yfirborði við Vatnajökul mælist 40 sentimetrar, en gliðnunin er ennþá meiri við bergganginn. Færslur á yfirborði mælast í 60 kílómetra fjarlægð frá ganginum. 4,5 stiga jarðskjálfti mældist við Öskju, sá harðasti í tvo áratugi.

NÁTTÚRA Mælingar á umbrotasvæðinu í norðanverðum Vatnajökli sýna færslu á yfirborði sem nemur um 40 sentimetrar. Það er rúmlega tuttuguföld gliðnun á Íslandi að meðaltali á ári. Gliðnunin hefur tvöfaldast á aðeins fimm dögum.

Landmælingar (GPS) sýna að færsla lands á milli mælistöðva sem staðsettar eru á Dyngjuhálsi annars vegar, og lóninu Gengissigi í Kverkfjöllum, hins vegar, er orðin rúmlega 40 sentimetrar síðan jarðhræringarnar undir Vatnajökli hófust 16. ágúst, að mati Þóru Árnadóttur, jarðeðlisfræðings hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Þóra telur þetta vera mestu færslur sem sést hafa á Norðurgosbeltinu síðan í Kröflueldum.

„Færslan á yfirborði nær ganginum er ennþá meiri og við eigum von á að endurmælingar á GPS-neti á svæðinu gefi mun stærri hreyfingar,“ segir Þóra. Viðlíka atburðir hafa aðeins orðið á Havaí og í Eþíópíu, að hennar sögn.

Til marks um átökin í náttúrunni segir Þóra að allar GPS-mælistöðvar á svæðinu sýni orðið hreyfingar vegna kvikuinnskotsins, og nefnir í því ljósi að fleiri mælar mættu vera á svæðinu.

Mælanetið afurð víðtækrar samvinnu

GPS-mælanetið hefur verið byggt upp undanfarin ár í samvinnuverkefnum Jarðvísindastofnunar Háskólans, Veðurstofu Íslands og margra erlendra aðila, m.a. jarðvísindamanna við Arizona-háskóla sem settu upp GPS-stöðina á Dyngjuhálsi árið 2006. Verkefnið hlaut m.a. Öndvegissstyrk Rannsóknaráðs árið 2006.

„Við erum farin að horfa á mun stærra svæði en í upphafi. Við sjáum færslu á mælistöð í Kiðagili, sem er rúmlega 40 kílómetra frá norðurenda berggangsins. Við sjáum gríðarmiklar hreyfingar á Dyngjuhálsi, sem er 20 kílómetra þar frá, og á Háumýrum, þar sem fjarlægðin nálgast 60 kílómetra fyrir vestsuðvestan ganginn,“ segir Þóra.

Berggangurinn, sem kominn er um ellefu kílómetra norður fyrir sporð Dyngjujökuls, hefur valdið verulegum spennubreytingum á stóru svæði, m.a. til norðurs, sem gæti skýrt skjálftavirkni í Öskju í fyrrinótt. Þar mældist skjálfti sem var 4,5 stig, sá stærsti síðan 1992, að því er næst verður komist.

Þetta er álit vísindamannaráðs Almannafrá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskólans



„Færslan á yfirborði nær ganginum er ennþá meiri og við eigum von á að

endurmælingar á GPS-neti á svæðinu gefi mun stærri hreyfingar

Þóra Árnadóttir
jarðeðlisfræðingur

ásamt fulltrúum frá almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra.

Skjálftavirkni hefur aukist, mörg hundruð skjálftar mælast dag hvern. Virkinn er nú að mestu utan jökuls þar sem berggangurinn þokast til norðurs í átt til Öskju.

svavar@frettabladid.is

Nýir staðlar Hagstofu Íslands munu hafa töluverð áhrif á þjóðhagsreikninga:
Kakan stækkar um þrjú prósent

VIÐSKIPTI Nýir staðlar við reikning þjóðhagsreikninga stækka köku hagkerfisins um þrjú til 3,7 prósent. Staðlarnir, sem teknir verða upp í flestum Evrópulöndum samtímis, eru teknir upp að kröfu Sameinuðu þjóðanna.

„Þetta ætti ekki að hafa svo mikil áhrif á hagvöxtinn. Breytingin á milli ára verð-



GUÐRÚN R. JÓNSDÓTTIR

ur svipuð,“ segir Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, deildarstjóri hjá Hagstofu Íslands.

Guðrún segir breytinguna helst hafa áhrif á þær tölur sem settar eru fram sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, svo sem skuldir þjóðarþúsins. „Svo gerist ekkert með skuldirnar en af því landsframleiðslan

er orðin hærri þá minnkar hlutfall þeirra. Skuldin er samt jafnstór. Þú breytir í raun nefnaranum sem þú ert að deila með.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag mun Hagstofan meðal annars reyna að fara í saumana á veltu viðskipta með fíkniefni og vandi. Hugmyndin með breytingunni er að hagtölur endurspegli betur hagkerfið eins og það er í reynd.

FRYSTI-
VARA

HRINGSKORINN BÓGUR

STJÖRNUGRÍS

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 889,-

-44%
498,-



-30%



GRÍSAKÓTELETTUR

ÚRBEINADAR, KRYDDADAR

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 1.849,-

1.294,-



GÓÐI

-34%

SALTKJÖT

BLANDAÐ

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 1.498,-

989,-



-34%

LAMBARIF

GRILL

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 894,-

590,-



-30%

MEXIKÓ LEGGIR

MAGNPAKNING

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 998,-

699,-



-30%

TEX MEX VÆNGIR

FULLELDADIR

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 698,-

489,-



-40%

GRÍSAHAKK

STJÖRNUGRÍS

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 1.298,-

779,-



LAXABITAR

FAGFISK

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 1.798,-

1.492,-



-54%

OSTAKÚLUR 1 KG

ATH - STUTTUR STIMPILL

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 1.498,-

689,-



DR. PEPPER

340 ML DÓS

STYKKJAVEÐ

VERÐ ÁÐUR 139,-

109,-



-50%

MANGÓ

FERSKT OG HOLLT

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 489,-

245,-



KRISTALL SÍTRÓNU

4X2 LÍTRAR

PAKKAVERÐ

VERÐ ÁÐUR 980,-

799,-



BEBIKÓ VIP BLEYJUR

4 STÆRDIR

PAKKAVERÐ

FRÁBÆRT VERÐ!

929,-



PAMPERS BLAUTKLÚTAR

56 KLÚTAR Í PAKKA

PAKKAVERÐ

FRÁBÆRT VERÐ!

238,-



-39%

SAMLOKUBRAUÐ

MYLLAN 500 G

STYKKJAVEÐ

VERÐ ÁÐUR 319,-

195,-

Tilboðin gilda 29. - 31. ágúst 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

NÁTTÚRA

Smávaxnir vágestir nema land

Slöngumaðkur fannst í fyrsta sinn hér á landi fyrr í sumar. Með hlýnandi loftslagi hefur skordýrum sem ná fótfestu hérlendis fjölgað til muna. Sum geta þau valdið skaða í náttúrunni. Spánarsnigillinn gæti mögulega orðið mesti skaðvaldurinn að mati skordýrafræðings.

Freyr
Bjarnason
freyr@frettabladid.is



Í sumar fundust skrítnir maðkar í safnhaugi í garði í Reykjavík. Þeir voru kvikir í hreyfingum, stukku úr lófa og voru hálrir sem álar. Þeir eru af tegund slöngumaðka og þótt maðkar séu góðir fyrir jarðveginn er óvíst hvort þessir nýju landnemar séu það einnig.

Slöngumaðkurinn er ein þeirra

smádýrategunda sem hafa numið hér land á síðustu árum og áratugum. Maðkurinn hefur sett allt á annan endann í vistkerfum í austanverðri Norður-Ameríku. „Ég veit ekki hvernig framvindan verður og heldur ekki hvernig hann kemur til með að haga sér. Ég hef ekki heyrt neinar svona sögur af honum frá Evrópu, þannig að þá má ekki alveg dæma hann fyrirfram,“ segir Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, aðspurður.

Hann kveðst mestar áhyggjur

hafa af spánarsniglinum af þeim vágestum sem hafa komið hingað. „Hann er ekki orðinn mesti skaðvaldurinn en hefur alla möguleika á að verða það,“ segir hann, aðspurður. „En þessir skaðvaldar, innan gæsalaþa, sem eru að berast hingað verða fyrst og fremst skaðvaldar á innfluttum plöntum. Þetta byrjar yfirleitt þannig að útlendingur er að „böggja“ útlending. Þessar útlendu pöddur eru þá að ráðast á innfluttar plöntutegundir í gördum.“ Spurður hver sé möguleik-

inn á að útrýma helstu skaðvöldunum segir hann erfitt að segja til um það. „Nágrannaþjóðunum hefur ekki tekist að útrýma þeim og Íslendingar hafa sýnt að þeir eru ekki snjallari en þær að finna lausnir.“ Hann segir að herra hitastig á Íslandi í gegnum árin hafi hjálpað skordýrunum að nema hér land en einnig skipti máli að þökkalega blautt sé í veðri. Spurður hvaða vágestur sé hættulegastur mannfólki, nefnir hann skógarmítillinn. „Hann er blóðsuga á mönnum og skepnum.“



Þetta byrjar yfirleitt þannig að útlendingur er að „böggja“ útlending.

Þessar útlendu pöddur eru þá að ráðast á innfluttar plöntutegundir í gördum.

Erling Ólafsson
skordýrafræðingur

HOLUGEITUNGUR



Ljósmynd Erling Ólafsson

Hvað? Geitungur af ættinni Vespidae. Hann er tvílitur, svartur og gulur. Hann er kvikur og auðvelt er að fá hann upp á móti sér. Við geitungabúin þarf stundum lífið til að hann snúist til varnar. Einnig er hann nærgöngull á göðviðrisdögum í ágúst.

Hvar? Heldur sig einkum í byggð, í húsagörðum og húsum og er mest áberandi á suðvestanverðu landinu. Hefur breiðst út um alla Evrópu en finnst líka í Asíu og norðanverðri N-Ameríku.

Hvernig? Hefur slæðst hingað með varningi að utan.

Hvenær? Fannst fyrst með bú í Laugarneshverfi í Reykjavík 1977. Tíu árum síðar hafði hann náð að leggja undir sig höfuðborgarsvæðið.

SPÁNARSNIGILL



Hvað? Snigill af ættinni Arionidae. Er auðþekktur frá öðrum sniglum hérlendis, þar sem hann er rauður á litinn. Fullvaxinn er hann miklu stærri en aðrir sniglar af Arion-ættkvíslinni. Veldur miklum skaða í gördum og garðrækt.

Hvar? Finnst í húsagörðum og gróðrarstöðvum. Hefur sést til hans á höfuðborgarsvæðinu, í Hnífsdal, Hveragerði, á Heimaey, Akranesi, Hofsósi, í Ólafsfirði og Höfn í Hornafirði. Uppruninn á vesturhluta Spánar, Portúgal og S-Frakklandi.

Hvernig? Hefur átt greiða leið til Íslands með innfluttum plöntum og jarðvegi í blómapottum.

Hvenær? Þeir fyrstu hér á landi fundust í Reykjavík og Kópavogi árið 2003.

ASPARGLYTTA



Hvað? Smávaxin laufbjalla af ættinni Chrysomelidae. Hún er kúpt, skelin er hágljáandi og slær á hana breytilegum litum. Kemur sér fyrir á stofnum og greinum aspa og víðitrjáa og étur laufblöðin.

Hvar? Finnst í skógum og gördum með þéttvöxnum öspum og víðitrjám á Suðvesturlandi. Hefur fundist um mestalla Evrópu en nánari upplýsingar liggja ekki fyrir um aðrar álfur.

Hvernig? Ekki vitað.

Hvenær? Fannst fyrst með vissu í ágúst 2005 í trjárækt Skógræktar ríkisins að Mógilsá í Kollafirði.

SKÓGARMÍTILL



Hvað? Blóðsuga á spendýrum af ættinni Ixodidae. Dæmigerður stórmítill, með munnlimi til að grafa ofan í húð, dökkan hálskjöld og fætur, ljósan afturbol sem þenst út þegar hann fyllist blóði. Getur borið alvarlega sýkla í fórnarlömb sín, t.d. bakteríuna Borrelia burgdorferi sem getur valdið alvarlegum skaða á taugakerfi.

Hvar? Heldur sig í gróðri, einkum í skógarbotnum. Hefur fundist víða á sunnanverðu landinu en einnig á Patreksfirði, Egilsstöðum og í Skagafirði. Fyrirfinnst víða í Evrópu.

Hvernig? Getur borist til landsins með fuglum. Flestir hafa fundist á hundum og köttum eftir útiveru í íslenskrí náttúru. Einnig má rekja fundina til heimkomu fólks frá útlöndum.

Hvenær? Fyrsti skógarmítillinn sem fannst hér á landi var tekinn af þúfuttillgi sem var skotin í Surtsey 1967.

SLÖNGUMAÐKUR



Hvað? Tilheyrir ættinni Megascolecidae og er af öðrum toga en íslensku ánamaðkarnir sem eru af ættinni Lubricidae. Grannur og stinnur, slengist til með snöggum hnykkjum, hlykkjast, hoppa og skoppa. Getur sett allt á annan endann í vistkerfum en óvíst hvernig hann hagar sér á Íslandi. Í Ameríku hefur hann lagst á lífandi plöntur og eytt þeim.

Hvar? Fannst í safnhaugi í garði í Þingholtunum í Reykjavík. Upprunaleg heimkynni ná frá Austur-Asíu suður til Eyjaálfu og einhverra tegunda í Norður-Ameríku.

Hvernig? Ekki vitað en hugsanlega með innfluttum potta-plöntum með rót í jarðvegi.

Hvenær? Fannst hér á landi í sumar.

DEBENHAMS

BIOTHERM

ChristianDior

CLARINS
PARIS

CLINIQUE

DEBENHAMS
snyrtivörur

EGF

ElizabethArden
NEW YORK

ESTÉE LAUDER

HR
HELENA RUBINSTEIN

JOHN FRIEDA
COLLECTION
LONDON PARIS NEW YORK

LANCÔME
PARIS

nails inc.
LONDON

ST. TROPEZ

SENSAI
Kancha
STYLIST

SHISEIDO

YVES SAINT LAURENT

*Gerdur lifid
skemmtilegra*

20%

AFSLÁTTUR

AF SNYRTIVÖRUM*

Fullt af flottum merkjum

*Gildir ekki af snyrtivörum frá Mac

AÐEINS Í DAG!

Opið í kvöld til 21:00



Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Costa del Sol, Krít & Tyrkland

Frá kr. **55.450**

21
FYRIR
Flugsæti frá kr. **34.950**

Tyrkland



Frá kr. **89.750**

Eken Resort * m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 89.750 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 108.750 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
1. september í 10 nætur.

Krít



Frá kr. **78.400**

Pella Steve ***

Netverð á mann frá kr. 78.400 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 84.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð.
4. september í 11 nætur.

Costa del Sol



Frá kr. **55.450**

Agumarina ***

Netverð á mann frá kr. 55.450 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 73.950 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. september í 10 nætur.

Niðurstöður úr makrilleiðangri Íslendinga og nokkurra nágranna liggja fyrir: Stór hluti makrilsins við Ísland

SJÁVARÚTVEGUR Tæpur fimmtungur alls makrils í Norðaustur-Atlantshafi, eða tæp 18 prósent, mældist innan íslenskrar efnahagslögsögu í nýafstöðnum rannsóknarleidangri.

Um er að ræða rannsókn sem Íslendingar taka þátt í ásamt Norðmönnum, Færeyingum og Grænlandingum.

Ekki veitti af samstöðunni því rannsóknasvæðið var um 2,45 milljónir ferkílómetra. Innan þess mældust nfu milljónir tonna

af makríl og af þeim um 1,6 milljónir tonna sem mældust í íslenskri lögsögu.

Þéttleikinn á öllu svæðinu reyndist sá mesti frá því makrilmælingar hófust árið 2007.

Mestur er makrillinn innan lögsögu Norðmanna en þar mældist fjórðungur makrilsins.

Árni Friðriksson, rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunar sem tók þátt í leiðangrinum, er nú á leiðinni til Akureyrar þar sem hann fer í slipp.



Í LEIÐANGRINUM Hér er Sveinn Sveinbjörnsson í leiðangrinum sem nú hefur leitt okkur í sanninn um að um 18 prósent af markrílum sé innan íslenskrar lögsögu.



LIÐSMENN ÍSLAMSKA RÍKISINS Bænaþjófur á flugvælinum í Rakka, sem þeir hafa náð á sitt vald.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðsglæpir daglegt brauð í Sýrlandi

Sameinuðu þjóðirnar segja stjórnarherinn í Sýrlandi hafa átta sinnum notað eiturgas á almenning í apríl. Þá stundi vígasveitir Íslamska ríkisins aftökur í stórum stíl og þjálf börn til að berjast við hlið fullorðinna vígamanna.

GENE, AP Bæði stjórnarherinn og uppreisnarmenn í Sýrlandi hafa gerst sekir um glæpi gegn mannkyni. Þetta fullyrðir nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem sendi í gær frá sér skýrslu um ástandið.

Í skýrslunni kemur fram að stjórnarherinn hafi að öllum líkindum notað eiturgas á almenning í borgunum Idlib og Hama. Alls hafi klórgasi verið varpað átta sinnum á þessar tvær borgir á tímabilinu frá 11. til 29. apríl síðastliðnum.

„Það bendir margt til þess að klórgasi hafi verið varpað, aðallega í tunnusprenjum úr þyrlum í eigu stjórnvalda,“ segir Vítit Muntarhorn, taílenskur prófessor sem á sæti í nefndinni.

Einnig kemur fram í skýrslunni að vígasveitir Íslamska ríkisins, sem hafa stórt svæði í norðausturhluta landsins á valdi sínu, hafa stundað vídtæk og kerfisbundin dráp á almenningi.

Sameinuðu þjóðirnar telja ljóst að samtökin hafi framið glæpi gegn mannkyni, bæði í Sýrlandi og í Irak.

Sergio Pinheiro, formaður nefndarinnar, segir að eitt af því versta sem rannsóknir á Íslamska ríkinu hafa leitt í ljós sé að samtökin reka stórar þjálfunarbúðir þar sem drengir á barnsaldri, allt niður í 14 ára, hafa verið æfðir í að berjast við hlið fullorðinna vígamanna.

Bæði vígasveitirnar og stjórnarherinn hafa komist upp með glæpi sína án afskipta umheimsins.

„Í Sýrlandi er allt refsilaust,“ segir Carla del Ponte, sem einnig á sæti í nefndinni. Hún er frá Sviss og var áður aðalsaksóknari tveggja stríðsglæpadómstóla á vegum Sameinuðu þjóðanna.

„Glæpir eru framdir á hverjum einasta degi, af öllum aðilum, og enginn fjallar um sakarábyrgð á þessum glæpum.“

Skýrslan er byggð á 480 viðtöl-

“Í Sýrlandi er allt refsilaust

Carla del Ponte, fyrrverandi stríðsglæpasaksóknari Sameinuðu þjóðanna

um og ýmsum skjölum, þar á meðal heimildum um fjölmargar opinberar aftökur í borgunum Aleppo og Rakka í Sýrlandi.

Almenningur, þar á meðal börn, hefur verið látinn fylgjast með þegar vígamenn Íslamska ríkisins taka fólk af lífi fyrir að hafa brotið einhverja af þeim afar ströngu reglum, sem samtökin hafa reynt að troða upp á íbúana í nafni íslams, þótt þar sé aðeins um að ræða þeirra eigin ófgatúlkun á trúnni.

Stríðsátökin í Sýrlandi hafa nú kostað hátt í 200 þúsund manns lífið frá því þau hófust árið 2011.

gudsteinn@frettabladid.is

Landsnet áætlað að opna starfsstöð nyrðra með sex til átta starfsmönnum Vilja opna starfsstöð á Akureyri

AKUREYRI Landsnet hefur auglýst eftir heppilegum húsakynnum fyrir nýja starfsstöð á Akureyri. Áform eru uppi innan Landsnets um að setja upp starfsstöðina til að sinna verkefnum á öllu Norðurlandi, allt frá Blönduvirkjun í vestri til Kröfluvirkjunar í austri.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir það hafa verið stefnu fyrirtækisins lengi að setja upp starfsstöð nyrðra og því væru þeir nú að kanna það hvort heppilegt hús-

næði sé til fyrir starfsemi þeirra á Akureyri. Einnig er fyrirtækið með áform um að bæta raforkuflutninga á svæðinu og því sé það heppilegt að vera með aðsetur á Akureyri.

„Við erum svona að byrja að kanna möguleika okkar,“ segir Guðmundur Ingi. „Í þessari nýju starfsstöð yrðu líklega um sex til átta starfsmenn í vinnu. Hvort þetta yrðu ný störf eða tilfærsla á störfum sem fyrir eru er ekkert hægt að segja til um því engin ákvörðun hefur verið tekin.“

á Akureyri. Einnig er fyrirtækið með áform um að bæta raforkuflutninga á svæðinu og því sé það heppilegt að vera með aðsetur á Akureyri.

„Við erum svona að byrja að kanna möguleika okkar,“ segir Guðmundur Ingi. „Í þessari nýju starfsstöð yrðu líklega um sex til átta starfsmenn í vinnu. Hvort þetta yrðu ný störf eða tilfærsla á störfum sem fyrir eru er ekkert hægt að segja til um því engin ákvörðun hefur verið tekin.“

á Akureyri. Einnig er fyrirtækið með áform um að bæta raforkuflutninga á svæðinu og því sé það heppilegt að vera með aðsetur á Akureyri.

á Akureyri. Einnig er fyrirtækið með áform um að bæta raforkuflutninga á svæðinu og því sé það heppilegt að vera með aðsetur á Akureyri.



RAFLÍNUR LANDSNETS Möguleikar kannaðir á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RENAULT er sýðingafyrir öllum framskráðum um eðliseyðingarnar í tölvubúðum áskrif.



NÝR RENAULT SENDIBÍLL FYRIR HAUSTIÐ



ÁREIÐANLEGIR ATVINNUBÍLAR

Hvernig væri að keyra inn í haustið á nýjum sparneytnum Renault sendibíl? Láttu sölumenn okkar í Fyrirtækjajónustu BL gera þér tilboð í nýjan sendibíl.

Renault sendibílar eru sparneytnir, ríkulega búnir og á góðu verði. Hafið samband við okkur í síma 525 8000 eða sendið okkur línu á bl@bl.is

RENAULT KANGOO RAFBÍLL VÆNTANLEGUR



ÞÚ FINNUR ATVINNUBÍLINN HJÁ OKKUR



RENAULT KANGOO EXPRESS
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 4,2 L/100 KM***
VERÐ: **3.190.000 / 2.541.833 KR.** ÁN VSK.



RENAULT KANGOO MAXI
DÍ SIL, **EYÐSLA 4,5 L/100 KM***
VERÐ: **3.490.000 / 2.780.876 KR.** ÁN VSK.



RENAULT TRAFIC
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,9 L/100 KM***
VERÐ FRÁ: **4.290.000 / 3.418.327 KR.** ÁN VSK.



RENAULT TRAFIC 9 MANNA
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 6,9 L/100 KM***
VERÐ: **6.490.000 / 5.481.000 KR.** MEÐ NIÐURFELLINGU



RENAULT MASTER
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ FRÁ: **5.390.000 / 4.294.821 KR.** ÁN VSK.



RENAULT MASTER COMBI 8-9 MANNA
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ: **8.890.000 / 7.750.000 KR.** MEÐ NIÐURFELLINGU



RENAULT MASTER BUS 17 MANNA
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ: **8.290.000 KR.** MEÐ HÓPFERÐARLEYFI



RENAULT MASTER PALLBÍLL
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ: **6.290.000 / 5.011.952 KR.** ÁN VSK.
EINNI TIL MEÐ TVÖFOLDU HÚSI

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílís
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bva.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Skullcandy Uprock
heyrnartól fylgja MacBook
Air á meðan birgðir endast.



Skullcandy Hesh 2
heyrnartól fylgja MacBook
Pro Retina á meðan birgðir
endast.



MacBook Pro Retina

13" verð frá **239.990.-**

15" verð frá **359.990.-**



iPad

iPad mini verð frá **49.990.-**

iPad Air verð frá **84.990.-**



MacBook Air

11" verð frá **159.990.-**

13" verð frá **179.990.-**

Skólabókin þín



Lækkað verð

DECK hátalari þráðlaus

Þráðlaus hátalari frá SOL Republic, sá fyrsti sem býður upp á þann möguleika að allt að 5 manns tengist í einu og skiptist á að spila sína tónlist.

Verð **24.990.-**

Verð áður **39.990.-**

Lækkað verð



Master Tracks

Sol Republic Master Tracks eru vönduð og stílhrein heyrnartól. Þú færð þægindi, hljómgæði, og vandaða tækni.

Verð **24.990.-**

Verð áður **32.990.-**



Office skólaútgáfa

Inniheldur eitt leyfi fyrir Word, Excel og PowerPoint.

Verð **24.990.-**



Sequel hliðartöskur 13-15"

Fartölvutöskur sem passa vel fyrir fartölvuna, spjaldtölvuna og aukahluti.

Verð **13.990.-**



Sætir rannsókn vegna gruns um vanrækslu: Neitar að segja af sér

FRAKKLAND, AP Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sætir nú rannsókn í Frakklandi vegna gruns um vanrækslu í embætti þegar hún var efnahagsráðherra þar í landi.

Hún var kölluð til yfirheyrslu í fjórða sinn í gær, en sneri að því búnu aftur til starfa sinna hjá gjaldeyrissjóðnum í Washington.

Hún segir ekkert hæft í ásökunum á hendur sér og hyggst ekki láta af starfi sínu vestra. Ásakanirnar tengjast spillingarmáli sem



CHRISTINE LAGARDE Yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP tengist franska kaupskýslumanninum Bernard Tapie. - gb

ÁSTAND HEIMSINS



PÍLAGRÍMAR KVADDIR Í TÁILANDI Tailskir múslimar horfa á eftir ástvinum sínum fara um borð í flugvél áleiðis til Mekka í Sádi-Arabíu. 1



FÓLK MYNDAR ATATURK Í TYRKLANDI Í höfuðborginni Ankara raðaði fólk sér upp við graffhýsi tyrkneska landsföðurins Kemals Ataturks, þannig að úr varð mynd af honum. 2




BIÐRÖÐ EFTIR BENSÍNI Í INDÓNESÍU Ökumenn flykkust á bensínstöðvar í Jogjakarta í Indónesíu eftir að ríkisfyrirtækið Pertamina hætti að skammta fólki eldsneyti. Í stað þess að skömmtunin drægi úr eldsneytisnotkun, eins og að var stefnt, lengdust bara biðradir á bensínstöðvum. 3



HERINN FYLGIST MEÐ STRÖNDINN Í LÍBERÍU Vegna ebólufaraldursins hefur hernum verið falið að gæta þess að enginn fari frá þorpinu West Point. 4



SULLAÐ Í TÓMÖTUM Á SPÁNI Hin árlega tómatahátíð var haldin í gær í þorpinu Bunol, skammt frá Valencia á Spáni. Þar kepptist fólk við að kasta tómötum hvert í annað. 5



MUNDA VOPNIN Á GASA Tveir ungir strákar sveifla skotvopnum, óhlöðnum, þar sem Palestínurmenn komu saman í Gasaborg til að fagna vopnahléi. 6

STUDMENN TÍVOLI

JAKOB F. MAGNÚSSON PRÍMANN FLUGKAPPI

HARPA

UPPSELT kl. 19:30

AUKATÓNLEIKAR kl. 22:30

HARPA TÓNLISTAR- OG RÁBSTEFNUHÚS

Midaverð frá **kr. 4.900** | LAU. **6. SEPT.**

MIDASALA Á AUKATÓNLEIKA HEFST 12. ÁGÚST kl. 12:00

DEBENHAMS

20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ

THE COLLECTION
DEBENHAMS

FATNAÐUR,
SKÓR & TÖSKUR

KÍKTU Á NÝJU
TÖSKUDEILDINA
HJÁ OKKUR!

20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM TÖSKUM

*Gerðu lífid
skemmtilegra*

Opið í kvöld til 21:00

Gildir út sunnudag



Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



BÖRN Í DALSKÓLA Rætt hefur verið við Félag eldri borgara um að sjálfboðaliðar aðstoði börn í Dalskóla við íslenskunám. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dalskóli óskar eftir sjálfboðaliðum í vetur:

Eldri borgarar hjálpi til við íslenskunám

MENNTUN Dalskóli í Úlfarsárdal hefur leitað til Félags eldri borgara um að útvega sjálfboðaliða í verkefni sem felst í að aðstoða börn við að æfa og þjálfast lestur og færni í íslensku. Um er að ræða börn í 2., 3. og 5. bekk, flest af erlendum uppruna.

Á síðasta skólaári kom reyndur skólamaður í heimsókn í Dalskóla tvisvar sinnum í viku og sá um lesning með drengjum. Vegna þess hversu vel það gekk var ákveðið að leita aftur til hans fyrir þetta skólaár, auk þess sem rætt hefur verið við Félag eldri borgara um að taka þátt.

Félagið hefur góða reynslu af svona verkefnum því síðasta vetur sinni þá tveimur öðrum skólum, Norðlingaskóla og Ingunnarskóla í Reykjavík. „Það fór fólk í lestur með börnum og ég á von á því að það takist aftur,“ segir Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara, aðspurð.

Hún tekur fram að börnin hafi ekki verið öll af erlendum uppruna. „Það geta verið félagslegar aðstæður sem spila inn í og að börnin þurfi meiri viðurkenningu. Við höldum að þetta sé mjög þarft, að kynslóðirnar hittist.“

-fb

Borgin samræmir matseðla í skólum

Samræmdir matseðlar eiga að tryggja að börn í skólum Reykjavíkurborgar fái sambærilegan og næringarríkan mat. Hægðarauki fyrir foreldra, segir skólustjóri.

Í vor tók skóla- og frístunda-svið Reykjavíkurborgar fyrstu skref í átt að því að samræma matseðla í skólumötuneytum. Markmiðið er að öll börn í borginni fái sambærilega næringarríkan máltíðir og að hráefni í mótuneytum borgarinnar sé sambærilegt að gæðum. Næringargildi matarins á skólamatseðlunum hefur því verið reiknað út í samræmi við ráðleggingar landlæknis.

„Við væntum þess að í október geti skólar sýnt fram á næringarútreikninga,“ segir Herborg Svana Hjelm, rekstrarfræðingur í mótuneytisþjónustu hjá skóla- og frístundaráði Reykjavíkur.

Tilraunaverkefnið hófst í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Nú hafa Laugardalurinn og Háaleiti bæst við í hóp hverfa en eitt hverfi verður tekið í einu. Verkefnið nær ekki aðeins yfir grunnskóla heldur einnig leikskóla og frístundaheimili.

Óskar Einarsson, skólustjóri Fossvogsskóla, segir að þetta nýja fyrirkomulag sé foreldrum til hægðarauka. Ef foreldrar eiga til dæmis börn bæði í grunnskólanum Fossvogsskóla og gagnfræðiskólanum Réttarholtsskóla geta þeir gengið úr skugga um að börnin hafi fengið sama mat í hádeginu og



Í FOSSVOGSSKÓLA Þessi mynd var tekin í mótuneyti Fossvogsskóla fyrir nokkrum árum. Óskar Einarsson skólustjóri segir nýtt fyrirkomulag verða foreldrum til hægðarauka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

því yrðu engin vandræði með innkaupin, ef börnin skyldu nú vilja mismunandi mat í kvöldmat.

„Þetta þýðir að í báðum skólum gæti verið kjöt á boðstólum á mánudaginn en fiskur á þriðjudaginn, svo dæmi sé tekið,“ segir Óskar Einarsson.

thorduringi@frettabladid.is



Óskar Einarsson, skólustjóri Fossvogsskóla.

„Í báðum skólum gæti verið kjöt á boðstólum á mánudaginn en fiskur á þriðjudaginn.“

SUMARÚTSALA

30-50% AFSLÁTTUR


SÍÐUSTU
DAGAR



FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Rýmingarsala
65% afsláttur af sýningarsófum



Ítölsk hágæða sófasett



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótél og gistiheimili

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



VETRARDAGSKRÁ RÁSAR 1 OG 2 ER HAFIN

Allt sem þú þarft á virkum dögum

MORGUNÚTGÁFAN kl. 6.30-9

Efnisríkur og snarpur morgunþáttur um þjóðmál, menningu og dægurmál á samtengdum rásum. Sendir hlustendur vel stemmda og upplýsta inn í daginn.

Umsjón: Guðrún Sóley Gestsdóttir, Hrafnhildur Halldórsdóttir, Óðinn Jónsson og fjöldi annarra dagskrágerðamanna RÚV

Á
samtengdum
rásum

RÁS 1

RÁS 2



RÁS 1 -fyrir forvitna



FÓLK OG FRÁSAGNIR kl. 9-12

Sögur í orðum og tónum. Mennta- og uppeldismál, lýðheilsa, vísindi og áhugamál.

kl. 9 **SEGÐU MÉR** Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir

kl. 9.45 **MORGUNLEIKFIMIN** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir

kl. 10 **TÓNLISTIN OKKAR** Umsjón: Kjartan Guðmundsson (Bergmál),
Svanhildur Jakobsdóttir (Óskastund) og Magnús R. Einarsson (Vetrarbraut)

kl. 11 **MANNLEGI ÞÁTTURINN** Umsjón: Guðrún Gunnarsdóttir og Magnús R. Einarsson

RÁS 2 -fyrst og fremst




VIRKIR MORGNAR kl. 9-12

Einn skemmtilegasti þáttur landsins úthvildur eftir sumarið.

Gunna Dís verður á Húsavík en Andri og Sóli Hólm í Reykjavík.

Umsjón: Andri Freyr Viðarsson, Guðrún Dís Emilsdóttir og Sólmundur Hólm



SAMFÉLAG OG SAGA kl. 13-16

Um mál sem skipta okkur máli - umhverfi, jafnrétti, heimurinn, neytendur, ferðalög.

kl. 13 **SAMFÉLAGIÐ** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir og Leifur Hauksson.

kl. 14 **SÍGILD TÓNLIST** Umsjón: Sigríður St. Stephensen, Margrét Sigurðardóttir,
Bergljót Haraldsdóttir, Una Margrét Jónsdóttir og fleiri.

kl. 15 **ÞÆTTIR UM SÖGU OG SAMTÍÐ**



POPPLAND kl. 12.45-16

Einn elsti og dádasti tónlistarþáttur landsins. Óli Palli og Matti fá nú

hressilegan liðsstyrk, Sólku Sól sem sló svo rækilega í gegn í Sumarmorgnum.

Umsjón: Ólafur Páll Gunnarsson, Matthías Már Magnússon og Salka Sól Eyfeld



MENNING kl. 16-18

Það framsækna, áhugaverða og skemmtilegasta í menningu og listum.

kl. 16 **HÁTALARINN** Umsjón: Pétur Grétarsson.

kl. 17 **VÍÐSJÁ** Umsjón: Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Þorgerður E. Sigurðardóttir
og Eiríkur Guðmundsson



SÍÐDEGISÚTVARPIÐ kl. 16-18

Nýtt og ferskt síðdegisútlit! Bergsteinn, Björg, Úlfhildur og Doddi litli fylgjast með fréttum og dægurmálum og spila nóg af góðri tónlist.

Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson, Björg Magnúsdóttir, Þórður Helgi Þórðarson
og Úlfhildur Eysteinsdóttir

Peysa úr Zöru tekin úr sölu: Þykir minna á helför gyðinga

Spænska fatakeðjan Zara hefur fjarlægð úr hillum sínum peysu sem þykir minna á helför gyðinga. Peysan er með gula stjörnu er minnr á Davíðsstjörnunni og röndótt mynstur sem minnr á fangabúninga sem notaðir voru í einangrunarbúðum nasista.

Verlunarstjóri Zöru í Kringlunni segir að umræddri peysu hafi ekki verið komið fyrir í hillum Zöru-verslana á Íslandi. Póstur um málið hafi þó borist frá höfuðstöðvum Zöru.

NEYTANDINN Guðbjörg Ríkey Thoroddsen Hauksdóttir

Mislit af misheppnuðu meiki

Bestu kaup Guðbjargar Ríkeyjar Thoroddsen Hauksdóttur, rappara í Reykjavíkurdætrum, er stór hvítur postulínsfill.

„Þetta var afskaplega fallegur og stór fill úr postulíni sem ég keypti fyrir 10 krónur á tombólu,“ segir Guðbjörg.

Fíllinn var keyptur árið 2002 svo að Guðbjörg áætla að þessar 10 krónur séu í dag jafngildi um það bil 200 króna.

Einnig nefnir Guðbjörg exótíska vatnspípu. „Ég keypti fallega vatnspípu á Marmaris fyrir slíkk. Kolin sem fylgdu með voru reyndar tekin af mér í tollinum vegna eldhættu,“ rifjar hún upp.

Verstu kaup sín segir Guðbjörg vera andlitsfarða sem sölukona seldi henni.

„Þegar ég notaði meikið varð ég svo hrikalega mislit að það var ónothæft. Það kostaði næstum því 6.000 krónur,“ segir Guðbjörg sem kveðst hafa gert fleiri mistök í innkaupum. Verstu kaup ævi hennar hafi verið rándýr matrétur í Kína. „Það átti að vera andarsteik en var í raun og veru bara bein með smá skinni.“



Nýtt rekstrarár hafið í IKEA: Lækka verð á húsbúnaði

Nýtt rekstrarár er gengið í garð hjá IKEA með nýjum vörulista. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að verð á öllum húsbúnaði lækki í versluninni og að meðaltal lækkunarinnar sé um fimm prósent.

Lækkunin nemi tugþúsundum króna á hverja fjölskyldu í landinu miðað við viðskipti undanfarin ár.

IKEA segist lækka verð vegna sterkari krónu, aukins stöðugleika í efnahagsmálum, samninga um hagstæðara innkaupsverð og lækkunar á flutningskostnaði.

- af

- ebg



TIL LEIGU

Borgartún 27 – Rvk.



Til leigu heil hæð í glæsilegu skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 27 í Reykjavík. Hæðin er ca. 816 fm. að stærð og er á 4. hæð. Möguleiki á að skipta hæðinni upp í minni einingar Lyfta er í húsinu sem og bílageymsla sem er í kjallara. Næg bílastæði einnig á lóð hússins.

Upplýsingar veitir Gunnar í síma 693-7310. eða gunnar@bygg.is

Varað við tvöföldu verðkerfi á Akureyri

Neytendastofa kannaði mun á hilluverði og kassaverði á Akureyri í sumar. Gerðar voru athugasemdir hjá fimm af átta matvöruverslunum. „Munum sjá til þess að hver einasta vara sé rétt verðmerkt,“ segir verlunarstjóri Nettó á Glerártorgi.

„Við hvetjum neytendur til að vera ávallt vel á verði,“ segir Neytendastofa sem gerir athugasemdir við verðmerkingar fjölda verslana og fyrirtækja á Akureyri. Misræmi var milli verðmerkinga í verslunum og raunverulegs verðs þegar á kassa var komið. Mesti munur var 18,4 prósent frá hillu að kassa.

Þetta er í fyrsta skipti frá árinu 2008 sem Neytendastofa kannar verðmerkingar utan höfuðborgarsvæðisins. Fréttablaðið greindi frá því um miðjan apríl að stofnunin sinni ekki skyldum sínum á öllu landinu.

Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri hjá Neytendastofu, telur það hafa ýtt við stofnuninni

„Það eru margir hlutir sem spila inn í og öll umfjöllun hefur áhrif. Við fengum engin aukafjárframlög til þessa verks en ákváðum að ráðast í verk- ið í sumar. Við munum svo fara aftur í haust og kanna hvernig til hafi tekist með lagfæringar á verðmerkingum á svæðinu,“ segir Þóra.

Þrjár matvöruverslanir af þeim átta sem kannaðar voru höfðu verðmerkingar í lagi. „Hjá hinum fimm verslunum voru athugasemdir gerðar við fjölda verðmerkinga. Talsvert var af óverðmerktum vörum við kassa og einnig voru standar með bókum og sælgæti sérstaklega illa verðmerktir að því er Neytendastofa upplýsir.

Samkaup reka fjórar verslanir á Akureyri, Strax á Borgarbraut og Byggðavegi, Samkaup Úrval



NETTÓ GLERÁRTORGI Gerðar voru athugasemdir við verðmerkingar í öllum verslunum Samkaupa. Verlunarstjóri ætlar að láta fara í gegnum verðmerkingar í allri versluninni

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

203
Kópavogur

Ásakór 15 íbúð 403




OPIÐ HÚS

Fimmtud. 28. ágúst 17:30 - 18:00

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir, Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Falleg 157 fm endaíbúð á 4.hæð
Fjögur rúmgóð svefnherbergi
Glæsilegt opið eldhús
Tvennar svalir, suður og vestur
Stæði í bílakjallara / Lyftuhús
Leikskóli og grunnskóli í göngufæri

Verð: **41,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




TILKYNNINGU ÖNDVERGANDI ERU ÓLÖGLEG EFTIR Á NETIÐ

Matarmarkaðurinn sló aðsóknarmet í fyrra og er nú haldinn í sjöunda sinn:

Búast við fjölda á matarmarkað

„Samskipti á milli neytandans og framleiðandans eru númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Eirný Sigurðardóttir, eigandi Búrsins og skipuleggjandi matarmarkaðar í Hörpu um helgina.

Matarmarkaðurinn er nú haldinn í sjöunda sinn en þetta er í þriðja sinn sem hann fer fram í húsinu. Markmið hans er meðal annars að koma á milliliðalausri verslun bænda og framleiðanda við neytendur.

„Framleiðendur koma líka saman og sjá hvað hver annar er að gera og hefja samstarf,“ segir Eirný og nefnir dæmi um samstarf Saltverks og Höllu Steinólfsdóttur, bónda í Ytri-Fagraðal. Það hefur leitt af sér lífrænt hangikjöt með salti frá Saltverki, unnu úr Ísafjarðardjúpi.


Aðsóknarmet var slegið í Hörpu í fyrra þegar matarmarkaður Búrsins var haldinn. Þá lögðu 32 þúsund manns leið sína þangað. Eirný segist ekki búast við öðrum eins fjölda í þetta sinn, margt hafi þá spilað inn í. „Fyrir minn eigin smekk er byggingin ekki nógu stór til að taka við þessum fjölda,“ segir hún.



SKIPULEGGJENDURNIR Eirný Sigurðardóttir og Hlédis Sveinsdóttir standa að baki matarmarkaðnum í Hörpu um helgina.

- ssb

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Allt að sjötíu prósentu
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN, Á LAUGARDAG
OG Á SUNNUDAG 28. ÁGÚST TIL 31. ÁGÚST**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK, ERIK
MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



OK

búðin

PAKKA
TILBOÐ!



TÖLVA OFFICE 365 SNJALLSÍMI

FUJITSU

VFY:A5440M7302NX

Góð 15" Fujitsu fartölva
með Intel i3 örgjörva

OFFICE 365 PERSONAL

QQ2-00038

12 mánaða leiguleyfi á Office
365 Personal fyrir einstakling

NOKIA 630

A00018492

Nokia Lumia 630, öflugur
snjallsími með fjórkjarna
örgjörva, Windows Phone 8.1
og íslensku lyklaborði

124.900 KR.



FUJITSU LIFEBOOK A512

VFY:A5120M71A2NX

Intel Celeron 4GB/320GB HDD

54.900 KR.



HP PAVILION TOUCHSMART 11,6

E2V66EA

11,6" snertiskjár
AMD A4/4GB/500GB HDD

59.900 KR.



FUJITSU LIFEBOOK A544

VFY:A5440M7302NX

Intel i3/4GB/500GB HDD

89.900 KR.



HP 250

J0X80EA#UUW

Intel i5/4GB/500GB HDD

129.900 KR.



FUJITSU LIFEBOOK A564

VFY:AH564M23A2IS

15,6" snertiskjár
Intel i3/4GB/500GB HDD
1GB GeForce GT 720 skjákort

124.900 KR.



FUJITSU LIFEBOOK A544

VFY:A5440M75A2NX

Intel i5/8GB/500GB HDD

119.900 KR.



FUJITSU LIFEBOOK U574

LKN:U7720M0002IS

13,3" snertiskjár
Intel i5/8GB/128GB SSD

149.900 KR.



HP PAVILION 15

E1T95EA#UUW

Intel i7/8GB/750GB HDD
Radeon HD 8670M - 2 GB

189.900 KR.



LED26W3S-9E

J152253

26" háskerpu skjár
með HDMI

39.900 KR.



C6010 WIRELESS DESKTOP

H6R55AA

Þráðlaust lyklaborð og mús,
ábrenndir íslenskir stafir

8.990 KR.



EDGE FRONTLOADER 16" BLACK

CCD1-BLU-9E

Fartölvutaska 16"

5.990 KR.




OFFICE 365 PERSONAL

QQ2-00038

MS Office leyfi á tölvuna
í eitt ár

9.990 KR.



TOURO MOBILE 500GB USB 3.0

OS03455

500GB USB 3.0 flakkari
fyrir öll gögnin þín

9.990 KR.



16GB DATA TRAVELER OK

DTSE9H-16GB-OKBUDIN

Minnislykill á lyklakippuna

1.990 KR.

FLOTTAR TÖLVUR OG FYLGIHLUTIR



Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir meðan birgðir endast

Uppgjör Regins kynnt í gær: Hagnaður upp á 750 milljónir

Reginn fasteignafélag hagnaðist um 750 milljónir króna á fyrri helmingi ársins. Hagnaður félagsins á fyrstu sex mánuðum 2013 nam 534 milljónum og jókst því um rúm 40 prósent milli ára.

Í afkomutilkynningu félagsins segir að rekstrartekjur hafi numið 2.181 milljón og að bókfært virði eigna félagsins hafi verið um 51,5 milljarðar króna, við lok tímabilsins. Reginn á 54 fasteignir og þar á meðal verslunarmiðstöðina Smáralind. -jh

Sala Arion banka á fimmtungshlut sínum í HB Granda hefur mikil áhrif á hálfárs uppgjör bankans: Hagnaður Arion þrefalt meiri en í fyrra

Hagnaður Arion banka er þrefaldur á fyrri helmingi ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Hagnaður fyrstu sex mánuði ársins nemur 17,4 milljörðum króna, samanborið við 5,9 milljarða fyrstu sex mánuði ársins 2013. Hagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 14,5 milljörðum króna samanborið við 4,5 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2013.

Í afkomutilkynningu kemur fram að hagnaður af aflagðri starfsemi nam 6,5 milljörðum

króna samanborið við 65 milljóna króna tap á sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn er nær eingöngu tilkominn vegna sölu á 18,8% eignarhlut bankans í HB Granda hf.

Rekstrartekjur hækkuðu á milli ára og námu 25,7 milljörðum króna samanborið við 20,7 milljarða króna á sama tímabili árið 2013.

Höskuldur Ólafsson, forstjóri bankans, er ánægður með niðurstöðuna. „Afkoma bankans á fyrstu sex mánuðum ársins er

mjög góð og í takt við okkar væntingar. Grunnrekstur bankans einkennist áfram af stöðugleika og fjárhagslegur styrkur bankans heldur áfram að vaxa. Á undanförunum misserum höfum við unnið að því að auka vægi þóknatekna í heildartekjum bankans og er ánægjulegt að sjá árangur af þeirri vinnu í þessu uppgjöri. Sala bankans á hlutum í HB Granda hf. setur mark sitt á uppgjörið með jákvæðum hætti,“ segir hann.

-jhh



FORSTJÓRINN Höskuldur H. Ólafsson er ánægður með niðurstöðuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞJÚS Fyrsti Joe and the Juice-staðurinn var opnaður í Danmörku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eiga í viðræðum við Isavia:

Vilja opna nýjan stað í Leifsstöð

Eigendur Joe and the Juice á Íslandi hafa óskað eftir veitingaráymi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Þeir undirbúa sig nú, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, undir samningaviðræðum við Isavia sem rekur Keflavíkflugvöll. Fjárfestirinn Birgir Þór Bieltvedt og Eygló Björk Kjartansdóttir eru stærstu eigendur fyrirtækisins.

Isavia kynnti í vetur áform um breytingar á brottfararsal flugstöðvarinnar og efndi til forvalds þar sem fyrirtækjum í verslunar- og veitingarekstri var boðið að sækja um aðstöðu í flugstöðinni. Forvalinu lýkur í haust og breytingum á salnum á að ljúka næsta vor. Isavia afgreiddi fjölda umsókna og ríkisfyrirtækið hefur undanfarna mánuði unnið að mati á þeim eftir ákveðnu ferli.

Tveir Joe and the Juice-staðir eru reknir á Kaastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn og einn á Arlanda-flugvelli í Stokkhólmi. Fyrsti djús- og samlokustaður Joe and the Juice hér á landi var opnaður í Kringlunni í ágúst á síðasta ári og fleiri fylgdu í kjölfarið. -jh

Vona að kísilverin bjargi fjárhag Reykjaneshafnar

Bæjaryfirvöld í Reykjaneshafnar binda vonir við að kísilmálmverksmiðjurnar sem eiga að rísa í Helgúvík geti snúið rekstri Reykjaneshafnar við. Fyrirtækið skuldar 7,3 milljarða. United Silicon fær 50% afslátt af fasteignaskatti.

„Við ætlum að snúa þessu við mjög hratt. Bara skóflustungan og þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar hjá United Silicon og Thorsil gefa okkur góðar vonir um að við getum leyst úr vandanámum hafnarinnar til framtíðar,“ segir Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjaneshafnar, um skuldastöðu Reykjaneshafnar.

Fyrirtækið, sem er í eigu bæjarfélagsins og fjármagnað með tekjum af rekstri fimm hafna, hefur tapað rúmum 2,8 milljörðum króna á síðustu fimm árum. Í mars síðastliðnum greindi Fréttablaðið frá því að skuldir Reykjaneshafnar nema um 7,3 milljörðum króna. Einnig kom fram að uppbygging athafnasvæðisins í Helgúvík hefur síðustu ár verið stærsti kostnaðarliðurinn í framkvæmdum fyrirtækisins á meðan áform um stórfellda iðnaðaruppbyggingu þar hafa ekki gengið eftir.

„Við erum í mikilli vinnu núna, bæði með endurskoðendum okkar og fjármögnunaraðilum og það er í gangi heildarendurskoðun á fjármálum hafnarinnar og sveitarfélagsins sem við munum kynna í mars,“ segir Friðjón.

Forsvarsmenn United Silicon hf. tóku í gær fyrstu skóflustungu að kísilmálmverksmiðju sem á að hefja framleiðslu í Helgúvík á fyrri hluta árs 2016. Thorsil ehf. stefnir einnig að framleiðslu kísilmálms á svæðinu og miðað er við að verksmiðja félagsins nái fullum afköstum í byrjun 2017.

„Þessar framkvæmdir munu klárlega hjálpa til við að rétta reksturinn af. Það er ljóst að þarna liggja miklir hagsmunir



Í HELGÚVÍK Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra voru á meðal þeirra sem tóku fyrstu skóflustunguna að kísilmálmverksmiðju United Silicon í gær.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

fyrir okkur og þetta mun auðvelda hlutina til framtíðar.“

Íslenska ríkið hefur gert fjárfestingarsamninga við bæði fyrirtækin sem fela í sér afslátt af ýmsum sköttum og gjöldum. Sem dæmi fær United Silicon 50 prósent afslátt af fasteignaskatti til Reykjaneshafnar næstu tíu árin og 30 prósent afslátt af gatnagerðargjöldum.

„Þetta eru hefðbundnir fjárfestingarsamningar milli sveitarfélaga og þessara fyrirtækja, í samræmi við samningana við ríkið. Við erum ekki að gefa neina afslætti, sem neinu nemur, varð-

andi lóðargjöld og hafnargjöld. Til framtíðar litíð mun þetta auka tekjustreymi okkar verulega,“ segir Friðjón, spurður hvort það sé skynsamlegt að gefa þessa afslætti í ljósi bágrar fjárhagsstöðu Reykjaneshafnar.

„Allt tal í fjölmöldum um önnur fyrirtæki sem hafa áhuga á svæðinu er svo eitthvað sem verður bara að koma í ljós. Við ætlum að halda okkur við það sem komið er og erum ekki með drauma um neitt annað. Ég vil ekki byggja væntingar um aukinn tekjustraum til Reykjaneshafnar á einhverju sem ekki er komið.“ haraldur@frettabladid.is



Þessar framkvæmdir munu klárlega hjálpa til við að rétta reksturinn af. Það er ljóst að þarna liggja miklir hagsmunir fyrir okkur og þetta mun auðvelda hlutina til framtíðar.

Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjaneshafnar

HYSTORY

VERTU MEÐ Í ÁSKRIFT!

FJÓRAR SÝNINGAR Á AÐEINS 14.500 KR.

MIDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

BILLY ELLIOT

GAUKAR

BLASKAR

BENTLEY

HEIMILI

Afkoma HB Granda á fyrri helmingi 2013 var jákvæð um 1.632 milljónir:

Hagnaðurinn minnkar um 34%

Hagnaður HB Granda á fyrri helmingi ársins nam 10,6 milljónum evra, eða 1.632 milljónum króna. Þetta kemur fram í árshlutareikningi sem var samþykktur á stjórnarfundum fyrirtækisins í gær.

Rekstur HB Granda á fyrri helmingi 2013 nam hins vegar 2.495 milljónum króna. Þetta þýðir að hagnaðurinn í ár lækkaði um 863 milljónir króna, eða um 34 prósent. Hagnaðurinn nam 755 milljónum á öðrum ársfjórðungi en var 924 milljónir á sama tímabili í fyrra.

Rekstrartekjur HB Granda á fyrri helmingi ársins 2014 námu 87,3 milljónum evra, samanborið við 99,3 milljónir evra árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,3 milljónir evra, en voru jákvæð um 2,9 milljónir á sama tíma árið áður.

Kolmunnavertíð á öðrum ársfjórðungi skilaði hærri tekjum en árið áður. Skip félagsins veiddu 41 þúsund tonn samanborið við 21 þúsund tonn árið áður. -jhh



FORSTJÓRINN Vilhjálmur Vilhjálmsson hringdi Kauphallarþjöllunni þegar félagið var tekið til viðskipta í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN




ÞAÐ ER KOMIÐ HAUST!



990,-



Minisófi 129.900,-



ANTON&BERGUR



Tré 40cm
3.990,-



Sófi 99.900,-



Tré 100cm
12.990,-



Myndarammar 990,-



990,- 990,- 990,- 990,-



Tré 160cm
19.900,-



Púðar 3 fyrir 2



Stóll 69.900,-



Myndarammar 1.290,-

the PIER

Náum hallalausum fjárlögum vegna óvæntra tekna:

Við erum tossar

Eina leiðin til að ná fram þeim ásetningi að hafa fjárlögin hallalaus á þessu ári er sú að tekjurnar verði meiri en gert var ráð fyrir. Þrátt fyrir góðan ásetning og fyrirheit munu gjöld ríkisins aukast á yfirstandandi ári. Rekstur íslenska ríkisins mun sem sagt kosta meira en gert var ráð fyrir, og bundið var í lög.

Einhverra hluta vegna springum við alltaf á limminu. Aftur og aftur tekst okkur ekki að ná fram þeim vilja okkar og ásetningi.

Í nánast öllum samanburði við önnur lönd skipum við okkur á bekk með mestu tossunum hvað þetta varðar. Við höfum farið einföldustu leið til að gera vanda ríkissjóðs ekki óbærilegan. Sú leið helgast helst af því að höfum í einfaldleika okkar hækkað skatta og gjöld, sem sagt dregið úr fjárhagslegu öryggi fólks og fyrirtækja. Þessu til sönnunar eru fræðiuftæktir.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Þetta er íslenska leiðin. Vegna smæðar okkar þarf svo lítið til að við missum okkur og horfum fram hjá settum markmiðum. Góð loðnuvertíð, makríltorfur, kolmunni, fjölgun ferðafólks og annað þess háttar setur allt á annan endann og við gleymum aðhaldi og aðgát.

Meira að segja göngum við svo hratt um gleðinnar dyr að ráðherrar gleyma, meira að segja á augabragði, því sem þeir voru svo staðfastir að gera ekki. Til að halda öllum á tánum var skipaður hagræðingarhópur, sem í sátu vaskir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna. Nú átti að taka á því meir og betur en áður hafði þekkt. Hópurinn skilaði af sér og svo var látið í veðri vaka að nú væri búíð að berja í brestina. Hingað væri komin ríkisstjórn, ríkisstjórn aðhalds og aga.

Víti menn, utanríkisráðherra missti sig. Gerði tvo stjórnálmenn, annan núverandi og hinn fyrrverandi, að sendiherrum. Og það án þess að það hafi beinlínis vantað sendiherra. Á Íslandi er það hvort sem er ekki aðalatriðið. Þetta reddast. Fjárlögin geta alveg endað réttum megin við núllið þótt tveir sendiherrar hafi bæst við. Tekjurnar af ferðafólkinu eru það miklar og svo er makrill okkur tryggur og álverð hefur hækkað svo það er engin ástæða til að hafa áhyggjur, eða þannig. Við verðum réttum megin þegar árið verður gert upp. Hvað munar um einn sláturkepp í sláturtíðinni, sagði örlátur ráðherra eitt sinn.

Þetta hugarfar skilar okkur árum saman á tossabekkin. Og þegar sverfur að grípum við til alkunnra ráðstafana. Hækkum skatta og gjöld, komugjöld og annað þess háttar. Þótt sláturkeppurinn sé ekki dýr í sjálfa sér skal huga að því að margt smátt gerir eitt stórt. Og ríkisútgjöldin á Íslandi halda áfram að aukast umfram það sem gerist hjá flestum öðrum þjóðum.

Einverjum kann að þykja furðulegt að gjöldin aukist jafnt þegar hér sitja hægri stjórnir eða vinstri stjórnir. En það er það ekki, bara alls ekki. Hér býr þjóð sem í grunninn veit, eða heldur, að þetta reddist allt saman.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Minnir á Geirfinnsmálið

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor svaraði ekki stóru orðin í pistli sem hann skrifaði á Pressuna í gær. Þar gerði hann lekamálið svokallaða að umfjöllun-arefni og kom Hönnu Birnu Kristjánsdóttur hressilega til varnar. Hannes sagði ráðist að Hönnu Birnu fyrir eitthvað, sem ekkert er. Ríkissaksóknari og umboðsmaður Alþingis hefðu farið fram úr sjálfum sér í málinu. Það minnti hann um sumt á Geirfinnsmálið forðum, þegar rannsóknaraðilar

létu um of stjórnast af reikulu en ofsafengnu almenningsáliti, mótuðu af zesifréttamönnum og jafnvel fjöldasefasyki.

Langt seilt

Hver og einn á rétt á sinni skoðun og líklegast hægt að færa rök fyrir því að nokkuð hart hafi verið vegið að innanríkisráðherra-um. Einhverjum þykir

það sanngjarnt í ljósi alvarleika málsins – öðrum ekki. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að vangaveltur um mögulega pólitíska ábyrgð ráðherra á meintum mistökum, sem í versta falli munu enda í afsögn, eru algjörlega ósamanburðarhæfar við margra ára sakamálarannsókn þar sem hinir grunuðu hlutu vægast sagt ómannúðlega meðferð lögreglu, mjög vafasama sektardóma og margra ára fangelsisvist. Þarna verður að teljast nokkuð langt seilt í samlíkingum.

fanney@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verstunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

VERTU
MEÐ Í
ÁSKRIFT!

FJÓRAR SÝNINGAR
Á AÐEINS 14.500 KR.

MÍÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Þriðjungur þjóðarinnar í strætó

SAMGÖNGUR



Kolbeinn Óttarsson Proppé upplýsingafulltrúi Strætó bs.

Aldrei hafa fleiri tekið sér far með vögnum Strætó bs. en á nýafstaðinni Menningarnótt. Um 100 þúsund gestir komu í strætó einhvern tíma yfir daginn, en akstur stóð til eitt eftir miðnætti. Á sunnudeginum stóð Strætó, í samvinnu við Kópavogsbæ, síðan fyrir flutningum um 10 þúsund gesta á tónleika Justins Timberlake og um 15 þúsund frá þeim. Strætó bs. flutti því um 125 þúsund farþega á tveimur dögum, en það jafngildir því að vel ríflega þriðjungur þjóðarinnar hafi tekið sér far með strætó á einni helgi.

Heilt yfir gekk allt mjög vel og þakka má það góðri samvinnu við þá sem skipulögðu viðburðina. Sérstök stemning myndast á hátíðum sem þessum og þó þröngt væri í vögnunum sýndu farþegar einstaka þolinmæði og skilning. Strætó bs. þakkar þeim sérstaklega fyrir hve vel tókst til.

Ljóst er að strætó er mikilvægur hluti af Menningarnótt og mun verða það áfram. Góð reynsla er komin á þjónustuna, en á hverju ári lærum við eitthvað nýtt. Í ár var bryddað upp á þeirri nýjung að aka frá Kirkjusandi að Skólavörðuholti, með viðkomu í Borgartúni. Skemmst er frá því að segja að þetta vakti mikla lukku og þegar hefur verið ákveðið að tvöfalda fjölda vagna sem

→ Strætó bs. flutti því um 125 þúsund farþega á tveimur dögum, en það jafngildir því að vel ríflega þriðjungur þjóðarinnar hafi tekið sér far með strætó á einni helgi.

aka munu þá leið á Menningarnótt. Þá er líklegt að fleiri vagnar verði notaðir við að flytja fólk úr miðbænum að ári, en ekki er hægt að segja annað en að það hafi þó gengið vel þar sem það tók ekki nema um einn og hálfan tíma.

Við hjá Strætó bs. erum stolt yfir því hve starfsemi fyrirtækisins skiptir miklu máli í daglegu lífi margra og vinnum stöðugt að því að bæta þjónustuna svo sem flestir geti nýtt sér strætó. Markmið eigenda og stjórnvalda er að auka hlut þeirra ferða sem farnar eru með almenningsamgöngum úr 4% árið 2012 í 8% árið 2022. Mikil fjölgun hefur orðið á farþegum síðustu árin og almenningsamgöngur hafa fengið æ meiri sess í skipulagi sveitarfélaga. Ljóst er þó að allir þurfa að halda vel á spilunum ef fyrrgreind markmið eiga að nást. Það er hagur okkar allra.

Orð kvöldsins

Við erum ekki kirkjurækin og ekki alin upp við að fara í guðshús nema á stórum stundum. Einmitt þess vegna verður þess gullmola, sem Rás 1 hefur flutt á kvöldin í áratugi, sárt saknað á mínu heimili.

Ég hef hlustað á Orð kvöldsins í mörg ár og finnst það ómetanlegt. Þegar synir mínir voru ungir og með læti á háttatíma eða suðuðu um athygli, útskýrði ég fyrir þeim að þetta væri „eyrnanammí mitt“. Á unglingsárum sögðu þeir með andvarpi: „Mamma, þú hefur aldrei dottið inn í neinn þátt nema Orð kvöldsins!“ Alltaf virða þeir hlustun mína, líka maðurinn minn, og hlusti ég í eldhúsinu ganga þeir varlega um til að fá sér kvöldsnarl.

Jafnvel hef ég stökkið upp frá gestum og kallað glaðlega, „Orð kvöldsins“, til að kveikja á útvarpinu kl. 22:12, og látið það ganga á meðan gesta-skvaldrið heldur áfram á lægri nótnum. Gestir sem þekkja okkur minna, t.d. nágrannar, eru hissa; en allir hrifast með. „Þetta er af því ég nenni aldrei að lesa Biblíuna“, segi ég, „meira að segja ekki Nýja testamentið, ég bara steinsofna. En þarna fáum við perlur þræddar upp á band, alveg fyrirhafnarlaust, og þetta er æðislegt veganesti, þetta er nefnilega svo praktískt. Eða er ekki lífið flókið? Við hefðum aldrei komist í gegnum daglegt líf, hvað þá hjónaband og uppeldi, án leiðsagnar. Þetta er svona abstrakt styrkur, maður skilur það ekki en það virkar.“

Aðrir gullmolar

Ef RÚV er að þessum breytingum til þess að koma til móts við fjölmenningsþjóðfélagið, hvet ég þau til að gera þveröfugt: Halda þessu og fá inn fleiri gullmola, já, gimsteina, frá öðrum menningarhópum; jafnt á íslensku sem og á öðrum tungumálum. Hvernig væri það? Svo finnst mér líka að fylgja ætti vefsíða á ruv.is þar sem hægt yrði að fletta upp molum daganna og lesa beinar tilvitnunar, númer ritningagreina, nöfn tónverka og sálmaskálda og heiti trúarrita.

Fyrir nokkrum árum stóð stýrri um Orð kvöldsins en þá var kvöldstundunum bjargað. Og nú á tímum aukinnar misskiptingar, aukinnar streitu og flóknara samfélags mættu slíkar stundir vera fleiri.

Hvetja til kyrrlátra stunda

Hugdetta þessu tengd: Fá landlækni, LSH, lýðheilsustöð, heilsugæslurnar, tryggingastofnun, velferðaráðuneytið, mennta- og menningarmála-

RÚV



Jóhanna M. Thorlacius
vefritstjóri
Veðurstofu Íslands

→ Við erum ekki kirkjurækin og ekki alin upp við að fara í guðshús nema á stórum stundum. Einmitt þess vegna verður þess gullmola, sem Rás 1 hefur flutt á kvöldin í áratugi, sárt saknað á mínu heimili.

ráðuneytið, tryggingafélög, sjúkratryggingar, lögregluna, Umferðarstofu, íþróttafélög, þjóðkirkjuna, geólækna, sálfræðinga, svo og margvíslega trúarhópa og lífssýnarfélög, til þess að hvetja til kyrrlátra stunda. Fá leiklistarnema til að semja og flytja örstutta texta á borð við „Út í kvöld? Nei, verum bara heima.“ „Kringluna eða Smáralind? Hvernig væri að kíkja frekar til ömmu?“ „Æ, ekki bílinn. Röltum bara,“ sem flytja mætti á auglýsingatímum. Slíkir molar væru heilbriggt andóf gegn öllum „kaupu/upplifðu“ áróðrinum. Þessa molasyrpu ættu ofangreindir aðilar að vilja styrkja í nafni lýðheilsu.

Ég er þakklát fyrir þann kraft sem bjargaði morgunbænum og vissulega er Orð dagsins að morgni til góð hugmynd – en hlustunin eykst ekki við þessa tilfærslu í dagskrá. Þess vegna vona ég að stjórnendur Rásar 1 sjái að sér og komi til móts við þá kröfu hlustenda sinna að halda Orði kvöldsins á sínum stað og komi enn fremur til móts við aðra trúarhópa. Að umræðuþáttur á sunnudagskvöldi geti komið í stað daglegrar trúariðkunar er mikill misskilningur.

Arfur allra Íslendinga

Kristinn menningararfur á Íslandi er dýrmætur, líka fyrir þá sem ekki eru kirkjuræknir og koma ekki í guðshús nema á stórum stundum. Samvinna kirkjunnar og RÚV hefur boðið upp á heimilisuðrækni sem er frábær fyrir þennan stóra hóp. Og þó ég hafi fjölmenningslegan bakgrunn; hafi sótt Guðspekifélagið á yngri árum og sé áskrifandi að Ganglera, hafi verið í Ananda Marga og lesið margt um hindúasið og gyðingdóm, hafi hrifist af kyrrð búddatrúar og feegurð íslams og allri trúarfágun; þá verður lífsreynslan til þess að ég met kristnina æ meir – og ég er ekki ein um það.

Bjarni bregst

Við höfum undanfarið orðið vitni að sérkennilegri atburðarás vegna lekamálsins og misbeitingu innanríkisráðherra á valdi sínu með afskiptum af lögreglurannsókn. Við munum að endingu sjá hver viðbrögð umboðsmanns verða við málsvörn ráðherrans.

Það sem meiru skiptir nú eru viðbrögð formanns Sjálfstæðisflokksins.

Honum ber, sem formanni stjórnarflokks, að standa vörð um stjórnfestu og leikreglur réttaríkisins. Hluti af því er að tryggja að stjórnmalamenn axli pólitíska ábyrgð af gerðum sínum, til að hlífa stjórnkerfinu og embættismönnum við óþarfa gagnrýni og álitshnekki. Þar bregst honum algerlega bogalístin.

Þegar aðstoðarmaður ráðherra var ákærður fyrir að misfara með opinber gögn í ráðuneyti ráðherrans var ljóst að ráðherrann gat ekki setið áfram. Það er grundvallaratriði, sem allir virðast sammála um. Enginn – ekki einu sinni hörðustu málsvarnarmenn ráðherrans – hafa talið til greina koma fyrir hann að sitja áfram sem ráðherra dómsmála við þær aðstæður. Þá kemur að því hvað gerist næst. Í öllum öðrum löndum – og á öllum öðrum tímum á Íslandi – myndi það leiða til þess að ráðherrann axlaði pólitíska ábyrgð og segði af sér. Fyrir því eru fordæmi.

Klæðskerասamuð breyting

En formaður Sjálfstæðisflokksins virðist ekki ráða við þá leið. Til að forða því að ráðherra flokksins þurfi að axla ábyrgð á eigin verkum og framgöngu pólitískra aðstoðarmanna hennar er frekar farið í handahófskenndar ráðuneytabreytingar. Það er betra að brjóta upp stjórnkerfið en að skipta um ráðherra. Á undanförunum misserum hafa forystumenn ríkis-

STJÓRN MÁL



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

stjórnarflokka oft nefnt að til greina komi að breyta ráðuneytaskipan. Aldrei hefur verið rætt – fyrr en nú – um að stofna sérstakt dómsmálaráðuneyti. Breytingin er því ekki hluti af yfirvegaðri endurskipulagningu, heldur klæðskerասamuð að þessum flótta Sjálfstæðisflokksins frá pólitískri ábyrgð. Enda var formaður flokksins að bögglast með það í nærri tvær vikur að finna út úr því

hvernig væri hægt að kljúfa ráðuneytið og endaði svo á því að biðja Framsóknarflokkinn að manna það. Það er saga til næsta bæjar að Sjálfstæðisflokkurinn ráði ekki við að manna dómsmálaráðuneytið.

Tekur undir ásakanir

Pólitísk ábyrgð er hluti nauðsynlegrar stjórnfestu. Sjálfstæðisflokkurinn kemur okkur nú fyrir sjónir sem flokkur sem ræður ekki við að axla ábyrgð á landsstjórninni. Ef ráðherrar hans gera mistök þarf að breyta ráðuneytinum til að forða ráðherrunum frá því að bera ábyrgð á eigin verkum. „Völd án ábyrgðar“ ætti að vera hið nýja kjörorð Sjálfstæðisflokksins.

Annar hluti stjórnfestu er að standa vörð um réttan framgang mála og virða rétt eftirlitsstofnana til að vinna verk sín samkvæmt gildandi lögum. Þar bregst Bjarni líka. Aðfinnslur ráðuneytis lögreglumála í fréttatilkynningu 18. júní sl. við yfirstandandi lögreglurannsókn í sumar voru látnar óátaldar og nú tekur hann undir ásakanir í garð umboðsmanns Alþingis, í stað þess að standa vörð um rétt umboðsmanns til að fylgja eftir máli innan gildandi lagaramma eftir eigin dómgreind.

Af þessu má ráða að Sjálfstæðisflokkurinn ræður undir núverandi forystu ekki við að virða grunnreglur stjórnfestu í lýðræðissamfélagi.



Til leigu

Klettagarðar 6, stórt atvinnuhúsnæði

Reitir fasteignafélag bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi. Aðkoma að húsinu er eins og best verður á kosíð, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan sal með þremur innkeyrsluhurðum, minni sal með innkeyrsluhurð, fallett skrifstofurými á efri hæð, eldhús, snyrtingu og sturtuadstöðu.

Fiskislóð 10, skrifstofuhúsnæði

Reitir bjóða til leigu vandað 585 m² skrifstofuhúsnæði á annarri hæð á vinsælum stað, steinsnar frá miðbænum. Rýmið skiptist í opið rými, fundarherbergi, nokkrar lokaðar skrifstofur og rúmgóða starfsmannaaðstöðu.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

REITIR

Velkomin til starfa

PETTA GERDIST: 28. AGÚST ÁRIÐ 1955

Myrtur fyrir að daðra við hvíta konu

Emmett Louis Till var myrtur á þessum degi árið 1955, aðeins fjórtán ára gamall. Emmett var þeldökkur á hörund og ættaður frá Chicago í Illinois. Hann heimsótti ættingja sína í Money í Mississippi og talaði við hvíta stúlku að nafni Carolyn Bryant, 21 árs, sem var gift eiganda líftillar matvöruverslunar.

Nokkrum dögum seinna heimsótti eiginmaður Carolyn, Roy, og hálfbróðir hans, J. W. Milam, Emmett. Þeir fóru með hann út í hlöðu þar sem þeir börðu hann og stungu úr honum annað augað. Loks skutu þeir hann í höfuðið og losuðu sig við líkið í Tallahatchie-ánni. Lík Emmetts fannst þremur dögum síðar.

Móðir hans vildi að líkkistan yrði opin í jarðarförinni til að sýna alheiminum hve hrottafengið morðið hefði verið. Tugþúsundir manna fóru í jarðarförina og mynd af líkinu var birt í ýmsum miðlum.

Réttarhöld yfir Roy og J.W. fékk talsverða fjölmiðlaathygli og olli það mikilli hneykslun alheimsins þegar kviðdómur, sem var bara skipaður hvítum einstaklingum, sýknaði bræðurna. Nokkrum mánuðum síðar játuðu þeir verknáðinn í viðtali við tímaritið Look og var málið tekið upp aftur árið 2004. Morðið á Emmett Till er talið hafa verið mikilvægur hlekkur í upphafi réttindabaráttu blökkumanna í Bandaríkjunum.



✝
Ástkær móðir mín, amma og tengdamóðir,
GUÐNÝ JÓNSDÓTTIR BUCH
Einarsstöðum, Reykjahreppi,
lést miðvikudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 30. ágúst kl. 13.00.

Jón Þór Ólafson
Tryggvi Garðar Jónsson
Arna Sif Jónsdóttir

Elin Björg Harðardóttir

✝
Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
ARNÓR BENEDIKTSSON
frá Borgartúni í Pingeyjarsveit,
sem lést 21. ágúst, verður jarðunginn föstudaginn 29. ágúst kl. 14 frá Þorgeirskirkju. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Skógarbrekku hjá Heilbrigðisstofnun Pingeyinga.

Indríði Arnórsson
Pórhallur Arnórsson
afabörn og langafadætur.

Birna Kristjánsdóttir
Jóna Jónsdóttir

✝
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
STEFÁNS GUNNARSSONAR
Vesturbergi 10, Reykjavík.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Vífilstaðaspítala.

Lilly Erla Guðjónsdóttir og fjölskylda.

✝
Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
URSULA IRENA KARLSDÓTTIR
kennari,
Miðleiti 7, Reykjavík
áður til heimilis að Vallholti 23, Akranesi,
lést 11. júlí og hefur jarðarför farið fram.

Bragi Ingólfsson
Baldur Már Bragason
Helga Bára Bragadóttir
Þórný Pétursdóttir
Atli Mar Baldursson
Ásgeir Bragi Baldursson
Unnar Búi Baldursson

✝
Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
SIGDÓR SIGURÐSSON
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,
lést föstudaginn 22. ágúst á hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Útförin fer fram frá Frikkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 29. ágúst kl. 11.00.

Íða Heiður Jónsdóttir
Halldór Sigdórsson
Ævar Sigdórsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Marta Katrín Sigurðardóttir
Una Lilja Eiríksdóttir

✝
Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR
sjúkraliði,
Lundi 92, Kópavogi,
lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 19. ágúst. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Steingrímur Steingrímsson
Helga Björg Steingrímisdóttir
Hrönn Steingrímisdóttir
Andri, Arnar Gauti, Margrét Inga og Steinar.

Þorlákur Ingi Hilmarsson



JÓN PÉTUR OG KARA
Pau voru fulltrúar Íslands á Evrópu- og heimsmeistarátötum og hafa dansað saman og kennt í ratugi.

Danshaldið er að víkja

Dansskóli Jóns Péturs og Kóru er tuttugu og fimm ára í dag og fagnar því með opnu húsi í Valsheimilinu milli eitt og þrjú á laugardag. Þar verður boðið upp á dans og veitingar.

„Skólinn var stofnaður 28. ágúst 1989 og þegar fyrirtæki eru með sömu kennitölu í 25 ár þykja þau svolítið gömul hér á landi. En tíminn hefur liðið ótrúlega hratt,“ segir Kara Arngrímsdóttir, annar eigandi Dansskóla Jóns Péturs og Kóru. Þegar haft er orð á að dansinn haldi eigendunum greinilega ungum segir hún glaðlega að það hljóti bara að vera. „Ég segi það alltaf við mig þegar ég kíki í spegilinn á morgnana!“

Svo er hún beðin að rekja upphafið. „Fyrsta Íslandsmeistaramót í samkvæmsdans var haldið 1986. Við Jón Pétur ákváðum að taka þátt í því og byrjuðum þá að dansa saman. Eftir það vorum við fulltrúar Íslands á Evrópu- og heimsmeistaramótum og þegar við vorum búin að taka danskennarapróf 1989 hjá Sigurði Hákonarsyni langaði okkur að stofna dansskóla og gerðum það, alveg græn. Ég held við höfum ekki séð fyrir okkur þá að við yrðum enn að 25 árum síðar en þetta hefur

gengið vel og maðurinn minn hefur verið með okkur í rekstrinum.“

Kara segir dansmenninguna hafa breyst mikið. „Það er að deyta út að fólk fari út bara til að dansa. Enda eru ekki einu sinni til hús með sémilegu dansgólfi nema í félagsheimilum úti á landi, þannig að dansinn er mun minni þáttur í félagslífi almennings en var.“

En hvar fær fólk sem lærir hjá ykkur útrás fyrir sína kunnáttu á dansgólfinu? „Aðallega í dansskólanum. Fólk kemur í danstíma einu sinni í viku yfir veturinn og við erum með einn dansleik á hvorri önn og stundum opnar æfingar þess á milli.“

Kara segir dansinn alltaf að breytast. „Með diskóinu fór fólk að dansa hvert í sínu lagi og nú dansar það þannig í hringjum og grúppum. En danshaldið er að víkja. Ég tel það afturför því að dansa saman tvö og tvö eflir félagsþroska ungs fólks og dregur úr feimni. Fyrir utan hvað kunnáttu í dansi veitir mikið sjálfsöryggi.“

„Pegar fyrirtæki eru með sömu kennitölu í 25 ár þykja þau svolítið gömul hér á landi. En tíminn hefur liðið ótrúlega hratt.“

Kara Arngrímsdóttir, annar eigandi Dansskóla Jóns Péturs og Kóru

Telur hún vangadansinn í hættu? „Nei, ég held nú ekki. En það getur verið erfiðara að stíga slík skref þegar fólk er bara að dansa í hring.“

Skólinn er í Valsheimilinu á Hlíðar-enda. Þar verður opið hús á laugardaginn milli 13 og 15. Kara segir boðið upp á danssýningar og einhverjar veitingar. „Okkur langar að sjá fólk sem var hjá okkur fyrir 25 árum, þá sem eru hjá okkur núna og hafa verið í millitíðinni og líka einhverja sem langar að koma og læra að dansa.“

gun@frettabladid.is

✝
Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
SVEINN RAFN EIÐSSON
frá Fáskrúðsfirði,
Gullsmára 5, Kópavogi,
lést á Landakoti 22. ágúst. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Karitas hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu.

Gyða Ingólfssdóttir
Ingólfur Sveinsson
Eiður Sveinsson
Sveinn Kr. Sveinsson
Agnar Sveinsson
Klara Sveinsdóttir
Skúli Þór Sveinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Björg Pálsdóttir
Rut Gunnþórsdóttir
Margrét Káradóttir
Andrea Sigurðardóttir
Þorlákur Á. Helgason
Hjördís Lilja Reynisdóttir

✝
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,
JÓHANNES HELGASON
flugstjóri,
Asparlundi 3, Garðabæ,
lést sunnudaginn 17. ágúst á Landakotsspítala. Útför hans fer fram í dag frá Langholtskirkju kl. 13.00.

Unnur Einarsdóttir
Helgi Jóhannesson
Atli Jóhannesson
Laufey Helga, Emma Katrín, Júlía Marín Helgadóttir
Helgi Scheving Jóhannesson
Metta Helgadóttir
Hildur Kristín Helgadóttir
og fjölskyldur.

Freyja Rut Emilsdóttir
Halldóra Elin Jóhannsdóttir
Lára Kristinsdóttir
Jón Arnason
Finnur Leifsson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

Í ZOOLANDER 2?

Orðrómur er uppi um að fyrirsætun Cara Delevingne muni leika í kvikmyndinni Zoolander 2. Ben Stiller og Owen Wilson eru í aðalhlutverkum en Justen Theroux mun leikstýra.



TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur - 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Vertu vinur okkar á Facebook



hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16



MIKILL MUNUR
„Ég tek eina töflu á morgnana og aðra á kvöldin og finn að ég þarf sjaldnar að pissa á næturarnar,” segir Halldór Rúnar Magnússon.

ÁTTU Í ERFIÐLEIKUM MEÐ ÞVAGLÁT?

GENGUR VEL KYNNIR ProStaminus getur dregið verulega úr einkennum góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli s.s. tíðum þvaglátum, næturþvaglátum og slappri þvagbunu.

„Þvagbunan var farin að slappast og ég þurfti oft að pissa á næturarnar. Á daginn var orðið afar þreytandi að þurfa sífellt að fara á klósettið og svo þegar maður loksins komst á klósettið þá kom lítið sem ekkert!“ segir Halldór Rúnar Magnússon, eigandi HM flutninga.

„Ég tek eina töflu á morgnana og aðra á kvöldin og þarf sjaldnar að pissa á næturarnar. Bunan er orðinn miklu betri og klósettferðirnar á daginn eru færri og áhrifaríkari.“

NÁTTÚRULEGT EFNI

Þrengingin og þrýstingurinn sem verður á þvagrás af völdum stækkunar blöðruhálskirtils getur m.a. leitt til kraftminni þvagbunu, tíðra þvagláta, erfiðleika við að tæma þvagblöðru, verkja og fleira. ProStaminus inniheldur einstaka blöndu hörfræja, graskersfræja og granatepla sem viðhalda góðum blöðruhálskirtli og þvaglátum út ævina.

ALGENGT VANDAMÁL

Talið er að flestir karlmenn finni fyrir

einkennum góðkynja stækkunar blöðruhálskirtils einhvern tímann á ævinni. Algengast er að það gerist eftir að 50 ára aldri er náð en kemur þó fyrir hjá yngri mönnum líka. Ekkert jafnast á við góðan nætursvefn og gefur þetta nýja efni karlmönnum góða von um bættan svefn og ekki síður mökum þeirra sem eiga við þetta algenga vandamál að stríða.

ALGENGUSTU EINKENNIN ERU:

- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Slöpp þvagbuna
- Sviði við þvaglát
- Þvagleki
- Skyndileg þvaglátapörf
- Erfiðleikar við að hefja þvaglát

NOTKUN:

Tvær töflur á dag, helst með kvöldmat. Flestir finna mun innan mánaðar en gott er að gefa ProStaminus allt að þrjá mánuði til að virka.

SÖLUSTADIR

ProStaminu fæst í:
Flestum apótekum, heilsu-
búðum, Hagkaupi og
Fjarðarkaupum.
Nánari upplýsingar á
www.gengurvel.is.



Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



S A F T



SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Heilsudýnur á
frábæru verði
Verðdæmi á
Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð	153x203
	160x200
	180x200
	180x210

Verð	144.900 kr.
	149.900 kr.
	169.900 kr.
	179.900 kr.



Nýjar vörur komnar!
Síðustu dagar af rýmingarsölu
á eldri vörum

Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan

B/A/S/L/E/R Parisar
TÍSKAN
Skiopholti 29b • S. 551 0770



SKOLADAGAR -25% AFSLÁTTUR
Af öllum vörum frá ZHENZI, CRISPY og Ze-ZE

zhenzi **crispy** **ZE-ZE**
WOMENS WEAR by zhenzi CONCEPT

Flott fót fyrir flottar konur. stærðir 38-58

belladonna




GALLABUXUR FRÁ
Intown
KR. 10.900.-

BEINAR SKÁLMAR
HÁAR Í MITTIÐ
STR. 36-46

3 SÍDDIR: 78, 82, 86 LITIR:
BLÁTT OG SVART

Ríta

 Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is



VIÐ STÖRF Guðbjörg fer yfir fötin og kannar ástand þeirra. MYND/PIETUR

SAFNAR GULLMOLUM

ENDURNÝTT FÖT Guðbjörg Rut Pálmadóttir starfar hjá fatasöfnun Rauða kross Íslands. Hún velur úr þau fót sem seld eru í Rauðakrossbúðunum. Á hverjum degi berast gullmolar sem Guðbjörg passar sérstaklega upp á.

Guðbjörg er menntuð bæði í grafískri hönnun og vöruhönnun auk þess sem hún hefur prjónaflíkur, bæði handprjónaðar og vél-prjónaðar. Hún hefur unnið hjá fatasöfnun Rauða krossins í tæp tvö ár og líkar mjög vel. „Það er mikil spennan að vita hvað kemur upp úr kössunum á hverjum degi. Nærri daglega finn ég eitthvað einstakt og fallegt,“ segir Guðbjörg. Hún bætir við að það sé gaman að sjá hverslags verðmæti Íslendingar gefi Rauða krossinum.

Helsta starf Guðbjargar er að fara í gegnum þau fót sem þykja heillegust og söluvænlegust. Hún leitar að saumsprettum og blettum og ákveður hvort þær skuli fara í búðirnar eða ekki. Þegar eitthvað sérstaklega fallegt rekur á fjörur hennar heldur hún flíkinni oft eftir í einhvern tíma. „Stundum er fólk að biðja okkur um að leita eftir sérstökum flíkum, stundum þarf kjóla fyrir sérstök tilefni og þá er gott að eiga eitthvað á lager og stundum er sláin bara svo dásamlega falleg að ég þarf að horfa aðeins betur á hana áður en ég sendi hana frá mér í búðirnar,“ segir Guðbjörg og hlær glaðlega.

Guðbjörg heillast sérstaklega af fallegum handunnnum vörum. „Við höfum fengið handofna kjóla, finnska hönnunarkjóla, Burberry-frakka og marga fallega kjóla,“ segir Guðbjörg sem segist stundum freistast til að kaupa flíkur sjálf. „En sem betur fer passar ekki allt. Annars væri ég í miklum vandræðum.“

■ solveig@365.is

HEILLEG KÁPA



Mikill fjöldi yfirhafna kemur í fatasöfnunina, bæði kápur, jakkar og mokkajakkar. Þessi græna kápa er mjög vel farin og í góðu standi.

KLASSÍSK DRAGT



Guðbjörg telur að dragtin sé frá sjötta eða sjöunda áratugnum.

COMME DES GARÇONS



Fallegur kjóll frá japanska merkinu Comme des Garçons.

BABYDOLL



Náttkjóll frá áttunda áratugnum.

SKÓTAU



Fjöldi skópara berst fatasöfnuninni. Öðru hvoru berast skór frá Dior og öðrum dýrum tískumerkjum.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



JÁKVÆÐ ÁHRIF

„Arctic Root Forte hefur því hjálpað mér mikið og svo sannarlega haft jákvæð áhrif á vinnuafköst mín.“

MEIRI AFKÖST

„Ég finn mikinn mun á sjálfum mér og hvernig ég kemst betur yfir verkefni dagsins,“ segir Karl Jóhann Jóhannsson, hjá hönnunarfyrirtækinu Aurum.

MYND/ARNÞÓR

BETRI EINBEITING OG MEIRI ORKA

AÐFÖNG KYNNA Gott úthald, aukin orka og betri einbeiting skipta miklu máli fyrir fólk sem er undir álagi í annasömu starfi. Arctic Root Forte inniheldur burnirótarkraft og hefur jákvæð áhrif á vinnuafköst, þrek og eykur líkamlega og andlega orku.

Í annasömu starfi skiptir miklu máli að halda einbeitingu og vera með gott úthald. Það veit Karl Jóhann Jóhannsson, eigandi hönnunarfyrirtækisins Aurum, sem hann hefur rekið um nokkurra ára skeið ásamt eiginkonu sinni Guðbjörgu Kristínu Ingvarsdóttur skartgripahönnuði. Karl Jóhann hefur í nokkra mánuði tekið inn Arctic Root Forte og segist finna fyrir miklum mun; einbeitingin sé betri í starfi og í daglegu lífi, hann hafi mun betra úthald auk þess sem andlegur styrkur sé miklu meiri en áður.

„Ég hef tekið Arctic Root Forte síðan það kom á markað í janúar og er mjög ánægður með vöruna. Hún er aðeins sterkari en það sem ég var að taka inn áður en virkar alveg jafn vel eða jafnvel betur. Fyrir tæpar 1.800 krónur fæ ég fjögurra mánaða skammt fyrir lægra verð en eins mánaðar skammtur frá öðrum á markaðnum og sömu eða jafnvel betri gæði. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því.“

Arctic Root Forte inniheldur burnirótarkraft en víkingar til forna notuðu burnirótina áður en haldið var í orrustu því hún þótti gefa aukinn kraft og orku. Þessi frábæra jurt nýtur enn mikilla vinsælda og hefur verið ein vinsælasta heilsuvaran á Norðurlöndum undanfarnin ár. Ísland er þar engin undantekn-

ing en varan hefur náð miklum vinsældum hér á landi þar sem fjöldi landsmanna notar hana að staðaldri til að skerpa athygli og viðhalda betra jafnvægi í lífinu. Þannig hefur burnirótin hjálpað þúsundum að ná betri árangri í lífinu með því að minnka streitu og kvíða og auka líkamlega og andlega orku sem nota má til góðra verka.

Karl Jóhann segir starf sitt hjá Aurum vera mjög fjölbreytt og oft sé þar mikið amstur og áreiti. Því sé mikilvægt að halda einbeitingu og hafa úthald til þeirra verka sem þurfi að sinna dagsdaglega. „Arctic Root Forte hefur því hjálpað mér mikið og svo sannarlega haft jákvæð áhrif á vinnuafköst mín og þrek. Ég finn mikinn mun á sjálfum mér og hvernig

ég kemst betur yfir verkefni dagsins og hvernig öll einbeiting er betri. Það skiptir sérstaklega miklu máli þegar maður rekur eigið fyrirtæki. Svo má ekki gleyma því að ég finn einnig mikinn mun utan vinnunnar en þá er ekki síður mikilvægt að andlega og líkamlega orkan sé til staðar. Ég get því svo sannarlega mælt með notkun Arctic Root Forte fyrir alla þá sem vilja auka andlega orku og fá betri einbeitingu þegar kemur að starfi eða daglegum verkum.“

Nota skal eina töflu á dag. Konur á meðgöngu eða þær sem eru með barn á brjósti ættu eingöngu að nota Arctic Root í samráði við lækni. Varan er ekki ætluð börnum yngri en 12 ára.

Arctic Root Forte frá Nutra fæst á frábæru verði í Bónus og Hagkaupi, 120 töflur í pakka sem er fjögurra mánaða skammtur.



MEIRA MAGN FYRIR MUN LÆGRA VERÐ

Eykur einbeitingu og andlegan styrk. Viðheldur betra jafnvægi í lífinu.

Ein vinsælasta heilsuvaran á Norðurlöndum og á Íslandi.

Fæst á frábæru verði í Bónus og Hagkaupi, 120 töflur í pakka sem er fjögurra mánaða skammtur.

FLEIRI ÁHUGAVERÐAR VÖRUR FRÁ NUTRA

NUTRA B-VÍTAMÍN EXTRA STERKAR

Nutra B-vítamín extra sterkar er góð blanda í einni töflu af mikilvægustu B-vítamínunum sem við höfum þörf fyrir. Hver tafla inniheldur blöndu af B-vítamínunum í miklum styrkleika til að bæta fyrir skort og uppfylla þarfir líkamans fyrir þessi lífsnauðsynlegu og mikilvægu vatnsleysanlegu vítamín.



FJÖLVÍTAMÍN FYRIR KARLA

Nutra Fjöl vítamín fyrir karla er breiðvirk formúla sérvalin fyrir karla sem vilja fá mikilvægustu bætiefnin í einni töflu. Nutra Fjöl vítamín fyrir karla hentar öllum aldurshópum vel en er þó fyrst og fremst hugsað fyrir karla á aldrinum 18-50 ára til að tryggja að líkaminn fái nægjanlegt magn af mikilvægustu vítamínunum og steinefnum daglega.



MULTIDOPHILUS PRO

Multidophilus Pro er blanda af lifandi vinveittum gerlum sem eru mikilvægir í náttúrulegri þarmaflóru í meltingarkerfinu. Þessar vinsamlegu bakteríur samstanda af náttúrulegum probiotic gerlum sem eru mikilvægir fyrir upptöku á allri næringu úr fæðu og hvernig við umbreytum næringunni í orku. Probiotic bakteríur eru meðal annars nauðsynlegar fyrir upptöku B-vítamína, K-vítamíns og snefilefna í þörmunum og um leið skapa þær jafnvægi í þarmaflórinni.





SKÓLADAGAR -25% AFSLÁTTUR
 Af öllum vörum frá ZHENZI, CRISPY og Ze-ZE

zhenzi **crispy** **ZE-ZE**
 WOMENS WEAR by zhenzi CONCEPT

My Style
 tiskuhús

Bæjarlind 1-3
 201 Kópavogur
 sí: 571-5464

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULIFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingarferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:
 S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuöguleika og spennandi tímar eru framundan.

Guðrún Helga
 Bjarnadóttir,
 Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands
 Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

KJÓLAR OG MUSSUR NÝ SENDING
30% afsláttur

Mussur áður 14.990
 nú 9.990 kr.
 Stærðir 42-50

Kjolar áður 16.990
 nú 12.590 kr.
 Stærðir 38-46

FLASH

Laugaveg 54,
 sími: 552 5201

Sjá fleiri myndir á



TÍSKUÁHUGAMAÐUR Uppáhaldshönnuður Bergs er Riccardo Tisci, yfirhönnuður Givenchy. „Það væri draumur að vinna fyrir hann einn daginn.“

MYND/GVA

TÍSKUNÖRD MEÐ ATHYGLISBREST

HERRATÍSKA Bergur Guðnason var að byrja í fatahönnun í Listaháskóla Íslands og vinnur í JÖR. Tískuáhuginn hefur fylgt honum nánast frá fæðingu.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tísku og finnst gaman að fylgjast með tískustraumum og hvað er að gerast hverju sinni. Ég var að byrja á mínu fyrsta ári í Listaháskóla Íslands þar sem ég mun læra fatahönnun næstu þrjú árin. Í stuttu máli er ég mikill fjölskyldumaður, er með athyglisbrest og er mjög óþolinmóður, íþróttir spila mikla rullu í lífi mínu og ég hef einnig gríðarlegan áhuga á tónlist.

Hefurðu lengi þælt í tiskunni? „Ég byrjaði mjög ungur að hafa skoðanir á fatavali. Var alltaf í frekar litríkum fötum á mínum yngri árum og var ekki sama í hvernig skóm ég gekk. Ég fæddist og ólst upp í Englandi og gekk í enskan skóla frá fjögurra ára aldri. Ég þurfti því að klæðast enskum skólalúningi sem mér fannst alveg óþolandi. Það var mikill léttir fyrir mömmu því þá slapp hún við allt vesenið á mér á morgnana.“

Hvernig klæðir þú þig hversdags? „Eftir veðri og vindum.“

Hvernig klæðir þú þig spari? „Það er alltaf gaman að klæðast jakkafötum þegar tilefni gefst.“

Hvernig lýsir þú stílnum þínum? „Stíllinn minn er mjög fjölbreyttur. Ég er óhræddur við að prófa eitthvað nýtt og finnst sérstaklega skemmtilegt að klæðast flíkum sem fáir eiga. Annars prófa ég allt. Stundum ganga hlutirnir en það er mjög oft sem þeir ganga ekki.“

Hvar kaupir þú fötin þín? „Ég kaupir flest mín föt í útlöndum. Annars er það JÖR hér heima og einhverjar fleiri búðir.“

Eyðir þú miklu í föt? „Ég væri að ljúga ef ég segðist eyða litlum peningum í föt. Annars tel ég mig vera góðan í að finna vönduð föt á miklum afslætti.“

Hver er uppáhaldsflíkin þín? „Ég er mikill skófíkill og hef verið það síðan ég var smá stubbur. Ég á þó nokkur pör af Jordan-skóm sem erftit er að festa kaup á og geta kostað sitt.“

Uppáhaldshönnuður? „Riccardo Tisci, yfirhönnuður Givenchy, er í miklu uppáhaldi. Það væri draumur að vinna fyrir hann einhvern daginn.“

Bestu kaupin? „Skellti mér í Kringluna fyrir nokkrum árum með það að markmiði að kaupa sólarvörn fyrir útskriftarferð. Ég labbaði út með leðurjakka frá All Saints sem ég fékk á 90% afslætti. Svo keypti ég mér Kooples-jakkaföt í London í sumar á 70% afslætti sem var frekar nett.“

Verstu kaupin? „Ég hef gert mörg skelfileg kaup í gegnum tíðina. Mér detta strax í hug eiturgæm Moon Boots sem ég keypti í einhverri skíðaferð á Ítalíu þegar ég var þrettán eða fjórtán ára. Aldrei verið notuð enda ljótustu skór sögunnar.“

Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti? „Eitt af mínum helstu áhugamálum eru skór. Maður á aldrei of marga. Ég er í skógrúppu á Facebook með helstu skófíklum landsins þar sem við ræðum daglega skómenningu heimsins. Síðan segjum við hver öðrum frá nýjustu kaupunum og svo framvegis.“

Hvers konar fylgihluti notarðu? „Geng með Nike FuelBand á úlnliðnum daglega. Svo á ég það til að ganga með derhúfur.“

Áttu þér tiskufyrirmynd? „Kanye og A\$AP Rocky eru alltaf nettir.“

HANNYRÐIR

FIMMTUDAGUR 28. ÁGÚST 2014



Prjónafíkn á hæsta stigi

Þeir sem byrja að prjóna verða margir hverjir helteknir af því og prjónið verður nokkurs konar fíkn. Fíkn sem fólk vill ekki losna við. Þegar prjónarar hittast er lítið annað rætt en garn, uppskriftir, mynstur og allt annað sem tengist þessu aldagamla handverki.

Á vefsíðunni about.com, undir flokknum Knitting, hefur fólk sem er ofurselt prjónafíkninni sent inn sögur um það hversu forfallnir prjónafíklar það er. Hér eru nokkrar skemmtilegar.



Þegar prjónafíklar koma saman er um fátt annað talað en handavinnu og annað henni tengt. MYND/GETTY

■ „Ég get ekki sofið af því ég er svo uppfull af hugmyndum um hvað ég eigi að prjóna næst og mig klæjar í fingurna að halda áfram að prjóna.“

■ „Ég varð GLÖÐ þegar ég vaknaði um miðja nótt til að fara á klósett- ið því þá gat ég prjónað eina umferð í viðbót.“

■ „Ég prjóna á rauðu ljósi, í tannlæknastól- um, á biðstofu hjá lækni og á verkstæði, á veit- ingastöðum og þegar ég bíð í röð. Ég prjóna all- af í bílnum þegar mað- urinn minn keyrir, jafn- vel í myrkri á leiðinni heim á kvöldin.“

■ Börnin mín voru farin að segja mér að hætta að kaupa garn og nota frekar það sem til var á heimilinu.“

■ „Ég tók viku frí frá vinnu svo ég gæti prjónað allan daginn án trufl- unar.“

■ „Flestir prjónafíklar segja að það sé aldrei til of mikið af garni en nú á ég það mikið að mér endist í alvöru ekki ævin til að nota það allt.“



Edda Lilja Guðmunds- dóttir, textílkennara og hannyrðakonu, líður betur ef heklunálin er með í för. MYND/VALLI

Sá kaðlahekl út úr stærðfræðiformúlum

Edda Lilja Guðmundsdóttir, textílkennari og hannyrðanörður, leggur varla frá sér heklunálin eitt augnablik. Hún segir prjón og hekl ávanabindandi og í stærðfræðitímum í tölvunarfræði sá hún formúlurnar fyrir sér sem kaðlahekl.

U m daginn var ég að fara út að ganga með hundinn og greip með mér bakpoka með heklverkefni, ef ég skyldi nú stoppa ein- hvers staðar. Reyndar kom ekki til þess að ég tæki heklunálinu upp, en mér leið betur að hafa hana með,“ segir Edda Lilja Guðmundsdóttir, textí- kennari og forfallinn hannyrðanörður, sem skil- ur prjónana eða heklunálinu helst aldrei við sig.

„Ég hef ekki enn heklað í röðinni í bankan- um en alls staðar þar sem ég sest niður. Ef við erum að fara eitthvað á bíln- um og jafnvel þó það sé ekki nema tuttugu mínútna akstur, tek ég með mér prjóna eða heklun- nál. Maðurinn minn er far- inn að taka það sérstak- lega fram, ef við erum að fara eitthvað bara við tvö, að það sé bannað að taka handavinnudótið með,“ segir Edda hlæjandi.

Hún vill þó ekki meina að heklunálin trufla sam- skipti hennar við nánasta umhverfi.

„Þetta er alls ekki eins og þegar fólk hverfur inn í snjall- símann. Ég er alltaf með athygl- ina á öllu öðru í kringum mig. Mér finnst ég í raun halda betri einbeitingu við allt annað, ef ég er með eitthvað í hönd- unum.“

Eins og gjarnan með eldheitt áhugafólk um hannyrðir hefur Edda komið sér upp miklu safni af garni. Á dögumum rættist langþráður draumur þegar hún kom sér upp eigin vinnu- stofu og gat flutt megnið af safninu þangað inn. Segir það hafa verið mikinn léttir fyrir heimil- isfólkið.

En hvað ertu að fást við núna?

„Nú er ég að klára uppskrift að hekludum kaðla-

sokkum og set þá í sölu á netinu fljótlega. Ég er einnig að vinna að heklbók sem kemur út eftir áramótin,“ segir Edda

„Ég hef búið til alls konar uppskriftir gegnum tíðina en núna á heklið hug minn allan og þá sérstaklega kaðlahekl. Kaðlar eru venjulega prjónaðir og ég hef ekki séð mikið af hekludum köðlum hér á landi. Svo blanda ég gjarnan saman garntegundum og aðferð- um, prjóna og hekla til skiptis í einni og sömu flíkinni. Í vetur ætla ég að vera með námskeið í hekludum peysum,“ segir Edda.

„Maður er miklu frjáls- ari í hekli en í prjóni. Með heklunálinu er hægt að fara í allar áttir út frá einni lykkju. Það er líka gaman að hekla úr einhverju öðru en garni. Núna er ég til dæmis að klippa niður gamlar nælonsokka- buxur og ætla að hekla úr þeim gölfmottu.“

Í haust stefnir Edda á að kíkja á prjónasýningu í göml- um kastala í London. En má hún fara með prjóna í flugvél?

„Já, það er ekkert mál, ég hef aldrei verið stoppuð með prjónana í töskunni.

Ég er oftast með heklunálinu, hún þykir kannski ekki eins hættuleg,“ segir hún hlæjandi.

„Það er oft miklu meiri höfuðverkur að ákveða hvaða garn ég á að taka með mér í ferðalagið held- ur en að pakka niður í töskuna,“ bætir hún við spossk. Edda hlýtur því að vera á réttri hillu í lífinu.

„Ég ákvað einu sinni að fara í tölvunarfræði en uppgötvaði eftir árs nám að hún átti ekki við mig. Í stærðfræðitímum sá ég formúlurnar fyrir mér í köðlum.“



Nýtt blað „Óveður“ er komið út



LOPI

Sjá sölustaði á www.istex.is

RYKSUGUR

FIMMTUDAGUR 28. ÁGÚST 2014

Kynningarblað

Fönix, Marpól, nýjar reglur um orkunotkun og hugvitsamleg ráð.

Nilfisk-ryksugur í yfir hundrað ár

Fönix ehf. er 79 ára gamalt fyrirtæki og hefur verið í Hátúni 6 síðan 1975. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir hinar þekktu Nilfisk-ryksugur sem hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár. Samkvæmt nýrri reglugerð má mótörstærð heimilisryksugu ekki vera yfir 1600 vöttum. Fönix mun bjóða upp á margar gerðir af ryksugum frá Nilfisk með mótörum undir þessu viðmiði. Einnig má fá stærri atvinnutæki með mótörum í þessum nýja vattaflökki.

Fönix hefur verið umboðsaðili fyrir Nilfisk í nær sjötíu ár. Nilfisk er í dag einn stærsti framleiðandi hreingerningartækja, allt frá ryksugum til götusópara. „Nilfisk var stofnað árið 1906 og hefur framleitt ryksugurnar þekktu í yfir hundrað ár,“ segir Sveinn Sigurðsson framkvæmdastjóri. „Nilfisk er með verksmíðjur í nær öllum heimsálfum og framleiðir mikið úrval af tækjum, allt frá litlum ryksugum upp í stór atvinnutæki og allt þar á milli. Við erum með hljóðlátar ryksugur með hepasíum sem henta öllum stærðum af heimilum. Allt frá litlum og nettum ryksugum upp í stórar sem henta mörg hundruð fermetra húsum. Einnig erum við með stóra línu af atvinnuvélum.“



Þann fyrsta september næstkomandi tekur ný reglugerð um heimilisryksugur gildi þar sem mótörstærð má ekki fara yfir 1600 vött. Heimilisryksugur fá orkuflokkunarmiða og búið er að setja ákveðna mælikvarða á getu þeirra. Á nýja miðanum kemur einnig fram hljóðstyrkur frá tæki, afköst tækis á mismunandi gólfefnum og filtergæði.

„Við hjá Fönix munum bjóða frá og með fyrstu viku septembermánaðar margar gerðir af ryksugum frá Nilfisk með mótörum sem eru flestir 750 til 1150w. Nilfisk mun ganga lengra þannig að í september koma einnig nokkrar ryksugur í atvinnulínunni með orkuflokkunarmiðanum. Nilfisk hefur barist lengi fyrir því að fá svona flokkun í gang og hefur lengi verið með færri vött í sínum tækjum en aðrir framleiðendur. Þeir hafa alltaf talið að það þurfi ekki að hafa öll þessi vött og vinsælustu atvinnuvélarnar frá Nilfisk hafa verið um 900 vött síðastliðin þrjátíu ár. Það hefur verið algengt hjá mörgum framleiðendum að vélarnar séu 2600 til 2800 vött. Stærstu heimilisvélarnar frá Nilfisk hafa verið um 2000 vött en framleiðslu þeirra hefur nú verið hætt,“ segir Sveinn.



Sveinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fönix, býður mikið úrval af ryksugum í öllum stærðum frá Nilfisk í Fönix.

MYND/GVA



Miðarnir sýna muninn á eldri gerðinni 2000w og svo nýjustu 750w vélunum af Nilfisk Elite.

Power P40 frá Nilfisk

Coupe Neo frá Nilfisk.

Power Eco frá Nilfisk



Fyrir neytendur og umhverfið

Frá og með 1. september verður framleiðendum ryksuga óheimilt að selja og dreifa orkufrekum heimilisryksugum á Evrópska efnahagssvæðinu. Frá þeim tíma mega ryksugur einungis vera 1600 vött en algengustu ryksugur í dag eru 1800 vött. Vöttin segja til um hversu mikil rafmagnsnotkun vélarinnar er en ólíkt því sem margir halda hefur meiri orkunotkun ekkert með gæði að gera.

Framvegis verða gerðar meiri kröfur til ryksuguframleiðenda líkt og framleiðenda annarra heimilistækja. Kröfurnar snúa að orkunotkun, hávaða, endingu og fleiri þáttum.

„Þetta þýðir ekki að fólk þurfi að hlaupa til og henda ryksugum sem það á og innflytjendur mega selja þann lager sem til er í landinu,“ segir Guðrún Lárusdóttir, sérfræðingur hjá Neytendastofu. „Framvegis þurfa framleiðendur hins vegar að fylgja nýjum reglum og einungis framleiða ryksugur sem eru undir 1600 vöttum. Árið 2017 er stefnt að því að viðmiðið verði komið niður í 900 vött eða minna.

Að sögn Guðrúnar hafa engar kröfur verið gerðar til ryksuguframleiðenda hingað til. „Það hafa einfaldlega verið búnar til ryksugur og þær settar á markað. Það hefur svo verið neytenda að velja og væntanlega hefur valið farið eftir því sem sagt er í verslunum eða bara eftir merkjum. Eftir breytinguna þurfa framleiðendur hins vegar að upplýsa neytendur um orkueyðsluna, hávaða, endingu, hversu vel ryksugan sýgur upp agnir og hversu mikið ryk hún losar út í andrúmsloftið. Þessar upplýsingar þurfa að vera sýnilegar á ryksugupakkningunni við kaup.“

Guðrún segir reglugerðina bæði til hagsbóta fyrir umhverfið og neytendur.



„Kröfur til framleiðenda heimilistækja fara sífellt vaxandi og gilda þær til dæmis

um ísskápa, þvottavélar, þurrkara, kaffivélar og önnur álíka tæki. Hugmyndin með þeim er

að minnka orkunotkunina en um leið að gera auknar gæðakröfur. Talið er að kröfur um minni orku-

notkun heimilistækja leiði til 5% orkusparnaðar á ári í Evrópu eða um 400 teravattstundir á ári.

Hugvitsamleg nýting ryksugunnar

Hlutverk ryksugunnar er flestum ljóst. Hún sýgur ryk og önnur óhreinindi af gólfum og úr teppum. Hana má einnig nota til að hreinsa mylsnuna úr sófapullunum. Ryksuguna má þó nota á mun fjölbreyttari hátt eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Að seilast lengra

Ekki henda pappahólkunum innan úr jólapappírurullunum. Slíkar rúllur má nota sem framlengingu á ryksugustúta. Með því að líma hólkinn við ryksugurörið með taulímbandi er hægt að seilast mun lengra en annars. Þannig má ryksuga köngulóarvefi úr loftum eða sjúga rykið af víftum og ljósakrónum. Einnig má nýta þessa framlengingu til að ryksuga undan rúmum og öðrum húsgögnum. Fyrir þrengri rými má klípa rúlluna saman og þá má troða henni víða þar sem hart járnörið kemst ekki.

Nælonsockar til bjargar

Martröð foreldra verður að veruleika þegar börnin missa plastperludunkinn í gólfíð og litríkar perlu skoppa um allt. Mikill höfuðverkur getur fólgið í að tína upp þetta smádót. Þá kemur ryksugan til bjargar. Með því að klippa nælonsockabuxur og líma við ryksugustútinn er hægt að fara hamförum í að ryksuga perlu af gólfum án þess að þær endi allar í maga ryksugunnar. Nælonsockurinn grípur perlurnar og síðan er hægt að losa þær þægilega ofan í boxið á ný.

Þetta nælonsockaráð virkar einnig þegar ryksuga á viðkvæma hluti á borð við silkiplóm og gluggatjöld. Þá er nælonsockurinn strekktur yfir stútinn svo að eins ryk kemst í gegn.

Fyrir hárið

Skemmtilegt myndband gekk um netheima fyrir nokkru. Þar sést faðir setja hártægju utan um ryksugurörið. Þá kveikir hann á tækinu, ryksugar hárdóttur sinnar inn í rörið og smellir síðan teygjunni upp á hárið til að mynda tagl. Fyrirmyndarráð fyrir þá sem þykjast ekki kunna að greiða hár.

Ilmandi gott

Oft blossar upp sérstök ryksugulykt þegar kveikt er á ryksugunni. Á netinu er bent á sniðuga leið til að koma ilm um allt hús. Þannig má sprejja ilmi í pappírþurrku, hún er síðan ryksuguð upp í vélina og á þaðan að veita lykt um allt rýmið.

Öfugsnúin lausn

Það er ekki tekið út með sældinni að ryksuga undir rúmum. Sérstaklega borga hnén fyrir erfiðið. Ein auðveld lausn er að snúa handfanginu öfugt. Þannig myndast öfugur bogi sem gerir fólki auðveldara að ná undir rúmin án þess að þurfa að krjúpa.

Hlífum veggjum

Þegar ryksugað er rösklega vill ryksuguhausinn strjúkast við vegg og annaðhvort rispa þá eða lita. Með því að líma límband meðfram ryksuguhausnum minnka líkurnar á slíkri eyðileggingu.



Best geymda leyndarmál bæjarins

Marpól ehf. á Nýbýlavegi 18, Dalbrekkumegin í Kópavogi, býður alhliða ræstingalausnir fyrir fyriræki, stofnanir og heimili. Marpól selur ryksugur frá þýska merkinu Sebo. Vélarnar eru endingargóðar og meðal annars vinsælar til brúðkaups- og innflutningsgjafa.

Við byrjuðum að selja gólf-bón og hreinsiefni til verk-taka, stofnana og fyrir-tækja, svo bættust heimilis-ryksugur við og fleiri vorur til hreingerninga en Marpól er alhliða hreingerningaruverslun. Það er oft talað um að við séum best geymda leyndarmálið í bænum,“ segir Gunnar Sizemore, sölumaður hjá Marpól ehf., Nýbýlavegi 18 í Kópavogi.

Þýsk gæði

Marpól selur gæðaryksugur frá Sebo en Sebo-vélarnar eru bæði hannaðar og framleiddar í Þýskalandi. Í þeim er gott filterkerfi og því henta þær fólki vel sem er með ofnæmi. Sérstakur stuðpúði er utan um vélarnar, sem kemur í veg fyrir skemmdir á húsgögnum og innréttingum og á ryksugunni sjálfri, ef hún rekst utan í.

Verðið á Sebo-vélunum er frá 37.000 krónum og segir Gunnar endinguna frábæra.

„Það koma margir til okkar sem eru orðnir þreyttir á ódýrari vélum sem jafnvel eru orðnar hálfónýtar eftir árið eða pokarnir hættir að fást. Endingin er frábær á Sebo-ryksugunum og hjá okkur fást pokarnir alltaf á góðu verði. Þau fyrirtæki sem hafa keypt af okkur vélar hafa ekki þurft að endurnýja þær fyrr en eftir 10 til 20 ár. Við erum einnig með varahluta- og viðgerðþjónustu í versluninni og ef þið þarf eftir varahlut lánunum við ryksugu út á meðan,“ segir Gunnar.

Vinsælar brúðargjafir

Sebo Felix-ryksugan er vinsæl brúðkaups- og innflutningsgjafir segir Gunnar en Sebo Felix-vélin er skemmtileg útlits og fæst í mörgum litum.

„Það er ákveðið „retro-look“ á



Gunnar Sizemore sölumaður segir Marpól ehf í Kópavogi eitt best geymda leyndarmálið í bænum. Verslunin selur alhliða ræstingalausnir fyrir bæði stofnanir og heimili.

MYND/VALLI

henni. Sebo Felix-vélin er ekki handryksuga á skafti heldur öflug burstavél. Hún er mjög vinsæl hjá okkur og þessa vél geymir fólk ekki inni í skáp heldur hefur hana frekar til sýnis. Vélin er þægileg í notkun þar sem hún er ekki í eftirdragi og einnig er þetta eina burstaryksugan á markaðnum sem er með liðamótum á hausnum svo auðveldlega má smeygja henni undir borð og út í horn.“

Alhliða ræstilausnir

Gott úrval fylgihluta, svo sem burstar og stútar á ryksugurnar, fæst hjá Marpól, auk bóns og hreinsiefna fyrir ólíkar tegundir gólfefna, gólfþvottavélar, gluggaþvottaáhöld og fleira. Þá fást einnig hreinsiefni fyrir eldhús og baðherbergi, svo sem kísilhreinsir sem Gunnar segir hafa slegið í gegn.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.marpol.is.



Sebo Felix-ryksugan er vinsæl í brúðkaups- og innflutningsgjafir. Hún er eina burstaryksugan á markaðnum með liðamótum á haus svo auðvelt er að ryksuga í hornum og undir húsgögnum.



Marpól selur vélar til stofnana og fyrirtækja.



Heimilisryksugurnar frá Sebo eru búnar góðu filterkerfi og henta fólki með ofnæmi. Sérstakur stuðpúði er utan um vélarnar sem takmarkar skemmdir á húsgögnum og innréttingum.



Ryksugurnar frá Sebo þarf ekki að endurnýja fyrr en eftir 10 til 20 ár að sögn Gunnars. Gott úrval af fylgihlutum, stútum og burstum fæst í versluninni.

**VISSIR ÞÚ ÞETTA?**

Fyrsta ryksugan var Whirlwind-uppsópsvél sem notaði ekki rafmagn og var fundin upp í Chicago 1869.

Á eftir straujárninu var ryksuga annað vinsælasta heimilisraftæki heimsins á árunum 1920 til 1960.

Árið 1913 kom á markað ryksuga í sex mismunandi útfærslum og útbúin fylgihlutum fyrir ryksugun á gólfum, veggjum, áklæði og stútum fyrir rifur. Hana var meira að segja hægt að nota sem hárblásara

Á 19. öld voru ryksugur sambyggðar finum innréttingasamstæðum sem gjarnan gegndu hlutverki sófaborðs eða kokkteilbars.

Ryksugur eru áhrifaríkasta og sparneytnasta leiðin til að halda gólfum hreinum og fjarlægja ryk og ofnæmisvaka innanhúss. Sannað hefur verið að unnt er að fjarlægja 90 til 95 prósent allra óhreininda úr teppum með reglulegri ryksugun.

Áður en ryksugur komu til sögunnar voru teppi bönkuð með teppaspaða til ryklosunar og telaufum dreift á teppin til að draga í sig ryk og drullu sem svo var sópað af.

**TEPPI SKYLDI RYKSUGA TVISVAR Í VIKU**

Mælt er með því að ryksuga heimilið að lágmarki einu sinni í viku. Ef ekki eru börn og dýr á heimilinu gæti tvisvar í mánuði dugað en þá er nauðsynlegt að moppa á móti. Teppi ætti aftur á móti að ryksuga tvisvar í viku.

Þeir staðir sem oftast verða útundan þegar ryksugan er á lofti og safna því óþarflega miklu ryki eru rúm, bólstruð húsgögn, púðar og tuskudýr. Eins gleymist oft að ryksuga á bak við og undir húsgögn og ofan af hillum.

Að jafnaði dugar að ryksuga helstu gólfleti en miða skyldi við að ryksuga á fyrrgreindum stöðum að lágmarki einu sinni í mánuði.

ÓFRÝNILEG RYKSUGA

Ryksugur geta verið mikil ólíkindatöl og efniviður í margs konar listsköpun. Ófrýnileg ryksuga var meðal annars miðpunktur eins þáttar í hryllingsseríunni vinsælu Tales from the Darkside sem sýnd var í bandarísku sjónvarpi á árunum 1984-1988.

Umræddur þáttur var í fjórðu seríu og ber nafnið „Hush“. Þar greinir frá barnfóstru sem á að líta eftir veikum pilti eina kvöldstund. Til að stytta sér stundir finna þau upp á saklausum leik sem gengur út á að búa til ýmis kvikindi úr heimilis-tækjum sem borða allt sem gefur frá sér hljóð. Ekki vildi betur til en svo að ryksuga heimilisins öðlaðist líf og hóf að sjúga til ólífis allt sem gaf frá sér hljóð á heimilinu. Tekur nú við æsilegur eltingaleikur þar sem ryksugan reynir að hafa upp á þeim tveimur. Þar sem pilturinn er lasinn og með stöðugan hósta gengur flóttinn illa. Leikar æsast enn frekar þegar ryksugan öðlast mátt til að greina hjartslátt stúlkunnar.

Sögulok verða ekki gefin upp hér en áhugasamir geta horft á þáttinn, ásamt öðrum þáttum úr fjórum seríum Tales from the Darkside, á YouTube.



Sérfræðingar í RYKSUGUM

MÚRBÚÐARVERÐ

Fyrir fyrirtækin

Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L
1000W, 50 lítrar
28.900,-

Fyrir iðnaðarmanninn

Soteco Topped 515, Longo pac
165.990,-

Fyrir meistara

Ryk/blautsuga Drive ZD98A-2B 2000W, 70 lítrar
44.900,-

Fyrir minni spámenn

Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar
25.900,-

Fyrir stærri spámenn

Arges HKV-100GS30 1000W, 30 lítrar
29.900,-

Fyrir alla

Soteco Base XP 315 1300W
35.990,-

**Fyrir „alvöru“
verktaka**

Ermator Pullmann S13 1300W
254.600,-

**Fyrir Alvöru
verktaka**

Ermator Pullmann S26 2600W
349.900,-

Fyrir húsbóndann

Spandy heimilisyksuga
1600W, HEPA Pflter
6.690,-

Fyrir bílskúrinn

Drive Biskúrsryksugan 1200W, 20 lítrar
7.490,-



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Pullman Ermator - Áratuga reynsla á Íslandi!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Fimm konur skipta með sér verkum í deildinni. Þegar ljósmyndara bar að garði stóðu þær Hjördís Sigurbergsdóttir (til hægri) og Guðlaug Sigmundsdóttir vaktina. Aðrir starfsmenn eru: Auður Skúladóttir, Hjördís Ingvarsdóttir og Ingibjörg Rún Sumarliðadóttir. MYND/VALLI

Enginn vill lækningu við þrjónafíkn

Garndeildin Rokka í Fjarðarkaupum hefur tilheyrt versluninni frá 1997. Fyrir þremur árum var deildin stækkuð. Eitt af aðalsmerkjum hennar er að vera með úrval af þrjónuðum sýnishornum. Með haustinu bætist efni til skartgripagerðar við deildina.

Verslunin Fjarðarkaup var opnuð í Hafnarfirði árið 1973. Hún er þekkt fyrir fjölskrúðugt vöruúrval og þar á meðal myndarlega garndeild sem ber nafnið Rokka. „Það kom fyrst garn hér í hús árið 1997. Deildin var í fyrstu lítil í sniðum en fyrir rúmum þremur árum var ákveðið að stækka og nú er þetta hið myndarlegasta horn,“ segir deildarstjórinn, Hjördís Sigurbergsdóttir.

Mikið af þrjónuðum sýnishornum

Hjördís segir leitast við að bjóða upp á gott vöruúrval, góða þjónustu og ráðgjöf. „Þá leggjum við okkur fram um að hafa mikið úrval af þrjónuðum sýnishornum sem hefur mælst vel fyrir enda gott að geta séð útkomuna en ekki aðeins mynd á blaði.“ Hjördís segir birgjana duglega við að koma með sýnishorn en auk þess hafi hún látið þrjóna fyrir sig.

„Við erum með garn frá fjórum mismunandi birgjum og bjóðum allt frá fínu silkigarni upp í grófasta lopa. Við reynum alltaf að vera með eitthvað nýtt af nálinni. Birgjarnir eru jafnframt duglegir að fylgjast með, fara til útlanda á sýningar og koma með það sem er heitast hverju sinni.“

Ekkert lát á þrjónaáhuganum

Hjördís segir alls ekkert vera að draga úr þeim þrjónaáhuga sem hefur ríkt hér á landi frá því eftir hrún. „Það er mikið að gerast í þrjónaheiminum og mér finnst íslenskar konur uppfullar af sköpunargleði. Ég segi konur, því karlarnir eru því miður í minnihluta og ekki alveg jafn áhugasamir. Það er þó alltaf einn og einn sem kemst á bragðið. Það er nefnilega svo mikil slökun sem fylgir því að þrjóna. Þrjónaskapur er að mínu mati fíkn sem enginn vill fá neina lækningu við. Þeir sem ánetjast honum vilja bara meira garn og fleiri uppskriftir.“

Gott úrval af uppskriftum

Í deildinni er mikið úrval af þrjónabókum

Rokka

og blöðum. „Mér telst svo til að gefnar hafi verið út á bilinu tíu til fimmtán íslenskar þrjónabækur á árinu sem undirstrikar gróskuna. Við seljum allt sem við komumst yfir; bæði erlent og íslenskt enda lykilatriði að vera með gott úrval af uppskriftum. Þá höfum við líka verið að selja einblöðunga með stökum uppskriftum. Það hefur gefist mjög vel enda hentar ekki öllum að kaupa heilu blöðin eða bækurnar. Þá vill svo skemmtilega til að tvær kvennanna sem starfa í deildinni hafa verið að búa til uppskriftir sem þær selja og eru að sjálfsgöðu með þrjónuð sýnishorn.“

Efni til skartgripagerðar væntanlegt

Ýmsar nýjungar eru fyrirhugaðar í deildinni með haustinu. „Við skynjum mikinn áhuga á alls kyns handavinnu og ætlum að bæta við efni til skartgripagerðar í haust. Fyrir á árinu hætti svo eina vefnaðarvöruverslunin í Hafnarfirði og er hennar sárt saknað. Við ætlum að reyna að koma til móts við kröfur um að selja í það minnsta tvinnakefli og annað sem tilheyrir saumskap enda ómögulegt að Hafnfirðingar þurfi að fara í annað bæjarfélag eftir því,“ segir Hjördís. Aðspurð hvort jafnvel verði farið út í að selja efni segir Hjördís svo ekki vera. „Nei, við höfum ekki pláss til þess.“

Hjördís segir þegar vera farið að huga að jóluunum. „Ég var að fá inn úrval útsaumspakka fyrir jólin enda ekki seinna vænna að fara að byrja á jólasokkunum og dagatölunum.“ Hún bendir á að frá og með deginum í dag og fram á laugardag verði afsláttur af völdum vörum í deildinni. Hún bendir jafnframt á Facebook-síðu Rokku. „Þar er fólk að skiptast á ýmiskonar fróðleik og uppskriftum.“

Mikil áhersla er lögð á þrjónuð sýnishorn en þannig er hægt að sjá útkomu verksins vel fyrir sér.



Deildin var stækkuð fyrir þremur árum.

TILBOÐ – FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS

- **20% afsláttur** af Smart, Alfa, Lanett, Wintersun, King Baby Lama og Sunset garni.
- **20% af öllum** KnitPro þrjónasettum.
- **50% af öllum** Tinnu-, Bjarkar- og Rauma-blöðum, nema nýjustu blöðunum.



Í Rokku er að finna allt frá fínu silkigarni upp í grófan lopa.



Leitast er við að bjóða upp á nýjungar bæði hvað varðar garn, uppskriftir og fylgihluti.

TANDURHREINN LOPI

Íslenska lopapeysan er órjúfanlegur hluti af íslenskri menningu. Hún endist lengi og þolir ýmislegt volk. Þó er nauðsynlegt að huga vel að henni þegar kemur að þvotti.

Til eru ullarprógrömm á þvottavélum, þó er alltaf öruggast að þvo í höndum.

Á vef Handprjónasambands Íslands, www.handknit.is, er að finna þvottaleiðbeiningar fyrir ullarvörur. Þar segir:

„Þvoið flíkina einungis í höndum í ylvolgu vatni (30°C) og notið milda sápu eða þvottalög. Látið flíkina liggja í sápuvatninu í u.þ.b. 10 mínútur. Skolið hana vel, hafið skolvatnið jafnheitt þvottavatinu. Nuddið flíkina hvorki né vindið heldur kreistið úr henni vatnið. Gott er að setja mýkingarefni og e.t.v. svolítið edik í síðasta skolvatnið. Að lokum má setja flíkina í þeytivindu í u.þ.b. ½ mínútu. Leggið flíkina til þerris á handklæði og sléttið hana í viðeigandi mál. Purfi að pressa flíkina, er það gert á röngunni. Notið meðalheitt straujárn og rakt pressustykki. Pressið létt yfir flíkina en sleppið stroffum.“

**KLEÓPÖTRUKJÓLL**

Begrós Kjartansdóttir hönnuður heldur úti vefsíðunni www.tibra.is. Þar birtir hún þrjónauppskriftir eftir sig sjálfa.

Þar má finna mjög fallegar uppskriftir fyrir konur, karla og börn. Sem dæmi má kaupa uppskrift að kjól fyrir ungar stúlkur. Hugmyndin að þessum kjól kemur frá skartinu sem drottningin Kleópatra bar oft um háls sér. Á mörgum myndum virðist grípurinn vera úr málm en á sumum úr ofnum litríkum textíl.

Þarna er á ferð fallegur kjóll sem sniðugt er að byrja á núna og klára fyrir jólin.

**Áhugaverð handverks-sýning í London**

The Knitting & Stitching Show er sýning sem allt áhugafólk um hannyrðir og handverk ætti að reyna að komast á. Sýningin hefur verið haldin reglulega síðastliðin tuttugu ár og er orðin mikilvægasti viðburðurinn á dagatali bresks handverksáhugafólks.

Á sýningunni kemur saman fólk á öllum aldri til að skoða alls kyns handverk, svo sem útsaum, þrjón, hekl, skartgripagerð, fatasaum, kortagerð og margt fleira þar sem allt fremsta handverksfólk Breta og fyrirtæki eru að sýna og selja vörur sínar.

Einnig er þar fjöldi alls kyns smiðja þar sem gestir geta lært hinar ýmsu hannyrðir og handverk.

Næsta sýning verður haldin í London 8. til 12. október næstkomandi.



Á hannyrðasýningunni **The Knitting & Stitching Show** má sjá allt sem viðkemur þrjóni. MYND/GETTY

WWW.MARC-O-POLO.COM

Marc O'Polo

MARC O'POLO STORE
Kringlan Shopping Center
Kringlan 4-12
Reykjavík

FOLLOW YOUR NATURE
UMA THURMAN



Suðurlandsbraut 32



BORGUN

TRI VERSLUN er nú að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun.

Verð frá ➤ 71.990kr



FERÐADAGAR

ORKUBARINN
15% AFSLÁTTUR
út ágúst mánuð!



**20% afsláttur af öllum Cube Hybrid,
29" fjallahjólum & 26" fjallahjólum.
Tilboðið gildir út ágúst mánuð**

FERÐADAGAR

CRAFT ❖ 15% afsláttur af Craft vörum út ágúst mánuð CRAFT ❖

WWW.TRI.IS

Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

FEGRUNARRÁÐ | BLOGGARI GEFUR ÚT BÓK UM NÁTTÚRULEGAR HÁRHREINSIÐFERÐIR

SKÍTUGT OG FALLEGT HÁR

Enski bloggari Lucy Aitken Read fékk nóg af því að punga út stórum fjárhæðum fyrir rándýr sjampó og ákvað að hætta að þvo hár sitt upp úr kemiskum hársápum fyrir tveimur og hálfu ári. Hún segir hár sitt aldrei hafa lítið betur út né verið meðfærligra en nú.

„Fyrst um sinn leit hárið virkilega illa út en þegar upp er staðið er hárið milljón sinnum heilbrigðara og fyllra og vex mun hraðar en

áður,” segir Lucy sem er tveggja barna móðir og skilgreinir sig sem nútíma hippa í útliti.

Lucy viðurkennir að það hafi verið erfitt að hætta að nota sjampó.

„Fyrst verður hárið að fá að fitna eftir áralanga notkun kemískra hársápa sem hindra framleiðslu náttúrulegrar húðfitu og á meðan er hárið bæði illa lyktandi og skelfing að sjá. Haldi maður

sig hins vegar við efnið verður hárið smám saman fyllt, hreint og fallegt á náttúrulegan hátt.“

Lucy hefur sent frá sér bókina Happy Hair þar sem hún deilir náttúrulegum hárhreinsiaðferðum með þeim sem eru orðnir leiðir á fokdýrum sjampóum, fullum af vafasömum efnablöndum.

● Blandið matskeið af matarsóða saman við svolítið vatn og látið vera í hársverði í fáeinar mín-

útur. Skolið og hárið verður tandurhreint.

● Piskið egg í bolla, hellið yfir hárið og nuddið í hársvörðinn. Skolið með köldu en ekki heitu vatni. Egg gera hárið hreint, mjúkt og glansandi.

● Eplaedik er fyrirtaks hárnæring. Setjið skvettu ediks á móti vatni í hárið í fáeinar mínútur og skolið.

● Blanda af sykri og sítrónu gerir frískandi hársprey.



NÚTÍMANÆR-FÖT BÖNNUÐ

● TÍSKA

Settar hafa verið nýjar reglur fyrir leikara sjónvarpsþáttanna vinsælu Downton Abbey. Þeir mega nú ekki klæðast nútímalegum undirfatnaði eða vera með nokkuð nútímalegt undir höndum sem óvart gæti slæðst á mynd. Ástæða þessara breytinga er kynningarmynd sem nýverið var tekin af tveimur leikaranna fyrir framan arin. Við fyrstu sýn er ekkert athugavert við myndina en þegar nánar er að gáð sést glítt í plastflösku sem einhver hefur gleymt á arinhillunni.

Viðmælandi Telegraph greindi frá því að nútímaleg úr og skartgripir væru einnig bannaðir. Aðeins hafi verið gerð undanþága fyrir gleraugu og astmapúst.

Leikararnir hafa tekið þessum mistökum með vatnsflöskuna létt og hafa raunar nýtt tækifærið til að benda á það sem betur mætti fara í heiminum. Þannig birtu þeir hópmynd af sér á Instagram-síðu góðgerðarsamtakanna Water Aid UK. Þar hélt allur hópurinn á vatnsflöskum líkum þeirri sem óvart laumaði sér inn á kynningarmyndina.



FLOTTUR MEÐ FLÉTTU

● TÍSKA

Leikstjórinn Cary Joji Fukunaga hlaut Emmy-verðlaunin í vikunni fyrir leikstjórn þáttanna True Detective. Hann vakti sérstaka athygli tiskuspekúlanta og Twitter-notenda sem kiknuðu í hnjúnum yfir persónuleikagleraugum, vel sniðnum smóking og ekki síst hárinu sem var fallega fléttu. Fukunaga er þekktur fyrir að skrifa og leikstýra myndinni Sin Nombre (2009) og leikstýra kvikmyndinni Jane Eyre (2011).



CHANEL

GRÉTA BOÐA KYNNIR GLÆSILEGAR NÝJUNGAR FRÁ CHANEL 28.–30. ÁGÚST Í HYGEU KRINGLUNNI

- Haustlitina 2014
- Vitalumiere púðurfarða
- Le Lift augnkrem og serum
- Dömuilminn Coco Noir parfum og líkamskrem
- Herrailminn Bleu De Chanel EDP




HYGEA
Snyrtivöruverslun Kringlu
Sími 533 4533

27% COSMO 27 ÁRA

% afsláttur af öllum vörum
Fimmtudag - sunnudag



*Ótrúlegt úrval
af mussum
100% silki*



Kringlunni

BLÁTT SUMAR 2015

TÍSKA Tískuvikan í Stokkhólmi hófst á þriðjudaginn. Tískumerkið Hunkydory reið á vaðið og sýndi vor- og sumarlínu sína fyrir árið 2015.

Tískumerkið Hunkydory reið á vaðið á sænsku tískuvikunni í Stokkhólmi, sem hófst á þriðjudag. Hunkydory er þekkt fyrir stæleg fót með léttu rokk/bóhem-ívaði og sýndi vor- og sumarlínu sína fyrir árið 2015. Bláir tónar einkenndu línuna í bland við sandlitað, hvítt, grátt og svart.

Sýningarstúlkurnar stormuðu fram pallana í síðum, bylgjandi pilsum og kjólum. Samfestingar, stuttbuxur og víðar skyrturnar voru áberandi og einnig gallaföt og

blúnda. Línan þótti í heild afslöppuð, stuttermabolir innanundir hvítum skyrturnum og mosagrænum jökkum í hermannastíl. Gallabuxur með útvíðum skálmum og léttir leðursandalar gáfu tóninn fyrir sumarið.

Alls taka 29 hönnuðir þátt í tískuvikunni í Stokkhólmi í ár en þetta er í níunda sinn sem hún er haldin.

www.fashionweek.se



FINNST ÞAÐ BESTA FYRIR ÞÍNA HÚÐ Í OLÍU?

BECAUSE YOU'RE WORTH IT.

NUTRI GOLD

NÆRING, ÞRÓTTUR, LJÓMI

- VEITIR HÚÐINNI NÆRINGU
- GEFUR FRÍSKANDI LJÓMA
- LÉTT OG FLAUELSMJÚK ÁFERÐ

Ytri áhrif og sífelldar veðrabreytingar í okkar norræna veðurfari geta verið þess valdandi að húðin virkar stíf og þurr. Þess vegna hefur L'Oreal skapað nýju Nutri Gold línuna með einstaklega endurnærandi jurtaolíum. Fullkomin húðumhirða, sem gefur þér flauelsmjúka húð sem geislar af þrótti.

NUTRI GOLD EXTRAORDINARY FACE OIL
3 dropar kvölds eða morgna ein og sér eða áður en þú berð á þig dagkrem. Ólían smýgur létt inn í húðina án þess að skilja eftir sig fitutilfinningu og húð þín fær ljóma og öfluga næringu.

NUTRI GOLD OIL-CREAM
Inniheldur örsmáa einangraða dropa af olíu, sem bráðna á húðinni. Kremið gefur ríkulega næringu og raka allan daginn.

Dekraðu við húðina með einstakri húðumhirðulínu.



NÝJUNG

NUTRI GOLD
EXTRAORDINARY OIL-CREAM

L'ORÉAL
PARIS

Kakíbuxur
á 6.900 kr.
Stærð 36 - 48

Einnig
gallabuxur
á 6.900 kr.
Stærð 36 - 50

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 10-15.

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 (Bolhólmstúdíó) | Sími 555 1516

Klukkan á myndir og verð á Facebook

Vissir þú að...

 **Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á Vernd
gegn klámi.



FLOTT BÍLAKERA.
IFOR WILLIAMS. Árgærd 2012, Verð 1.580.000. með vsk, lítið sem ekkert notuð, er eins og ný. Rnr.104792, er á staðnum. S:562-1717.



DRAUMUR HVERNNA MANN!
HUMMER H2. Árg.2007, ek. aðeins 105. þús km, sjálfskiptur, lítur MUÖG vel út, einn með öllu, er á staðnum. Verð 4.980.000. Rnr.390658. S:562-1717.



100% LÁN MÖGULEGT
POLARIS INDY SPORT TOURING
Árgærd 2001, ekinn minna en 1 þús km !!! lítur rosa vel út, er á staðnum. Verð 490.000. Rnr.104793. S:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is



TOYOTA Rav4 x. Árgærd 2012, ekinn 52 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Krókur. Verð 4.470.000. Rnr.181911.



TOYOTA Rav4 x. Árgærd 2012, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Tilboð 3.850.000 Rnr.181858.

Toyota Kletthálsi
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Opíð virka daga 9-18, lau 12-16.
www.toyotakletthalsi.is



M.BENZ C 300 sport. Árgærd 2008 ekinn 46 Þ.KM sjálfskiptur AMG útlitspakkí Glæsilegur bíll . Verð 4.990.000. Rnr.100191. Abill.is sanngjörn söluáun góð þjónusta Abill.is

abill.is
Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík
Sími: 5876600
Skráðu bílinn frítt á abill.is !



Kia Sportage EX 4wd 112 hö diesel. Árgærd 2005, ekinn 169 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.210061.



Kia Sorento EX Luxury 197 hö. Árgærd 2011, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000. Rnr.990536. 4 ár eftir af verksmíðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ GL 450 4matic. Árgærd 2006, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.990600.



SUZUKI Grand vitara. Árgærd 2009, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.240150. Tilboð kr: 2.890.000,-

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Bara gaman. Sama lága verðið kr.148.900,-

Suzuki Umboðið ehf
SKEIFAN 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
SUZUKI@SUZUKI.IS
SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS



NÝR BÍLL
Hyundai i20 Classic. Árgærd 2014. Beinskíptur. Bensín. 5 ára ábyrgð. Frábært verð aðeins 2.090.000kr. Raðnúmer 156272. Sjá nánar á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftilit á plani
http://www.stora.is



SÁ SNAGGARALEGASTI 2014 MODEL

FIAT 500 sport +. Árgærd 2014, ekinn 18 Þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 2.480.000 ákv 1.850.000 Rnr.137610. s. 695 2015



2014 ÁRGÆRD SJÁLFSKIPTUR
TOYOTA Yaris sol. Árgærd 2014, ekinn 12 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.880.000. Möguleiki á góðu láni Rnr.137616. s. 695 2015

Bill.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4. Árgærd 2013, ekinn 15 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.490.000. Rnr.113912.



TOYOTA Auris terra. Árgærd 2012, ekinn 64 Þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 2.370.000. Rnr.113902.



TOYOTA 4runner. Árgærd 2006, ekinn 103 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.112597.



HONDA Accord tourer. Árgærd 2013, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.114054.



HONDA Accord sedan. Árgærd 2008, ekinn 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.970.000. Rnr.114041.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



TOYOTA Corolla s/d Terra 1.6. 6/2013, 25þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.440.000. Skipti ód. Rnr.122661.



TOYOTA Auris Terra Eco 1.4 dísel. 5/2013, 34þ.km, dísel, 6 girar. Verð 2.890.000. Skipti ód. Rnr.122736.



TOYOTA Auris Sol Hybrid. 10/2011, 20þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.440.000. Skipti ód. Rnr.209881.



TOYOTA Yaris Terra 1.0. 6/2013, 21þ.km, bensín, 5 girar. Verð 2.490.000. Skipti ód. Rnr.122695.



TOYOTA Yaris Terra 1.0. 5/2011, 71þ.km, bensín, 5 girar. Verð 1.790.000. Skipti ód. Rnr.200031.



SUZUKI SX4 GLX 4wd. 5/2012, 45þ.km, bensín, 5 girar. Verð 2.790.000. Skipti ód. Rnr.122655.



HONDA Jazz comfort. 6/2010, 64þ.km, bensín, 5 girar. Verð 1.680.000. Skipti ód. Rnr.122733.



VW Passat Comfortline tdi. 12/2012, 29þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.150.000. Skipti ód. Rnr.122647.

Toyota Akureyri
Baldursnes 1, 600 Akureyri
Sími: 460 4300
Opíð virka daga 9-18



TOYOTA Land Cruiser 100VX 38". Árg 1/2002, ek 195 Þ.KM, dísel, sjálfsk, Leður, Luga, 38" breyttur, Topp eintak, vel búinn og lítur mjög vel út. Ásett verð 4.490.000. Rnr.118932. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00, lokað lau
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Ford 150 limited edition árg .08. Ek. 78 Þ.KM. Bensín. Bíll í toppstandi og lítur út eins og nýr. Ásett verð 4.990.000. Til sölu og sýnis á Bílahöllinni Bíldshöfða 5. S. 567-4949.



KAUPUM BÍLA
HÆRRA UPPTÖKUVERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



ERU RISPUR Á BÍLNUM ÞÍNUM ?
QUIXX PAINT SCRATCH REMOVER fjarlægir rispur úr lakki hratt og örugglega. Skoðuðu úrválið á www.quixx.is.



FIAT STILO - TILBOÐ ÓSKAST!
Fiat Stilo. Árg. 2004. Ek. 172 þ.km. Bensín. Beinsk. Dökkgrár. S. 866-8098.



Land cruiser 90 diesel common rail árg .02, sjálfsk. ek. 190.000. Ásett verð 1800 þús. Alltaf fengið topp viðhald. Algjör gullmoli. S. 895 0163.

250-499 þús.



ÓDÝR SPARIGRÍS !
VW Polo 1.2 árg .04. ek. 175þús. Beinskíptur. Tímakedja. 5dýra. heill og sparneytinn bíll. Ásett v:690þús. Tilboðsverð: 490þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



Opel Astra 1.2 árg .03 ekinn aðeins 84 þús, nýleg heilsársdekk, beinsk., 3ja dyra. Nýsk. og ný smurður. Verð 390þús. Uppl. í s. 698 0763.

500-999 þús.



TILBOÐSVERÐ 550ÞÚS STG
Renault Megane sport tourer 1.6 árg .04. ek. 158þús km. sko'15. bs, heilsársrd., góður bíll. ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 550þús stgr ! möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



FOCUS C-MAX - TOPP EINTAKI!
Ford Focus C-Max 1.6 árg .05. ek. 154þús. bsk. sko .15. smurbók. virkilega heill og góður bíll sem hefur verið hugsað vel um. ásett v:1.090þús. Tilboðsverð: 890þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



SJÁLFSKIPTUR - LÍTIÐ EKINN
Renault Megane 1.6 árg .05. ek aðeins 117þús km. sk .15. nýleg tímareim. skk. smurbók. bíll í toppstandi og lítur vel út. Ásett v:890þús. Tilboðsv. 650þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar



Kubota Gr 2100 árgærd 2007 Notaður 735 tíma verð 1.300.000+vsk Leó S: 8975300 eða leo@orlofshus.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til ellifryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun



BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE

Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar. Millifærsla - greiðslukort - netgró www.hush.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér takl Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

WWW.AKSTUROGKENNSLA.IS
Ökukennsla, ökuskóli og akstursmat. Kenni allan daginn. GSM: 8973660. Guðjón Ó. Magnússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

3JA HERBERGJA ÍBÚÐ RÉTT VIÐ HÁSKÓLANN

Góð 3ja herbergja íbúð í Skerplugötu 101, rétt hjá Háskólanum Verð 169þ laus strax. Upplýsingar í síma 663 5790.

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Hjón m/ 2börn óska eftir íbúð til leigu í norðurbæ Hafnarfjarðar uppl í s: 666 8686

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUHÚSNÆÐI AÐNUM II, 190 VOGAR.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Opíð um helgar 10-19. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.

Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 Sólbakki.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

ATVINNA

Atvinna í boði

VANTAR ÞIG VINNU? OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

Veitingastaðurinn Snaps við Óðinstorg óskar eftir að ráða kokka, þjóna og aðstoðarfólk í full störf og aukastörf. Ert þú rétta manneskjan ?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að senda línu á snaps@snaps.is

SJÓMENN

Útgeðarfyrirtæki óskar eftir að ráða vana sjómenn í eftirfarandi stöður: Stýrimann, vélstjóra, háseta, vinnslustjóra og Vmk eða Baader menn. Útgerðin rekur frystitogara og uppsjávarskip.

Umsóknir sendist á tjonusta@365.is merkt „sjómenn“



MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samvirkusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/



Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í fullt starf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakari.is Uppl. í s. 555 0480

MATREIÐSLUMAÐUR

Óskast á meðalstórt veitingahús á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími 10-20 virka daga eða eftir samkomulagi og aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði.

Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingar“



KVIKKFIX GETUR BÆTT VIÐ SIG FÓLKI.

Vantar fólk í smur - dekk og smáviðgerðir.

Áhugasamir sendi upplýsingar um sig ásamt meðmælum á orri@nrg.is www.kvikkfix.is

til sölu

Er með til sölu Renault Master '96 model.

Skoðaður 14 - Flottur Húsbíll, hentar á tjaldsvæðið og á fjöll. Hann er á góðum dekkjum splittaður að aftan og drífur helstu fjallavegi Íslands VERÐ 850.000. Upplýsingar í síma 848-5280 eða sverrir @this.is.



CASTELLO PIZZERIA

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is s. 692 3051.

Starfsmann vantar í Svanhvit Efnalaug. Vinnutími frá 8-16 alla virka daga. Gott skipulag, öguð vinnubrögð og sjálfstæði eru lykilþættir í starfið. Umsóknir með ferilskrá á svanhvit@svanhvit.is

MÁLARI

Vanur máleri óskast til starfa. Uppl. í s. 778 0100

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á ainar@solning.is.



Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Viðgerðir og viðhald fasteigna!

Alhliða húsviðgerðir - Flísalagnir
Veggjakrottsvarnir - Múrverk
Fyrirbyggjandi varnir

Sími: 565-7070

XPRENT -markit allt
Hafðu samband við okkur ef þig vantar: bílamerkingar inni- og útimerkingar striga- og ljósmyndaprentun prentun á gsm hulstur limmiða á vegg texta á veggj ofl.
www.xprent.is
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

Dáleiðsla
Sigrast á flughræðslu, hætta að reykja, léttast / þyngjast eða láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft
Sjúkraliði og Dáleiðslutæknir
ibernhoft@gmail.com • S.863 8902

GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
• Hjólbarðaviðgerðir
• Smurþjónusta
• Bremsur
• Demparar
• Rafgeymar
• o.fl.
Gylfaflöt 3 Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BROTAFLL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
Brotafll ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafll@simnet.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hlíðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Mínum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörn í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Belle jarðvegsþjoppur í miklu úrvali.
Nú er rétti tíminn að athuga með þjoppur, valtura eða hoppara fyrir vorið. Belle leysir vandann.
www.bellegroup.com
ASAFL ENF
Hjállahraun 2 - 220 Hafnarfj.
s. 562 3833 - 863 5512
www.asafl.is - asafl@asafl.is

Startarar og alternatorar
Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Varahluta og viðgerðarþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir
55ár í þjónustu við bíleigendur!
Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljusboginnehf@simnet.is

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is



KL. 20:50

NCIS

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félagaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.

Fjölbreytt fimmtudagskvöld

KL. 20:05

Masterchef USA

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



KL. 21:35

Major Crimes

Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglu-konuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild.



KL. 22:20

Louie

Gamanþættir um fráskilinn og einstæðan föður sem baslar við að ala dætur sínar upp í New York.



KL. 20:15

Two and a Half Men

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 20:10

Wilfred

Bandarísk gamanþáttaröð með Elijah Wood í hlutverki manns sem fer að sjá hund nágrannans sem mann í hundabúningi.



SUDOKU

LÉTT

	3	8	4				7	2
		2	6	5				
	6		2			3		
7	8		3		2	4	5	
		4	5				3	8
	9							
2		9					8	6
			8		1	7	9	
				4				

LÉTT

MIDLUNGS

6	9				8			
8			6		2	4		
4			3			1	6	
3	6	5		7				
	2						6	
	8	4		9			3	5
		8				1	2	
					4			
		5	1	9				7

MIDLUNGS

PUNG

6			9					8	5
		7	3	4			2	1	
					6				
	2				5				8
		3							1
5			7	8					2
	4	9							
2				3					9
3	8	1							5

3	8	9	1	4	5	2	7	6
6	1	2	7	9	8	5	3	4
5	4	7	2	6	3	8	1	9
7	5	6	8	1	9	3	4	2
8	9	4	3	7	2	6	5	1
1	2	3	4	5	6	7	9	8
9	6	1	5	2	7	4	8	3
2	7	8	9	3	4	1	6	5
4	3	5	6	8	1	9	2	7
4	7	1	6	9	2	8	5	3
8	6	5	7	1	3	4	9	2
9	2	3	8	4	5	1	6	7
5	8	7	4	2	9	6	3	1
5	4	2	8	3	7	6	1	9
2	3	6	1	5	7	9	4	8
1	9	4	3	6	8	7	2	5
6	5	9	2	7	1	3	8	4
3	1	2	9	8	4	5	7	6
7	4	8	5	3	6	2	1	9
4	9	8	7	5	2	1	6	3
1	5	6	3	4	9	7	8	2
7	2	3	6	8	1	4	9	5
5	4	2	8	3	7	6	1	9
6	7	1	9	2	4	5	3	8
3	8	9	5	1	6	2	4	7
8	3	7	1	6	5	9	2	4
9	1	4	2	7	3	8	5	6
2	6	5	4	9	8	3	7	1

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur


PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



SPAKMÆLI DAGSINS

„Nekt er besta dulargervið.“

Jeanette Winterson.

KROSSGÁTA

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

LÁRÉTT 2. fyrirhöfn, **6.** samtök, **8.** styrkur, **9.** hár, **11.** eldsneyti, **12.** enda, **14.** narsl, **16.** tveir eins, **17.** gerast, **18.** blóm, **20.** bardagi, **21.** málmur.

LÓÐRÉTT 1. kassa, **3.** skóli, **4.** skilgreina, **5.** nögl, **7.** dávænn, **10.** blessun, **13.** fljótfærni, **15.** ónenna, **16.** traust, **19.** átt.

LAUSN

ras, **15.** lét, **16.** trú, **19.** sa. **LÓÐRÉTT:** 1. mauk, 3. ma, 4. arnaraka, 5. kíó, 7. állstör, 10. lán, 13. ske, 18. rós, 20. at, 21. úran. **LÁRÉTT:** 2. ómak, 6. aa, 8. af, 9. ull, 11. mó, 12. klára, 14. snarl, 16. tt, 17. átt, 18. rós, 20. at, 21. úran.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Kínverjinn Ding Liren (2.742) hafði svart gegn Serbanum Milos Perunovic (2.602) á Ólympíuskákmótinu í Tromsø.

Svartur á leik:



26.... Hxe3! Hvítur gafst upp. Hann tapar manni eftir 27. Hxe3 Dxf2+ 28. Kh1 Dxe3 og er mót eftir 27. fxe3 Df2+ 28. Kh1 Df3+ 29. Kh2 Dg3+ 30. Kh1 Dh2#. **www.skak.is** Héðinn teflir á Ítalíu.

THAILAND
Santa Maria



RÉTTA BRAGÐIÐ ÚR AUSTRI

Fæst í verslunum
Hagkaups og Bónus

BONUS

HAGKAUP



MENNING

Fundir í fjörunni urðu að framkvæmdum

Hildigunnur Birgisdóttir, Bjarki Bragason og Claudia Hausfeld opna samsýninguna Eins og Eins í dag í Hverfisgalleríi á Hverfisgötu 4 í Reykjavík.

„Hugmyndin að sýningunni kviknaði út frá heimspekilegum samræðum okkar á milli um hluti og uppruna þeirra. Öll verkin á sýningunni fjalla á einhvern hátt um slíkar skilgreiningar en við vinnum verkin hvert í sínu lagi,“ segir Hildigunnur Birgisdóttir. Hún er ein þremmenninganna sem eiga verk á sýningunni Eins og Eins í Hverfisgalleríi sem verður opnuð í dag milli klukkan 17 og 19. Hínir eru Bjarki Bragason og Claudia Hausfeld. Þegar forvitnast er meira um hinar heimspekilegu vangaveltur listafólksins sem leiddu til sýningarinnar segir Hildigunnur. „Við fundumst í fjöru, nánar tiltekið á Gullströndinni sem er millistykkið milli Sel-tjarnarness og Reykjavíkur. Þar hófum við þessar umræður þegar

við rákumst á ryðhrúgur, plast og glerdrasl sem hafði þó öll svipbrigði náttúrunnar. Eftir þetta fórum við nánast í pílagrímsferðir í fjöruna til áframhaldandi þælinga og sá staður varð heimili samræðna okkar. Þó er ekkert okkar að fjalla um þennan stað á sýningunni, heldur eiginleika hans. Út frá honum spruttu fram hugmyndir að verkum hjá hverju og einu og samræðan varð að framkvæmdum.“

Bjarki er með vídeóverk og teikningar á sýningunni, Hildigunnur með skúlptúra og Claudia með ljósmynd og þrívíð verk. Þau ætla að halda samræðu sinni áfram og taka þátt í ráðstefnunni Art in Translation í Háskóla Íslands 18. september.

- gun



LISTAFÓLKID Hildigunnur, Bjarki og Claudia fundust í fjöru og duttu í djúpar samræður. Afrakstur þeirra þælinga er á sýningunni Eins og Eins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRÍ MARINÓ KARLSSON



LEIKKONAN Krakkarnir fá að velta fyrir sér skipulagsspurningum eins og „hvers konar hús gera fólk hamingjusamt“, segir Aude Busson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Börn kunna að búa til ævintýri kringum sig

Í verkinu Ég elska Reykjavík sér Aude Busson leikkona borgina með augum barna. Hún frumsýnir það í dag við Hörpu og fer leynileiðir með börn og fullorðna.

„Sýningin Ég elska Reykjavík fjallar um hvernig börn upplifa borgina. Það er oft fjallað um tengsl barna við náttúruna og lögð áhersla á þau en sjaldnar minnst á tengsl þeirra við borgina og hvernig þau hafa sér þar. Þó búa flest börn í borg,“ segir Aude Busson leikkona.

Listakonan segir könnun sem hún gerði í Vesturbæjarskóla og leiklistardeild Leikfélags Akureyrar hafa orðið kveikjuna að verkinu. „Ég rannsakaði hvernig börn búa til sögur. Svo spái ég í hvernig þau hafa sér. Þau eru ekki eins og fullorðna fólk sem gefur sér ekki tíma til að fara út fyrir markaða leið þegar það fer á milli staða. Börnin búa til ævintýri kringum sig, leika sér að því að labba ekki á línunum, þrilla upp á litla vegg og hvað sem er og fara leynileiðir, til

→ Meðal fyrri verkefna Aude Busson á Íslandi

Þjóðleikhúsinu: Brúðustjórnandi í Sindri Silfurfiskur 2009

Með Mind group: Lék í Map of the world 2012

Með Við og við: Assassinating the foreigner og leiklistarnámskeið fyrir innflytjendur í Borgarholtsskóla 2012

að uppgötva eitthvað nýtt. Jafnvel þó þau séu bara að fara í skólann.“

Aude viðurkennir að sýningin byggist líka á hennar eigin reynslu. Hún flutti hingað fyrir tíu árum frá Frakklandi og man vel fyrstu kynni sín af Reykjavík. Reyndar kveðst hún alltaf vera að upplifa eitthvað nýtt í borginni. „Það er dæmigert fyrir útlending í borg að taka eftir nýjum hlutum. Ég reyni líka að uppgötva stöðugt eitthvað nýtt svo ég þurfi ekki alltaf að flytja þegar ég er orðin leið á einhverju!“ segir hún hlæjandi.

Ég elska Reykjavík er liður í leiklistarhátíðinni Lókal. Frumsýning er í dag klukkan 16.30 og mæting er við Hörpu. „Við förum með börnin út og þá sem eru í fylgd með þeim. Þess vegna verður fólk að vera klætt eftir veðri en ekki í leikhúsfötum,“ segir Aude og tekur fram að Ég elska Reykjavík sé einungis sýnt í dag og á morgun klukkan 16.30 og á laugardag og sunnudag klukkan 14. Miða þarf að panta fyrirfram á www.lokal.is því takmarkaður fjöldi kemst að hverju sinni.

gun@frettabladid.is

Söngur og gleði í Hamraborg

Búast má við einstakri stemningu í Hamraborg í Hofi á Akureyri annað kvöld þegar Sinfóníuhljómsveit Norðurlands efnir til tónleikanna Syngdu með.

„Við ætlum að prófa í fyrsta skipti að bjóða almenningi að syngja með sveitinni. Okkur finnst það tengjast þema Akureyrarvöknunar svo vel, almenning fyrir almenning,“ segir Brynja Harðardóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands um tónleika sveitarinnar í Hofi annað kvöld. „Við vonumst til að fá fjölbreyttan hóp af fólki til að vera með og upplifa stemninguna í húsinu. Svo verða Óskar Pétursson sem allir Norðlendingar þekkja og elska, og Ragnheiður Gröndal sem kemur lengra að, Hjalti og Lára, hjón sem hafa komið fram víða og náð miklum vinsældum. Listamennirnir troða upp einir líka. Óskar Pétursson syngur til dæmis Hamraborgina.

En hvernig lög verða í hópsöngnum? „Klassísk íslensk lög eins og Í fjarlægð, Vikivaki, Síldarvalsinn, Með þér og fleiri slík. Við verðum með textana á tjaldi og hlökkum hrikalega til að fylgjast með hvernig gengur að fá fólk til að taka undir.“

- gun



FRAMKVÆMDASTJÓRINN Við hlökkum mikið til að fá fólk til að syngja með okkur,“ segir Brynja.

MYND/ÚR EINKASAFNI

OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN
30. ÁGÚST
MILLI 13 OG 16

MÍÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS



acer

HRAÐVIRK MEÐ SSD

Þær verða ekki mikið betri fyrir skólann. 8GB vinnsluminni og 128GB SSD skilar hraðri vinnslu, kristaltær 13,3" skjár og Intel HD skjástýring tryggir alvöru myndgæði og orkunýttinn Intel Pentium örgjörvi skilar allt að 7 tíma rafhlöðuendingu. Glæsilega hönnuð og vegur aðeins 1,5kg.

109.990

ACE-NXMPHED002

ÓTRÚLEGT VERÐ

Frábær kostur fyrir alla almenna tölvuvinnslu eins og netið, tölvupóstinn, ritvinnslu og þetta helsta. AMD Dual Core örgjörvi, HD8210 skjástýring, 4GB vinnsluminni og 500GB diskur.



TOSHIBA TOS-C50DA147

49.990

VAR AÐ LENDA

Geggað verð á þessari nýju Asus fartölvu með Intel Dual Core örgjörva, Intel HD skjákorti, 4GB vinnsluminni og 500GB hörðum disk. USB3.0, HDMI, VGA og kortalesari. Stílhrein og flott.



ASUS ASU-X551MAVRCLN06

54.990

INTEL PENTIUM



Þessi er mjög vinsæl fyrir skólann og heimilið. Mjög hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium örgjörva. Traust og sterkbyggð með miklu geymsluplássi á 500GB hörðum disk og sambyggðu Intel HD skjákorti.

TOSHIBA
TOS-C50B133

69.990

HVÍT MEÐ 8GB MINNI



Ein sú heitasta í úrvalinu. Glæsileg hvít 15,6" fartölva með 8GB vinnsluminni og stórum 1TB hörðum disk. Hraðari gagnaflytingur með USB3 og HDMI til að

tengja við sjónvarp eða skjá.

TOSHIBA
TOS-L50B1FP

84.990

FULL HÁSKERPA OG I5

Glæsilega hönnuð silfurlituð fartölva með öflugum Intel i5 Haswell örgjörva sem skartar 15,6" FullHD skjá með frábærum myndgæðum og skerpu. 8GB vinnsluminni og 1TB gagnadiskur.



TOS-L50B15N

129.990

tl.is



OPIÐ ALLA
DAGA Í ÁGÚST
Á SUÐURLANDSBRAUT

ALLT ÚRVALIÐ Á TL.IS

TÖLVU
LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

Rás mun snerta gesti

Sýningin Rás verður opnuð í Hafnarborg í Hafnarfirði á morgun, föstudag. Þar sýna sex einstaklingar sem hafa verið áberandi í myndlistarlífinu.

„Listasalirnir eru forkunnarfallgir og ég get lofað því að sýningin Rás mun snerta gesti djúpt,“ segir Helga Þórsdóttir menningarfræðingur. Hún er sýningarstjóri haustsýningar Hafnarborgar í Hafnarfirði sem opnuð verður annað kvöld. Þar er teft saman verkum listamanna sem þekktir eru fyrir að gera huglægri reynslu efnisleg skil á áhrifaríkan hátt. Þeir eru Daníel Magnússon, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Ívar Brynjólfsson, Ívar Valgarðsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Þóra Sigurðardóttir.

Listafólkið á allt að baki fjölda sýninga hér á landi og erlendis að sögn Helgu sem átti hugmynd-

ina að Rás. Sú hugmynd var valin úr innsendum tillögum að haustsýningu 2014. „Markmiðið með stefnumóti þessa fólks er ekki síst að varpa ljósi á samtímalistaköpun sem farveg fyrir nýjar hugsanir og hugmyndir,“ segir Helga.

Rás verður opnuð klukkan 20 annað kvöld. Á sunnudaginn, 31. ágúst, verður listamannspjall í Hafnarborg klukkan 15.

Þar sem einn af sýnendum, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir myndlistarmaður, hefur orðið. „Guðrún er búsett í Finnlandi,“ upplýsir Helga. „Því er sérstakur fengur að fá hana hingað með sína list og spjall.“

gun@frettabladid.is



EITT VERK-ANNA Þetta er eftir Þóru Sigurðardóttur.



Á SÝNINGUNNI Verk eftir Daníel Magnússon.



SPECIMINA DOMESTICA List eftir Ívar Brynjólfsson.

OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN
30. ÁGÚST
MILLI 13 OG 16

MÍÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS



NOSTRÐ VIÐ STEINANA Leikhópurinn sem sýnir Petru var á æfingu þegar þessi mynd var tekin.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Friðar samvaskuna með leiksýningu

Pétur Ármannsson leikstjóri er langömmubarn steinasafnarans Petru. Hann sýnir verkið Petru í Tjarnarbíói á morgun á leiklistarhátíðinni Lókal.

„Það er hættulegt að fresta því að tengjast fólkinu í kringum sig,“ segir Pétur Ármannsson leikstjóri. Hann kveðst iðrast þess að hafa ekki sinnt langömmu sinni, Petru Sveinsdóttur á Stöðvarfirði, betur meðan tími var til en hún lést fyrir tveimur árum, nokkrum mánuðum áður en hún hefði orðið nírræð.

Nú er Pétur búinn að gera leiksýningu um þessa langömmu sína sem bjó á Stöðvarfirði allt sitt líf og var oft kölluð Steina-Petra enda átti hún stærsta einkarekna steinasafn í heimi að talið er. Leiksýninguna segir Pétur vera tilraun til að bæta fyrir vanrækslu sína við langömmu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Pétur gerir leiksýningu um náinn ættingja. Sýningin Dansaðu fyrir mig fjallar um draum föður hans, Ármanns Einarssonar, um að verða atvinnudansari. Sú sýning hlaut tvær tilnefningar til Grímunnar og hefur farið víða. Petra verður frumsýnd á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni Lókal annað kvöld, 29. ágúst, klukkan 19 í Tjarnarbíói. Frekari upplýsingar má nálgast á lokal.is.



- gun



LEIKSTJÓRINN Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Pétur gerir leiksýningu um náinn ættingja.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Spilaði af hamsleysi en líka mýkt

★★★★★

Sinfóníuhljómsveitin í Toronto flutti verk eftir Vivier, Rakmaninoff og Tsjajkovskí í Eldborg Hörpu sunnudaginn 24. ágúst.

Þegar ég vaknaði daginn eftir tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar í Toronto ómaði fiðlukonsert Tsjajkovskís enn í höfðinu á mér. Einleikarinn James Ehnes var ótrúlega flinkur, en það var ekki málið. Nei, túlkun hans og hljómsveitarinnar allrar undir stjórn Peters Oundjian var svo áhrifamikil. Hver einasti tónn hafði merkingu, laglínurnar voru fullar af tilfinningu. Stígandinn í túlkuninni var þannig að hvergi var dauður punktur. Þetta var stórkostlegur flutningur.

Tæknin hjá bæði einleikara og hljómsveit var óaðfínanleg, en hún var ávallt í þjónustu innblástursins. Þegar svona framúrskarandi listafólk kemur fram gerir maður ráð fyrir að tæknin sé í lagi. Hún sætir engum sérstökum tíðindum. Ekkert frekar en tæknibrellur í Hollywood-stórmynd. Aðalatriðið er að myndin sé skemmtileg. Sömu sögu er að segja um tónlistina.

Fyrir utan fiðlukonsertinn eftir Tsjajkovskí voru tvö önnur verk á efnisskránni. Hið fyrra var



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT TORONTO „Maður hálfpartinn dansaði út úr Hörpunni á eftir,“ segir gagnrýnandinn.

Óríon eftir kanadíska tónskáldið Claude Vivier (1948-1983). Vivier var samkynhneigður og var myrtur af karlkyns hóru í París. Þar með varð tónlistarheimurinn af einstökum hæfileikum, því tónlistin sem hljómaði á tónleikunum var afar seiddandi. Verkið byggðist á laglínu sem innihélt sjö hendingar. Stefið vísaði þannig til stjarnanna sjö sem mynda stjórnmerkið Óríon. Tónlistin var full af heillandi blæbrigðum og óvanalegum hljóðfærasamsetningum. Hljómsveitin spilaði hana af afburðum. Fínlegustu litbrigði voru nostursamlega mótuð og háværir kaflar voru í senn þéttir og óheftir. Þvílíkar andstæður!

Sömu sögu er að segja um lokatriði efnisskrárinnar, Sinfóníska dansa eftir Rakmaninoff. Þetta

var myrk tónlist sem byggðist á gríðarlega öflugum andstæðum. Hljómsveitin spilaði hana af hamsleysi þegar við átti, en dásamlegri mýkt inn á milli. Samhljómurinn í sveitinni var breiður og safaríkur, sérstaklega aðdánarverður var þykkur strengjahljómurinn sem var algerlega frábær. Hljómsveitin var líka svo samtaka, hún spilaði eins og einn maður. Endirinn á verkinu var magnaður, spennuþrunginn og kröftugur.

Sem aukalag lék hljómsveitin marsinn úr Pathetique-sinfóníu Tsjajkovskís. Það var rúsínan í pylsuendanum – ærandi fjör! Maður hálfpartinn dansaði út úr Hörpunni á eftir.

Jónas Egn

NIÐURSTAÐA: Með flottustu klassísku tónleikum ársins.

TOPPBÍLAR

Okkur vantar allar gerðir bíla á söluskrá
Skráðu bílinn á www.toppbilar.is

2.990.000 kr.



SUZUKI Sx4 glx. Árgerð 2013.
Ekinn 35.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 2.990.000.-
Rnr.380810.

3.990.000 kr.



HONDA Accord. Árgerð 2013.
Ekinn 23.000 km bensín, 6 gírar.
Verð 3.990.000.-
Rnr.372091.

2.990.000 kr.



LEXUS Is250 sport. Árgerð 2007.
Ekinn 89.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.490.000.- TILBOÐ 2.990.000.-
Rnr.334011.

2.890.000 kr.



TOYOTA LC 120 gx. Árgerð 2005.
Ekinn 240.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.190.000.- TILBOÐ 2.890.000.-
Rnr.372036.

7.690.000 kr.



M.BENZ G 320 cdi. Árgerð 2007.
Ekinn 105.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 8.490.000.- TILBOÐ 7.690.000.-
Rnr.371972.

3.390.000 kr.



TOYOTA LC 120 gx 33". Árgerð 2006.
Ekinn 193.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.790.000.- TILBOÐ 3.390.000.-
Rnr.371644.

4.590.000 kr.



HONDA Cr-v lifestyle. Árgerð 2012.
Ekinn 30 þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000.-
Rnr.336801.

3.890.000 kr.



SUZUKI Kizashi 4wd. Árgerð 2013.
Ekinn 22.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.190.000.- TILBOÐ 3.890.000.-
Rnr.371892.

1.790.000 kr.



HONDA Jazz comfort. Árgerð 2010.
Ekinn 66.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.790.000.-
Rnr.372090.

2.390.000 kr.



SUZUKI Grand vitara v6. Árgerð 2008.
Ekinn 64.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.690.000.- TILBOÐ 2.390.000.-
Rnr.380795.

3.690.000 kr.



TOYOTA LC 120 vx. Árgerð 2007.
Ekinn 175.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.350.000.- TILBOÐ 3.690.000.-
Rnr.336308.

3.790.000 kr.



M.BENZ E200 ngt metan. Árgerð 2009.
Ekinn 55.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000.- TILBOÐ 3.790.000.-
Metanbreyttur frá verksmiðju.
Rnr. 336116.

3.890.000 kr.



TOYOTA LC 120 vx. Árgerð 2007.
Ekinn 194.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.790.000.- TILBOÐ 3.890.000.-
Rnr.371281.

3.990.000 kr.



M. BENZ E280 4matic Árgerð 2007.
Ekinn 105.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000.- TILBOÐ 3.990.000.-
Hlaðinn aukabúnaði Rnr.336811.

2.190.000 kr.



TOYOTA Avensis WG Active. Árg. 2008.
Ekinn 98.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.190.000.-
Rnr.380811.

2.990.000 kr.



SUZUKI Sx4 glx. Árgerð 2013.
Ekinn 37.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 2.990.000.-
Rnr.372117.

1.190.000 kr.



AUDI A4 quattro avant. Árgerð 2003.
Ekinn 170.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000.- TILBOÐ 1.190.000.-
Rnr.371925.

3.250.000 kr.



TOYOTA Avensis. Árgerð 2012.
Ekinn 24.000 km. bensín, 6 gírar.
Verð 3.250.000.-
Rnr.371896.

4.690.000 kr.



NISSAN Qashqai+2 se. Árgerð 2014.
Ekinn 33.000 km. dísel, 6 gírar.
Verð 4.690.000.-
Rnr.380745.

1.890.000 kr.



VW Golf GTI Árgerð 2007.
Ekinn 123.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.250.000.- TILBOÐ 1.890.000.-
Rnr.380792.



Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051

ergo

Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16

TOPPBÍLAR

Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

Allt bara hugmyndir

Danshöfundurinn Margrét Bjarnadóttir opnar fyrstu einkasýningu sína í Kling og Bang í dag en á sýningunni má sjá aðra hlið á listamanninum í verkunum.

„Þetta eru verk sem ég hef verið að vinna að síðustu ár og eiga ekki beint heima á sviði þar sem ég er vanari að vinna,“ segir danshöfundurinn Margrét Bjarnadóttir en hún opnar sýningu sína LIFE-EFI í Kling og Bang klukkan 17.00 í dag á vegum Reykjavík Dance Festival.

„Þetta er svona önnur hlið á því sem ég hef verið að gera,“ segir Margrét. „Þetta eru ljósmyndir, teikningar og vídeóverk en þetta eru allt bara hugmyndir og því ekkert frábrugðið því sem ég geri vanalega en samt í öðru formi,“ lýsir listamaðurinn en sýningin er fyrsta einkasýning Margrétar í safni.

„Ég held að það séu tengingar á milli verkanna á sýningunni en þau eru samt sjálfstæð,“ segir Margrét. „Ljósmyndirnar eru eitt verk og myndbandsverkið annað en ég held að það megi finna tengingar á milli.“

Meðal verka Margrétar á sýningunni eru til dæmis svonefnd anagróm þar sem búið er að endurraða stöfum í nöfnum fólks og finna út nýja merkingu sem lýsir persónunni. Sem dæmi er hún með fjölmiðlamanninn „Egill Helgason“ og hefur endurraðað stöfunum sem „og lesa helling.“

„Þetta eru annaðhvort þjóðþekktir einstaklingar eða bara vinir mínir,“ segir Margrét en hún er með fjórtán slík anagróm. „Ég þarf að þekkja persónuna eða vita nógu mikið um hana af því þetta eru ekki bara einhver orð. Þau þurfa að kallast á við persónuna á bak við nafnið.“

Annað verk sem Margrét sýnir í dag er myndbandsverk þar sem hún fékk til sín fimm einstaklinga, sem misst hafa einhvern nákominn, til þess að reyna að muna og kalla fram hreyfingar eða háttalag viðkomandi manneskju.

„Þetta er fimm rása myndbandsverk þar sem hver einstaklingur er á sínu sjónvarpi og allt sýnt samtímis,“ lýsir Margrét.

Eins og áður hefur komið fram verður sýningin opnuð í Kling og Bang í dag klukkan fimm en hún mun standa í mánuð.

„Ég held að það séu tengingar á milli verkanna“



LEIKUR SÉR AÐ LISTINNI Margrét Bjarnadóttir segir að verkin á sýningunni séu sjálfstæð en sjá megi tengingar á milli þeirra.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 28. ÁGÚST 2014

Tónleikar

17.00 Perlu íslenskra sönglaga í Hörpu. Fluttar verða perlu íslenskra sönglaga, þjóðlaga, sálma og ættjarðarsöngva. Miðaverð er 3.900 krónur.

21.00 Heiladans 37 á Bravó. Þeir listamenn sem koma fram eru YAGYA, BUSPIN JEIBER og ORACLE.

21.00 Elín Ey kemur fram á tónleikaröðinni á Hlemm Square. Elín Ey er íslenskur söngvari, lagahöfundur og gítarleikari. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Cell7 og Kött Grá Þjé koma fram á Græna hattinum. Cell7 kemur nær alltaf fram ásamt söngkonunni Sunnu, Earmax og Dj Big Gee. En á tónleikunum mun hún einnig hafa hljómsveit til liðsinnis.

22.00 Gummi Jóns og hljómsveitin Vestanáttin halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Fræðsla

20.00 Erlendur Sveinsson leiðir menningargöngu þar sem skoðuð verður merkileg saga kvikmyndahúsa og kvikmyndasýninga í Hafnarfirði, sem nær aftur til upphafsára kvikmyndasýninga á Íslandi. Gangan hefst við Hafnarborg.

Sýningar

10.00 Expo skálinn í Hörpu. 360 gráðu upplifun af íslenskrum náttúru í Hörpu. Miðaverð er 1.500 krónur.

12.00 Enskuleiðsögn um sýninguna í ljóskiptum í Listasafni Íslands, Laufásvegi 12. Sýningin tekur mið af þeim magnaða hluta sólarhringsins, sem hvorki er dagur né nótt heldur bil milli beggja.

16.00 Sænska listakonan Suzanna Asp opnar verkið sitt Secret Garden Verönd í bakgarðinum á Hóli gestavinnustofu að Vesturvegi 15 á Seyðisfirði.

17.00 Málverkasýning Kristins Alexanderssonar verður opnuð í Boganum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Kristinn sýnir bæjarlífsmyndir sem eru minningar uppvaxtaráranna og íslenskt landslag.

19.00 Danski sirkusinn Sirkus Baldoni heimsækir Ísland og kemur fram í Íþróttahöllinni á Húsavík. Miðaverð er 3.000 krónur.

Uppákomur

21.00 DJ-teymið Alex Baldwin bjóða til tónlistarveislu á skemmistaðnum Dolly. Gestir eru hvattir til þess að klæða sig eftir veðri.

Bæjarhátíðir

17.00 Bæjarhátíð Seltirninga hefst formlega í Bókasafni Seltjarnarness. Í Eiðisskeri verður opnuð sýningin Endurkast og Ojba Rasta verður með tónleika fyrir alla fjölskylduna sem hefjast kl. 18.00.

Leikrit

18.00 Sýningin Flækjur fer fram í anddyri Borgarleikhússins en miðaverð er 4.950 krónur.

19.00 How to become Icelandic in 60 minutes er leiksýning sem leikin er á ensku, saminn og flutt af Bjarna Hauki Þórsyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni í Kaldalóni í Hörpu.

21.00 Sjö börn gyðinga - Leikrit fyrir Gaza í Bæjarbíói, Hafnarfirði. Við byggingu verksins var skoðað áhrif ástandins á börn, ásamt því að vinna með tengsl milli leikja og raunveruleika. Sýningin er á vegum Leikfélagsins Óríon og er frítt inn.

21.00 Bláskjár eftir Tyrfring Tyrfringsson verður sýnt í Borgarleikhúsinu. Miðaverð er 4.750 krónur.

21.30 Saga Sigurðardóttir og samstarfsfélagar sköpuðu Predator verkið í þremur þáttum þar sem kórverk, eróbíkk, klúbba- og vélur varpa fram birtingarmynd þjáningar, náð hennar og feruð. Verkið er sýnt í Þjóðleikhúsinu og er miðaverð 2.500 krónur.

Málþing

17.00 Málþing í sal Lyfjafræðisafnsins við Neströð á Seltjarnarnesi. Yfirskrift málþingsins er Epli, ber og annað góðgæti. Ræktunartilraunir í Nesi á átjándu öld. Málþingid er öllum opið.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Íslenskur Dala Kastali - blár og hvítur

Mjúkir og bragðmildir mygluostar með ljúfu eftirbragði.
Tilvaldir einir og sér, tveir saman – eða með öðrum.
Gríptu með þér Kastala í næstu verslun.

NÝJAR UMBÚÐIR



FRUMKVÖÐULL Tom Kelley segir að fólk sé feimið við að koma með skapandi lausnir.

Það geta allir skapað

Rithöfundurinn og nýsköpunarhugsuðurinn Tom Kelley heldur ókeypis fyrirlestur í Háskólabíói í dag en hann gaf nýlega út bókina Sköpunarkjarkur á íslensku.

„Við erum oft feimin við að koma með skapandi lausnir í ýmsum verkefnum,“ segir Karl Guðmundsson en hann stendur fyrir fyrirlestri Toms Kelley í Háskólabíói klukkan tólf í dag. Kelley er einn eigenda hönnunarskrifstofunnar IDEO og höfundur metsölubókarinnar The Art of Innovation en hann gaf nýlega út bókina Sköpunarkjarkur sem þýdd var á íslensku.

„Það er almennt viðurkennt að nýsköpun og skapandi hugsun séu drifkrafturinn að baki árangri fyrirtækja og einna verðmætustu eiginleikar leiðtoga á okkar dögum,“ segir Karl. „Við þurfum ekki öll að vera listamenn en við getum verið skapandi lögfræðingar, læknar, framkvæmdastjórnar eða sölu-menn.“

Karl kynntist Kelley þegar hann bjó í San Francisco og starfaði hjá Ekso Bionics og segir það hafa verið tilviljun að þeir hafi kynnst á góðgerðarsamkomu. „Við vorum að kynna tækid okkar sem hjálpar mænusködduðum að ganga,“ segir Karl. „Honum leist svo vel á verk-

efnið að það endaði með því að við unnum verkefnið með IDEO og upp úr því hittumst við oft og hann talaði mikið um þessa bók sem ég var svo áhugasamur um.“

Í bókinni reynir höfundurinn að fá fólk til að verða meira skapandi einstaklingar og bókinn inniheldur nokkrar reynslusögur fólks sem fer eftir aðferðum Kelleys. „Þegar ég kláraði að lesa hana þá fannst mér hún bara þurfa að koma út á íslensku og hótadi að þýða hana sjálfur ef forlagið myndi ekki finna góðan þýðanda,“ segir Karl og hlær. „Það er gríðarlegur áhugi fyrir þessu á Íslandi. Þetta á við fleiri en bara nýsköpunarfyrirtæki, það geta allir komið með meira skapandi lausnir í þeim verkefnum sem þeir sinna dagsdaglega.“

Eins og áður hefur komið fram fer fyrirlesturinn fram í Háskólabíói klukkan 12.00 og er hann haldinn í samstarfi við Hönnunarmiðstöðina, Símann og Háskóla Íslands en aðgangur er ókeypis.

baldvin@365.is

bodum®



ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

AFMÆLISBARN DAGSINS



45 ára Jack Black leikari
Helstu myndir: Kung Fu Panda, King Kong, School of Rock og Tenacious D in The Pick of Destiny

BÍÓFRÉTTIR

Leikstýrir á ný

Leikkonan Lake Bell ætlar að leikstýra kvikmyndinni The Emperor's Children sem byggð er á skáldsögu Claire Messud. Lake þreytti frumraun sýna í leikstjórnastólum með myndinni In a World sem vann Waldo Salt-handritshöfundaverðlaunin á Sundance-kvikmyndahátíðinni og keppti einnig um verðlaun dómnefndar. Myndin var einnig valin ein af tíu bestu óháðu myndunum af National Board of Review í fyrra.



Málið fellt niður


Dómari hefur fellt niður mál eiganda klámmyndarinnar Deep Throat gegn The Weinstein Co. en eigendur myndarinnar héldu því fram að myndin Lovelace frá 2013 bryti í bága við höfundarréttarlög. Lovelace fjallar um ævi klámstjórnum Lindu Lovelace, stjórnu Deep Throat. Töldu eigendur þeirrar síðarnefndu að þrjár senur úr Deep Throat hefðu verið endurgerðar í Lovelace en dómari taldi það réttmætt.




FRUMSÝNINGAR



The Giver spenna
Aðalhlutverk: Jeff Bridges, Meryl Streep, Brenton Thwaites, Alexander Skarsgård og Katie Holmes.



Fading Gigolo gaman
Aðalhlutverk: John Turturro, Woody Allen, Sharon Stone, Vanessa Paradis, Sofia Vergara og Liev Schreiber.



Hunsuð á Emmy

Emmy-verðlaunin voru afhent í 66. sinn í Nokia Theatre í Los Angeles aðfaranótt þriðjudags. Fjölmargir frábærir leikarar voru hunsaðir af akademíunni í ár, til að mynda Mad Men-stjarnan Jon Hamm sem hefur verið tilnefndur til Emmy-verðlauna alls þrettán sinnum en aldrei unnið. Í ár tapaði hann fyrir Bryan Cranston úr Breaking Bad.

Leikkonan Kerry Washington var tilnefnd í annað sinn í ár fyrir leik sinn í dramabáttunum Scandal en laut í lægra haldi fyrir Julianna Margulies úr The Good Wife. Önnur stórkvika sem var líkleg í þeim flokki var Robin Wright fyrir leik í House of Cards.

Margir bjuggust við því að Orange is the New Black-serían yrði sigursæl og var leikkonan Kate Mulgrew líkleg til að hreppa verðlaun fyrir aukaleik í gamanseríu. Hún tapaði fyrir Allison Janney og þættirnir sjálfir náðu ekki að næla sér í verðlaun sem besti gamanþáttur. Þá stytta hlaut Modern Family.



Aðdáendur skjaldbakanna létu framleiðandann heyra það

Kvikmyndin Teenage Mutant Ninja Turtles verður frumsýnd á Íslandi á morgun. Aðsókn að myndinni fór fram úr björtustu vonum enda margir sem eiga ljúfar minningar tengdar skjaldbökuþráðunum skrautlegu.


Kvikmyndin Teenage Mutant Ninja Turtles er fyrsta myndin um skjaldbökuþráðunna fjóra í þrívídd. Hún gerist einhvern tíma í framtíðinni þegar ótti og myrkur hvílir yfir New York. Geimveran Shredder ber ábyrgð á því og ætlar að verða einvaldur á jörðinni en reiknar ekki með að ninjabræðurnir láti til skarar skrifa, undir leiðsögn læri-meistara síns, rottunnar Splinters.

Nánast sérhvert mansbarn kannast við skjaldbökuþráðunna fjóra sem vöktu athygli heimsins seint á níunda áratug síðustu aldar og upplifðu sitt blómskeið snemma á þeim tíunda. Skjaldbökuþráðurnir sáust fyrst árið 1984 og því kemur kvikmyndin Teenage Mutant Ninja Turtles út á þrjátíu ára afmæli þeirra.

Í aðdraganda myndarinnar létu aðdáendur í sér heyra þegar framleiðandinn Michael Bay vildi að skjaldbökuþráðunna væru af geimverukyni. Þá vildi hann einnig hafa titil myndarinnar Ninja Turtles og sleppa Teenage Mutant. Aðdáendur bræðrana urðu æfir og tók Michael þetta til baka.

Myndin hefur gert það gott í miðasölu vestan hafs og toppaði lista yfir mest sóttu myndirnar um frumsýningarhelgina með 65,5 milljónir dollara, rúma 7,6 milljarða króna. Fór þetta fram út björtustu vonum því spekulantar höfðu spáð miðasölu tekjum upp á 40 til 45 milljónir dollara. Myndin hélt toppsætinu aðra vikuna sem hún var í sýningu en í þeirri þriðju laut hún í lægra haldi fyrir Guardians of the Galaxy.

Í aðalhlutverkum eru Megan Fox, Will Arnett, William Fichtner, Alan Ritchson, Johnny Knoxville, Whoopi Goldberg og Tony Shalhoub.



→ Skjaldbökuþráðunarnar í hnotskurn

Leonardo (Leo) – Útsjónarsamur og hugrakkur leiðtogi sem er með bláa grímu og tvö löng, beitt sverð. Hann ber mesta ábyrgð þeirra bræðra sem leiðir oft til rimmu á milli hans og Raphaels. Leonardo er skjaldbakan sem finnur lausnirnar og hugsar vel um bræður sína þrjá. Leonardo heitir í höfuðið á uppfiningamanninum, listamanninum og myndhöggvaranum Leonardo da Vinci.

Michelangelo (Mike eða Mikey) – Afslappaður og frjálsglegur grínari sem er með appelsínugula grímu og nunchakus-vopn. Hann er barnalegastur af skjaldbökuþráðunum og er mjög ævintýragjarn. Hann elskar líka pitsu. Honum má lýsa sem brimbrettatýpu. Hann heitir í höfuðið á ítalska listmálaranum, arkitektinum og myndhöggvaranum Michelangelo en nafn hans var upprunalega vitlaust skrifað.

Raphael (Raph) – Raphael er slæmi strákurinn í hópnum og er með rauða grímu og gengur um með svokölluðum saisverð. Hann er mjög sterkur og árásargjarn og hikar ekki við að veita fyrsta höggið. Hann er kaldhæðinn og oft meinfyndinn. Hann er afar hliðhollur bræðrum sínum og læri-meistara. Hann heitir í höfuðið á ítalska listamanninum og myndhöggvaranum Raphael.

Donatello (Don eða Donnie) – Donatello er vísindamaður, uppfinningamaður, verkfræðingur og tæknisnillingur. Hann er með fjólubláa grímu og gengur með vopn sem kallast „bo staff“. Hann er ekki hrifinn af ofbeldi og vill frekar nota gáfur sínar til að leysa vandamál. Hann hikar þó aldrei við að verja bræður sína. Hann heitir í höfuðið á ítalska listamanninum og myndhöggvaranum Donatello.

liljakatrin@frettabladid.is

TUCSON OG AUGUSTA HEILSU- OG HÆGINDASTÓLAR

TUCSON hægingastóll.
Ekta-leður á slitflötum.

TILBOD
TUCSON HÆGINDASTÓLL
84.900
Fullt verð kr. 99.900

4 LITIR AF BÁÐUM GERÐUM

100% Real LEATHER
Top Quality

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
KOMDU STRAX

DORMA
- býður góða nótt

AUGUSTA hægingastóll.
Ekta-leður á slitflötum.

TILBOD
AUGUSTA HÆGINDASTÓLL
75.900
Fullt verð kr. 99.900



Kláraðu sumarið með stæl!

Nýttu þér frábær kjör á skoðunum og komdu með bílinn þinn til okkar fyrir mánaðarmót.



Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

HAGSTÆTT VERÐ HJÁ FRUMHERJA	
Verð á aðalskoðun bíls undir 3.500 kg*	
FYRIRTÆKI	
Frumherji	9.700 kr.
Frumherji með afslætti.....	8.320 kr.*
Aðalskoðun.....	10.420 kr.
Tékkland	8.995 kr.
* Verðskrár fyrirtækjanna með opinberum gjöldum þ. 5.8.2014	

ÞJÓNUSTUVER
TÍMAPANTANIR OG UPPLÝSINGAR
570 9090

Frumherji
- örugg bifreiðaskoðun um allt land

Trend á Twitter Fréttamaður slær í gegn í fyrstu beinu útsendingunni.



Gunnar Atli Gunnarsson, fréttamaður Stöðvar 2, tók viðtal við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra í beinni útsendingu í fréttum Stöðvar 2 á þriðjudagskvöldið vegna lekamálsins svokallaða. Var þetta í fyrsta sinn sem Gunnar Atli tekur viðtal í beinni útsendingu en auk þess hefur hann ekki starfað lengi á skjánum. Samfélagsmiðlar loguðu á meðan á viðtalinu stóð og var það mál manna að Gunnar Atli hafi staðið sig vel í að þjarma að ráðherranum sem skiptar skoðanir eru um þessa dagana.

Halldór Halldórsson
@DNADORI
#mancrush á þennan mannýga titt.

Hafsteinn Árnason
@h_arnason
Obobb. Hanna Birna er að pirrast. Fréttamaðurinn gengur hart. #struggle


Jón Kr. Einarsson
@jonkaerr
Naggurinn á stöð 2 var eiginlega betri en Helgi Seljan.

Salka Margrét
@SalkaMargret
Vá hvað Gunnar er að rembast við að vera beittur. Tekst sæmilega. #fréttir #ísland-ídag



Fyndnir ferfætlingar

Meira að segja hundar eru komnir með Instagram-síður en hér eru sex hundar sem geta hæglega komið hverjum sem er í þrusugott skap.



Vígtenntar kanínur og myndlistarpólitík

Götulistamaðurinn Pure Evil merkti sér svæði víðs vegar um borgina en hann er virtur listamaður innan götulistarheimsins. Verk hans eru metin á allt að sjö hundruð þúsund íslenskar krónur.

Charles Uzzell-Edwards er 44 ára götulistamaður og galleríeigandi sem er betur þekktur undir listamannsnafninu Pure Evil. Hann opnaði sýninguna Pure Evil-martróð í Galleríu Fold á Menningarnótt en sýningin stendur enn yfir. Martróðarséría hans er byggð í kringum andlit frægra einstaklinga, helst listamanna s.s. Audrey Hepburn, Andy Warhol og Jean-Michels Basquiat.

Auk sýningarinnar gerði Pure Evil meira en 30 verk sem hann skildi eftir víðs vegar um borgina. Hægt var að finna verk eftir hann á spýtum, vínplötu, bílhurð og fleira. Menn gátu þá skilað verkunum upp í galleríð og fengið þau árituð áður en hann fór af landi en að sögn gallerísins var fjölmörgum verkum skilað. Þá gerði Pure Evil nokkur veggverk, m.a. á Rauðarárstíg og Grettisgötu. Á Rauðarárstígnum er verk fyrir framan Innrammarann. „Þetta er bara snilld, þetta fær góða athygli,“ segir Georg Þór Ágústsson hjá Innrammaranum, spurður um hvað honum finnst um að hafa verk eftir frægan götulistamann fyrir framan búðina. Hægt er að sjá mörg þessara verka á Instagram-síðu listamannsins, Pureevilgallery.

Gegnumgangandi mótíf í götulyndum Pure Evil eru vígtenntar kanínur. Í viðtali við The Telegraph frá því í fyrra segir listamaðurinn að það megi rekja til þess að þegar hann var lítill drengur drap hann kanínu með haglabyssu þegar hann dvaldi eitt sinn hjá fjölskyldu sinni í bresku sveitinni. „Hugmyndin er að kanínan sé komin aftur til að hrella mig,“ segir hann.



FLOTTUR Charles Uzzell-Edwards merkti Reykjavík með verðmætri list á meðan á dvöl hans stóð. NORDICPHOTOS/GETTY



Hið samnefnda gallerí Pure Evil í austurhluta Lundúna er áhrifamikilið gallerí í nútímagötulist. Galleríið sýnir verk eftir unga og upprannandi listamenn frá Bretlandi og víðar. Galleríið hefur einnig haldið utan um sýningar erlendis.

Á sölusíðu listaverkasalans Charles Saatchi má finna fjölmörg verk til sölu eftir Pure Evil en þar eru verkin á verðbilinu 250-3.500 pund eða um sjö hundruð þúsund íslenskar krónur. Þar má einnig lesa stefnuyfirlýsingu gallerísins sem er háþólitísk. „Við erum andsnúin því að líta á listamenn sem neysluvörur“, „Prinsipp koma á undan gróða“, og „Engir sýningarstjórar leyfir – þeir verða skotnir á staðnum“, segir



meðal annars. Þá segir galleríið að það borgi listamönnum sínum 75% af sölugróðanum „af því að við getum það“. -þj

OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN
30. ÁGÚST
MILLI 13 OG 16

MÍÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

21.8.2014 → 27.8.2014



LAGALISTINN

- | | | |
|----|------------------|----------------------------|
| 1 | ▶ George Ezra | <i>Budapest</i> |
| 2 | ▶ Prins Póló | <i>París norðursins</i> |
| 3 | ▲ Sia | <i>Chandelier</i> |
| 4 | ▼ Magic! | <i>Rude</i> |
| 5 | ▶ Valdimar | <i>Læt það duga</i> |
| 6 | ▼ Sam Smith | <i>Stay With Me</i> |
| 7 | ▲ Milky Chance | <i>Stolen Dance</i> |
| 8 | ▶ Coldplay | <i>A Sky Full Of Stars</i> |
| 9 | ▼ Júníus Meyvant | <i>Color Decay</i> |
| 10 | ▼ Nico & Vinz | <i>Am I Wrong</i> |



TÓNLISTINN

- | | | |
|----|------------------|---|
| 1 | ▶ Low Roar | 0 |
| 2 | ▲ Ýmsir | <i>This Is Icelandic Indie Music</i> |
| 3 | ▲ Ýmsir | <i>This Is Icelandic Indie Music Vol. 2</i> |
| 4 | ▲ Kaleo | <i>Kaleo</i> |
| 5 | ▲ Samaris | <i>Silkidrangar</i> |
| 6 | ▲ Mammút | <i>Komdu til mín svarta systir</i> |
| 7 | ▼ Ýmsir | <i>Icelandic folksongs</i> |
| 8 | ▲ GusGus | <i>Mexico</i> |
| 9 | ▼ Ásgeir Trausti | <i>Dýrð í dauðabögn</i> |
| 10 | ▼ Ýmsir | <i>Fyrir landann</i> |

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þáttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100.5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verðslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

ÚTSAALA

BÍLTÆKI ÚTVÖRÐ
MAGNARAR MP3 SPILARAR
FERÐATÆKI PRÁÐLAUSIR SÍMAR
BÍLMAGNARAR SJÓNVÖRÐ MYNDAVÉLAR
HÁTALARAR DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
LOKADAGAR – ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA

UPPVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

SUÐURLANDBRAUT 26	REYKJAVÍK	S: 569 1500
HAFNARGÖTU 90	REYKJANESBÆ	S: 414 1740
AUSTURVEGI 34	SELFOSSI	S: 414 1745
ÞJÓÐBRAUT 1	AKRANESI	S: 431-3333
GLERÁRGÖTU 30	AKUREYRI	S: 460 3380
GARÐARSBRAUT 18A	HÚSAVÍK	S: 464 1600
KAUPVANGI 6	EGILSSTÖÐUM	S: 414 1735

**TAKMARKAÐ
MAGN**

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

OPIÐ!

ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDBRAUT

LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17

 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO  Lenco NAD KENWOOD PHILIPS  LG Panasonic DENON UNITED BEKO  scan domestic
wilfa Melissa  Friete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA  Whirlpool  DeLonghi DAEVOO

↓ HÖLL MINNINGANNA FRÁ HÖNNU BIRNU TIL HÖNNU BIRNU

Hanna Birna Kristjánsdóttir var ein af fjórum táningum í umfjöllun um fermingar í Vikunni árið 1980.



Í sama blaði var mynd af Katrínu Júlíusdóttir í kúrekaklæðnaði á Kisudeild leikskólans Álftaborgar.



Katrín fermdist í Kópavogskirkju árið 1988, þann 24 apríl klukkan 14.00.

Sama dag klukkan 10.30 fermdist tónleikahaldarinn Ísleifur B. Þórhallsson í sömu kirkju.

Ísleifur var í ritnefnd Verzlunarskóla-blaðsins árið 1994.



Ísleifur hélt tónleika með Justin Timberlake á sunnudagskvöld. Meðal gesta var Bjarni Benediktsson en Bjarni sítur með Hönnu Birnu í ríkisstjórn.

Girnilegt og gómsætt í haustinu

Nú er sá tími árs sem náttúran býður upp á fínasta hráefni sem um er að gera að nýta í matargerð. Hér má sjá girnilega eftirrétti úr uppskeru haustsins.

Bláberjabína með kanilkexi

„Einn fljótlegasti og ferskasti eftirréttur sem sögur fara af. Þið hafið enga afsökun fyrir því að hafa ekki haft tíma til þess að bjóða upp á eftirrétt í matarboðinu eða með laugardagsmatnum. Börnin mín elska skyr og á okkar heimili er skyr oftast kallað skyrís, það hljómar bara einhvern veginn meira spennandi. Þessi eftirréttur er í miklu uppáhaldi hjá börnunum mínum,“ segir Thelma Þorbergsdóttir en þessi uppskrift er úr bók hennar, Freistingar Thelmu, en hún heldur líka úti blogginu Freistingarthelmu.blogspot.com.

Fyrir 6-8 manns
6 Lu-kanilkex
500 g bláberjaskyr (skyr.is)
½ lítri rjómi
Fersk bláber

Setjið Lu-kanilkex í matvinnsluvél og vinnið þar til kexið er orðið fínhakkað. Setjið 1-2 msk. af kexinu í hvert glas. Peytið 250 ml af rjóma og blandið saman við bláberjaskyr, hrærið með sleif þar til allt hefur blandast vel saman. Setjið skyrblönduna í sprautupoka og sprautið skyrinu jafnt í 6-8 glös og raðið bláberjum yfir og meðfram köntum glassins. Peytið aðra 250 ml af rjóma, setjið í sprautupoka og sprautið fallega ofan á bláberin. Skreytið með kanilkexi. Geymið í kæli þar til þið berið réttinn fram



Rabarbara- og perubaka með stökkum hafrahjúpi

„Mér finnst voðalega gott að setja eitthvað sætt með í rabarbarabökurnar, það gefur svo gott jafnvægi við súran rabarbarann. Stundum set ég hindber með en að þessu sinni notaði ég perur, það kom ofsalega vel út. Ef þið eruð hrifin af hvítu súkkulaði þá er sannarlega ekki verra að strá yfir rabarbarabökuna dálitlu af hvítum súkkulaðidropum. Hafrahjúpurinn ofan á bökunni er meðal annars með púðursykri og sírópi sem gefur henni stökka áferð og karamellukennt bragð,“ segir Dröfn Vilhjálmssdóttir sem bloggar undir heitinu Eldhússögur, eða eldhussogur.com.

500 g rabarbari, skorinn í bita
2 stórar perur, afhýddar og skornar í bita
1 msk. kartöflumjöl
1 dl sykur + 1 msk.
1 dl púðursykur
2 dl haframjöl
2 dl hveiti
½ tsk. lyftiduft
½ tsk. vanillusykur
½ dl ljóst síróp
125 g smjör
½ dl rjómi

Ofninn er stilltur á 150 gráða undir- og yfirhita. Rabarbaranum og perunum er dreift í smurt form og 1 msk. af sykri og kartöflumjöli er stráð yfir. Smjórið er brætt í potti ásamt rjómanum. Purrefnunum er blandað saman í skál ásamt sírópinu og brædda smjörinu og rjómanum er svo hrært út í. Blöndunni er því næst dreift jafnt yfir rabarbarann og perurnar. Bakað í ofni við 150 gráður í ca. 40–50 mínútur. Bakan er borin fram heit með þeyttum rjóma eða ís.

Breyta svítum í svínastíur

Frægasta fólk heims er vant því að lifa í lúxus hvar sem það er en iðulega endar hóteldvölin illa.

CHARLIE SHEEN



Tjón upp á tæpa milljón

Ærslabelgurinn Charlie Sheen rústaði svítu á Plaza-hótelinu í New York árið 2010. Var tjónið metið á sjö þúsund dollara, rúmlega 820 þúsund krónur. Talið er að Charlie hafi gengið berserks-gang í herberginu á nærfötunum á meðan kærastan hans öskraði í lokuðum skáp. Að sögn blaðafulltrúa leikarans á þessum tíma var orsökina slæmar aukaverkanir lyfja sem leikarinn tók.

FLORENCE WELCH



Kveikti næstum í hótelinu

Rauðhærða söngkonan Florence Welch olli miklum usla á herbergi á Bowery-hótelinu í New York fyrir tveimur árum. Hún játaði syndir sínar í viðtali við tímaritið Q og sagði að hún hefði vaknað eftir fylleri með Kanye West og Lykke Li í herbergi sem var nánast orðið brunarústir einar. „Ég held að ég hafi fengið mér um sautján Dirty Martini-drykki. Ég týndi símanum mínum og kjóllinn minn rifnaði. Ég kveikti næstum því í Bowery-hótelinu því ég hafði skilið eftir kveikt á kanilsprikerti.“

COURTNEY LOVE



Óhreinir nálar út um allt

Tónlistarkonan Courtney Love er þekkt fyrir mikið partístand og fór afar illa með herbergi sitt á The Inn í New York. Courtney skildi eftir notaðar hreinlætis-vörur út um allt herbergið sem og óhreinir nálar. Þá olli hún líka talsverðu vatnstjóni á staðnum. Talið er að tjónið í heild sinni hafi verið upp á fimm þúsund dollara, tæplega sex hundruð þúsund krónur.

LINDSAY LOHAN



Skipt um öll teppi

Sagan segir að partíþían Lindsay Lohan sé á svarta listanum á níu hótelum. Hún olli tjóni upp á fimmtíu þúsund dollara, tæplega sex milljónir króna, á W New York Union Square en skipta þurfti um öll teppi í herberginu vegna brunabletta. Þá olli Lindsay tjóni upp á tæplega 47 þúsund dollara á Sunset Boulevard-hótelinu.

NORRÆN RÁÐSTEFNA UM MND

OG LÍF MEÐ FÖTLUNUM

HALDIN Á GRAND HÓTELI DAGANA 29. OG 30. ÁGÚST
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á
VEF MND FÉLAGSINS Á ÍSLANDI, MND.IS

ALLIR VELKOMNIR!



